# FRÉTTABLAÐIÐ

62. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 14. MARS 2019




Sigríður Á. Andersen tilkynnti um brotthvarf sitt úr stóli dómsmálaráðherra á blaðamannafundi í gær í kjölfar dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Margir vilja í stól dómsmálaráðherra

**Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sitja margir við símann í dag. Fjórir koma til greina í embætti dómsmálaráðherra. Ríkisstjórnin hittist klukkan níu í dag. Ríkisráð fundar síðdegis.**

**STJÓRNMÁL** Þeir sem líklegastir þykja innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins til að vera í aðalhlutverkum í fyrirhuguðum breytingum í ríkisstjórn eftir tilkynningu Sigríðar Á. Andersen um afsögn í gær eru Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, Haraldur Benediktsson, oddviti Norðvesturkjördæmis, og Bjarni Benediktsson, formaður flokksins.

Af þessum þykir Þórdís líklegust til að taka að sér dómsmálin og mun Bjarni þá setja annan ráðherra í hennar stað í iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og kemur Haraldur Benediktsson sterklega til greina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur sú hugmynd hins vegar einnig verið rædd að Þórdís víki ekki úr því ráðherraembætti sem hún gegnir heldur muni aðrir sitjandi ráðherrar létta undir með henni og taka jafnvel að sér einhverja þeirra málaflokka sem hún fer með en um nokkra umfangsmikla málaflokka er að ræða, til að mynda orkumálin þar sem þriðji orkupakkinn er einna fyrirferðarmestur.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir hefur líka verið sterklega orðuð við dómsmálin, en þrátt fyrir ungan aldur þykir hún hafa staðið sig vel, bæði í formennsku þingnefnda og í forystuhlutverki sínu í flokknum.

Þá gæti Bjarni einnig ákveðið að taka dómsmálin sjálfur tímabundið á meðan mál eru að skýrast varðandi nýfallinn dóm Mannréttindadómstólsins. Hann er hins vegar sjálfur með þung mál á sinni könnu; ekki síst meðan kjaraviðræður eru ekki til lykta leiddar.

Ljóst er að nýr dómsmálaráðherra sest í ríkisstjórn í dag en ríkisráðsfundur hefur verið boðaður klukkan fjögur síðdegis þar sem Sigríði Á. Andersen verður veitt lausn frá embætti. Hún mun sitja sinn síðasta ríkisstjórnarfund í bili sem hefst klukkan níu í dag.

– aá / sjá síðu 6

## Er skólakerfið úrelt?



**TILVERAN** Eftir sláandi niðurstöður PISA-könnunarinnar í lestri árið 2016 hefur umræðan um drengina okkar skotið upp kollinum af og til. Lítið virðist þó gerast í skólakerfinu til að mæta þörf ungra drengja, og allra barna, að mati sérfræðinga. Kjark og þor þurfi til þess að gera breytingar, prófa nýja hluti og aðrar aðferðir í námi hjá börnum. Taka þarf tillit til þess að kynin eru mismunandi og þarfir barna einnig. Þó að flestum börnum líði vel í skóla þarf að hugsa um heildina. Það á að vera hægt að ná utan um hvern og einn einstakling.

**» Mætum drengjum á annan hátt en hefðbundið skólakerfi býður upp á.**

Þá er staðreyndin sú að umræðan um stöðu drengja og karlmanna almennt hefur verið á undanhaldi. Hlúa þarf betur að drengjum, gera námsefni meira spennandi og laga skólakerfið að öllum börnum en ekki öfugt.










Víða austan 8-13 og él, einkum A-lands, en slydda með köflum á SV- og V-landi. SJÁ SÍÐU 26



**Iðnnemi keppir í rafvirkjun á Íslandsmótinu 2017.** MYND/VERKIÐN

# Hundruð keppa í iðngreinum

**VIÐBURÐUR** Hátt í 200 ungmenni munu keppa á hátíðinni Mín framtíð – Íslandsmóti iðn- og verkgreina í Laugardalshöll. Um er að ræða hátíð sem byrjar í dag og stendur fram á laugardag.

Sigurvegarar í keppninni eiga margir hverjir kost á að keppa síðar við þá bestu í sinni grein á Evrópumóti í Graz í Austurríki á næsta ári. Einnig verða tvær iðngreinar til viðbótar með sýningu á sínu fagi.

Samhliða Íslandsmótinu er hátíðin kynning fyrir grunnskólanema á námsframboði á framhaldsskólastigi. Alls verður tekið á móti rúmlega 7.200 grunnskólanemum af öllu landinu sem munu fylgjast með keppninni ásamt því að fá að prófa fjölbreytt verkefni undir handleiðslu fagfólks. Má þar nefna að helluleggja, setja saman smárásir, sá kryddjurtum, líma upp flísar, sjóða, prófa ýmis verkfæri og tól, flétta og blása hár, splæsa net og leysa ýmsar þrautir.

„Markmiðið með þessu er að kynna fyrir ungu fólki möguleikann á störfum og möguleika á námi áður en þau velja nám í framhaldsskóla," segir Þór Pálsson, framkvæmdastjóri Íslandsmóts iðn- og verkgreina. Fjölmörg tækifæri felist í iðn- og verk- og tækninámi og með markvissu námsvali sé hægt að draga úr brotthvarfi úr námi sem er stórt vandamál hér á landi. „Við erum því að segja við krakkana, veljið nám, ekki velja skóla." – **ab**

## Heiðursmaður



*Íslensku tónlistarverðlaunin voru afhent í Hörpu í gær. Jóni Ásgeirssyni tónskáldi voru veitt heiðursverðlaun Samtóns, Samtaka tónlistarrétthafa, að þessu sinni. Söngkonan GDRN fékk flest verðlaun, samtals fern.* FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá verðlaunahátíðinni eru á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Már á opnum fundi í dag

**STJÓRNMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri mætir á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar kl. 14 í dag. Ráðgert er að fundurinn verði opinn. Á síðasta fundi fór umboðsmaður Alþingis hörðum orðum um framferði Seðlabankans í Samherjamálinu. Gagnrýndi hann meðal annars opinberar yfirlýsingar forsvarsmanna bankans um þá sem sættu eftirliti og upplýsingagjöf við fjölmiðla um húsleitina hjá Samherja árið 2012.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði að hún liti málið alvarlegum augum og hefur kallað eftir frekari skýringum. Þorsteinn Víglundsson, varaformaður Viðreisnar, sagði það algjöran áfellisdóm yfir stjórnsýslu bankans og það væri með ólíkindum að bankinn hefði haldið áfram með málið eftir að ríkissaksóknari benti bankanum á að ekki væri lagastoð fyrir þeim refsingum sem bankinn lagði á. – **ab**

# Á leið í annað húsnæði sem reyndist vafasamt

Börn í Fossvogsskóla fá ekki kennslu í Kópavogi frá og með mánudegi eins og tilkynnt var. Þar reyndust rakaskemmdir sem er einmitt það ástand sem verið er að flýja í Fossvogi. Tíðindin valda miklum vonbrigðum segir skólastjórinn.

**SKÓLAMÁL** „Þau eru ennþá húsnæðislaus, blessuð börnin," segir Erna Björk Häsler, foreldri tveggja barna í Fossvogsskóla.

Síðasti kennsludagurinn í bili var í Fossvogsskóla í gær. Skólastarfinu var hætt í kjölfar þess að skoðun verkfræðistofunnar Verkís leiddi í ljós umfangsmikla myglu í húsnæðinu. Reykjavíkurborg hefur sagst ætla að ráðast í endurbætur sem á að verða lokið áður en skólahald hefst haustið 2019.

Í fyrradag var foreldrum barna í Fossvogsskóla sendur póstur um að búið væri að leysa húsnæðisvanda skólans út vorönnina. „Það er okkur sérstök ánægja að geta greint frá því að niðurstaða sé komin í húsnæðismál Fossvogsskóla út þetta skólaár," sagði í tölvupósti sem Aðalbjörg Ingadóttir skólastjóri og Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar, sendu foreldrum.

„Reykjavíkurborg mun leigja húsnæði að Fannborg 2 í Kópavogi. Þar er hentugt húsnæði sem Kópavogur nýtti sér þegar leggja þurfti niður skólahald í Kársnesskóla. Hægt er að koma fyrir kennslu allra árganga Fossvogsskóla í húsnæðinu og er það ómetanlegt fyrir börnin og starfshópinn," sagði í tölvupóstinum. En fljótt skipast veður í lofti.

Á fjölmennum fundi með foreldrum í gær tilkynntu skólastjórnendur og fulltrúar borgarinnar að ekkert yrði af því að skólastarf hæfist í Fannborg 2 á mánudag. Við skoðun á húsnæðinu komu í ljós lekaskemmdir og ekki þótti boðlegt að senda börnin úr myglunni í Fossvogsskóla í slíkt óvissuhúsnæði.

„Eru þessi tíðindi mikil vonbrigði. Eins og kom fram á fundinum verður haldið áfram að leita að heppilegu húsnæði fyrir skólastarfið og munum við senda foreldrum upplýsingar um framvindu málsins á morgun [í dag]," segir í pósti Aðalheiðar skólastjóra sem sendur var foreldrum á áttunda tímanum í gærkvöldi.

„Fólk er í sjokki yfir að það hafi þurft foreldra til að flagga þessu; að það sé ekki löngu búið að gera eitthvað í þessu, vitandi að það væri leki," segir Erna aðspurð um stemninguna meðal foreldra. Hún vísar þar til þess að þurft hafi mikla eftirgangsmuni foreldra til að fá ítarlega úttekt á rakaskemmdum í Fossvogsskólanum.

Kanna á ástandið í Fannborg og er niðurstöðu ekki að vænta fyrr en á mánudag. Erna hrósar skólayfirvöldum fyrir að hafa ekki farið þar inn að óathuguðu máli. „Það var aðallega nefnt húsnæði í Laugardal; meðal annars hjá KSÍ og Þróttarheimilið," segir hún um aðra möguleika sem nefndir voru á fundinum.

gar@frettabladid.is



**Fossvogsskóla var lokað í gær fram á haust.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



**Í Réttarholtsskóla var fundur í gær með foreldrum í Fossvogsskóla.**

> **Fólk er í sjokki yfir að það hafi þurft foreldra til að flagga þessu; að það sé ekki löngu búið að gera eitthvað í þessu, vitandi að það væri leki.**
>
> Erna Björk Häsler



# Elephant stóll
# *& kollur*



NORR11 kynnir: Elephant kollinn. Elephant kollurinn er hugsaður sem skemill við Elephant hægindastólinn eða bara sem kollur einn og sér. Af því tilefni bjóðum við **15% kynningarafslátt** þegar keyptur er Elephant hægindastóll og kollur. Tilboðið gildir út marsmánuð.

HVERFISGATA 18A

NORR11

101 REYKJAVÍK

# Bankastjórar taka á sig launalækkun eftir átölur fjármálaráðherra

**KJARAMÁL** Stjórn Íslandsbanka og bankaráð Landsbankans hafa tilkynnt að laun Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, og Lilju Bjarkar Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans, lækki frá 1. apríl.

Bankasýslan greindi Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra, frá þessu í gær. Bjarni tók stjórnir bankanna á beinið eftir að umfjöllun Fréttablaðsins um launahækkanir bankastjóra vakti hörð viðbrögð.

Stjórn Íslandsbanka segir samkomulag hafa náðst við Birnu um að lækka grunnlaun hennar, án hlunninda, úr 4,2 milljónum á mánuði í 3.650 þúsund. Hlunnindi nema 200 þúsundum á mánuði svo heildarlaunin lækka úr 4,4 milljónum í 3.850 þúsund. Eða um 12,5 prósent.

Í bréfi Friðriks Sophussonar, stjórnarformanns Íslandsbanka, segir að forsenda fyrir þessari breytingu sé að atvinnuöryggi bankastjórans verði tryggt næsta hálfa árið. Eða að „ráðningarsamningi verði ekki slitið af hálfu vinnuveitanda fyrir 1. september 2019, bregðist það skulu laun á uppsagnarfresti nema 4.200.000 kr. á mánuði“.



**Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.**



**Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.**

Bendir Friðrik á í bréfinu að með þessu séu allar hækkanir sem orðið hafi á launum bankastjórans síðan ríkið eignaðist hann dregnar til baka.

Bankaráð Landsbankans lætur hins vegar 17 prósenta launahækkun Lilju Bjarkar frá 1. apríl 2018 ganga til baka. Á móti fær hún vísitöluhækkun frá 1. júlí 2017 til 1. janúar 2019, eða um 7,8 prósent. Laun Lilju höfðu frá 1. júlí 2017 hækkað um 82 prósent.

Fram kemur í bréfi bankaráðsins að heildarlaun Lilju lækki úr 3.800 þúsundum í 3.503 þúsund, eða um 7,8 prósent. **– smj**

## Vill sundurliða launaseðla

**BORGARMÁL** Katrín Atladóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, leggur til að launaseðlar á vegum Reykjavíkurborgar verði sundurliðaðir þannig að fram komi hversu stór hluti launanna rennur til sveitarfélagsins annars vegar og ríkisins hins vegar. Einnig verði birt hversu mikið launagreiðandi greiðir í launatengd gjöld.

„Þetta snýst bæði um aukið gagnsæi og að auka þekkingu fólks á sköttum og gjöldum, þannig að þetta sé ekki bara einhver ein summa,“ segir Katrín við Fréttablaðið.

Tillagan verður lögð fyrir mannréttinda- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar í dag. Þetta er ekki eina tillaga Katrínar, hún leggur einnig til að Reykjavíkurborg skrifi jákvæða umsögn um frumvarp Sjálfstæðis- og Miðflokksmanna um að auka sjálfræði sveitarfélaga til að ákveða fjölda fulltrúa. **– ab**

## Bretar höfnuðu útgöngu úr ESB án samnings

**BRETLAND** Meðlimir breska þingsins höfnuðu í gærkvöld tillögu um að ganga úr Evrópusambandinu án samnings. Mjótt var þó á munum í kosningunni, en 308 greiddu atkvæði með henni en 312 gegn. Þetta útilokar þó ekki að Bretar gangi úr Evrópusambandinu 29. mars næstkomandi.

Í dag greiða þingmenn atkvæði um tillögu sem snýr að því að stjórnvöld fresti útgöngu Breta úr ESB um óákveðinn tíma. Ef sú tillaga verður samþykkt, og samningamenn Evrópusambandsins samþykkja ráðahaginn, verður útgöngu Breta úr ESB frestað.

Tveimur útgöngusamningum Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, hefur verið hafnað á þessu ári. **– bsp**

# Pósturinn fái ekki lán og neyðarláni breytt í hlutafé

**Rekstrarvandi Íslandspósts er talinn of alvarlegur til að unnt sé að leysa hann með frekari lánveitingum. Þetta kemur fram í umsögn ríkisábyrgðarsjóðs til fjármálaráðuneytisins. Hluthafafundur samþykkti heimild til að auka hlutafé um allt að 1,5 milljarða króna. Eftirlitsstofnun EFTA hefur verið gert viðvart.**

**SAMKEPPNI** Að mati ríkisábyrgðarsjóðs er rekstrar- og lausafjárvandi Íslandspósts ohf. (ÍSP) það alvarlegur að hann verður ekki leystur með frekari lánveitingum. Þetta kemur fram í umsögn sjóðsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins (FJR).

Á hluthafafundi, sem fram fór 6. mars síðastliðinn, var samþykkt heimild til að auka hlutafé um allt að 1,5 milljarða á næstu fimm árum.

Þetta kemur fram í minnisblaði FJR sem lagt var fyrir á fundi fjárlaganefndar í fyrradag. Í september í fyrra lánaði ríkið ÍSP 500 milljónir til að mæta bráðum lausafjárvanda.

Fyrir jól samþykkti Alþingi heimild til að lána allt að milljarð til viðbótar eða að auka hlutafé um allt að 1,5 milljarða. Sú fjárveiting er bundin því skilyrði að FJR og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið (SRN) upplýsi fjárlaganefnd og umhverfis- og samgöngunefnd um framgang fjárhagslegrar endurskipulagningar ÍSP og framtíðarrekstrarfyrirkomulag hans.

Í minnisblaðinu er rakið að stefnt sé að því að áðurnefndu 500 milljóna láni verði breytt í hlutafé og að hlutafé verði aukið eftir þörfum út árið. Líklegt þykir að enn þurfi að auka þurfi hlutaféð um 500 milljónir í vor. Þá verði ráðinn sérfræðingur til að vera stjórn, stjórnendum og ráðuneytum innan handar. Gæti þurft a að auka hlutafé aftur 2020.

Þá sé mikilvægt að ríkið og ÍSP semji um hvernig skuli bæta félaginu tap af „ófjármagnaðri alþjónustubyrði“ félagsins sem myndast hefur vegna fjölda sendinga að utan. Líklega færi best á því að gerður yrði



**Miklir fjármunir fóru í viðbyggingu við flutningamiðstöð Póstsins að Stórhöfða.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Hvorki lánveiting til fyrirtækisins né fyrirhuguð eiginfjáraukning teljast til ríkisaðstoðar.**
>
> Úr minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins

þjónustusamningur við ÍSP vegna þess og þyrfti slíkt fyrirkomulag að hefjast eigi síðar en 2020 þegar ný póstþjónustulög taka gildi. ÍSP hefur metið tap sitt vegna þessa liðar rúmar 600 milljónir á ári. Þá er einnig stefnt að því að SRN leggi fram frumvarp sem heimili aukna gjaldtöku af sendingum að utan.

„Hvorki lánveiting til fyrirtækisins né fyrirhuguð eiginfjáraukning teljast til ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Ríkið hafi horft til þess að lánakjör væru í samræmi við það sem ætla megi að fyrirtækið myndi njóta á markaði og gripið til þeirra ráðstafana sem almennt geta talist skynsamlegar frá sjónarmiði hluthafa,“ segir í minnisblaðinu. Ekki er vikið að því að hluti taps ÍSP sé tilkominn vegna fjárfestinga á samkeppnismarkaði. Þrátt fyrir að FJR telji að ekki sé um ríkisaðstoð að ræða hefur ESA, eftirlitsstofnun EFTA, verið gert viðvart um fyrirhugaðar aðgerðir.

Aðalfundur ÍSP fer fram á morgun. Hann var upphaflega áætlaður 22. febrúar en var frestað með skömmum fyrirvara. Þar verður ársreikningur og ársskýrsla félagsins kynnt og stjórn kjörin.

**joli@frettabladid.is**


FIAT ATVINNUBÍLAR

PROFESSIONAL



FIAT DUCATO
Verð frá 4.024.194 án vsk.
4.990.000 m/vsk.

FIAT TALENTO L2H1
Verð frá 3.298.387 án vsk.
4.090.000 m/vsk.

FIAT DOBLO
Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.

FIAT FIORINO
Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI FIAT • ÞVERHOLTI 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433 • WWW.FIATPROFESSIONAL.IS
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

5 ÁRA ÁBYRGÐ



# ÞEGAR ARFGERÐ BREYTIR MEÐFERÐ

Opinn fræðslufundur um erfðavísindi og lyf í húsi Íslenskrar erfðagreiningar, Sturlugötu 8, laugardaginn 16. mars kl. 13.00. Kaffiveitingar í anddyri frá 12.30. Allir velkomnir.

Þekking úr erfðafræðirannsóknum nýtist nú þegar til að þróa ný og virkari lyf. Sem dæmi má nefna að á grundvelli uppgötvana Íslenskrar erfðagreiningar er nú unnið að þróun nýrra lyfja við Alzheimerssjúkdómnum.

Erfðaupplýsingar gera læknum einnig kleift að veita sjúklingum meðferð sem er sérsniðin að hverjum og einum, til dæmis markvissari lyfjagjöf.

ÍSLENSK
ERFÐAGREINING



**Hilma Hólm**
hjartalæknir
KÓLESTERÓL & KRANSÆÐASJÚKDÓMUR, HVAÐ KENNIR ERFÐAFRÆÐIN OKKUR?



**Jón Snædal**
öldrunarlæknir
MARKVISSAR LYFJARANNSÓKNIR MEÐ ERFÐAFRÆÐINA AÐ VOPNI



**Hans Tómas Björnsson**
barnalæknir
ÞEGAR ARFGERÐ BREYTIR MEÐFERÐ



**Kári Stefánsson**
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar
ERFÐIR

KONTOR REYKJAVÍK

# Biðin eftir dómi gæti orðið löng

**DÓMSMÁL** Róbert Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu, mun sitja í yfirdeild dómstólsins verði Landsréttarmálinu vísað þangað.

Reglur mannréttindasáttmála Evrópu gera ráð fyrir því að sá dómari, sem kosinn er af ríkinu sem á aðild að dómsmáli, sé ætíð sjálfskipaður til að sitja í þeim dómi sem dæmir málið.

Sé máli vísað til yfirdeildar situr hann einnig í þeim 17 manna dómi sem dæmir málið þar. Að öðru leyti er yfirdeildin skipuð dómurum sem ekki dæmdu málið í undirdeild að undanskildum forseta dómstólsins sem á ávallt sæti í dómum yfirdeildar.



**Róbert Spanó, dómari við Mannréttindadómstól Evrópu.**

Fari Landsréttarmálið til yfirdeildar mun því Róbert Spanó sitja í þeim dómi.

Nefndin hittist að jafnaði sex sinnum á ári og því má gera ráð fyrir að fimm til sex mánuðir líði áður en fyrir liggur hvort yfirdeildin tekur málið til endurskoðunar, að teknu tilliti til þriggja mánaða frests sem ríkið hefur til að taka ákvörðun um hvort málinu verður vísað þangað.

Með tilliti til þess að dómstóllinn féllst á beiðni um flýtimeðferð Landsréttarmálsins og að dómur féll í málinu tæpu ári eftir að það barst réttinum og með vísan til mögulegra fordæmisáhrifa dómsins, verður að telja líklegra en ekki að yfirdeild dómstólsins fallist á að taka málið til skoðunar að nýju.

Þar sem yfirdeildin tekur aðeins að sér mál sem teljast alvarleg fyrir túlkun eða framkvæmd sáttmálans eða varða alvarleg deiluefni sem teljast mikilvæg í almennu tilliti, verður varla um það að ræða að Landsréttarmálið fái þar sérstaka flýtimeðferð umfram önnur mál sem samþykkt er á annað borð að fái efnismeðferð. Ekki hefur verið ákveðið hvort íslenska ríkið mun óska endurskoðunar á dóminum en fráfarandi dómsmálaráðherra leggur mikla áherslu á að leitað verði eftir endurskoðun. **Ekk– aá**

# Forystufólk flokksins líklegt

**Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sitja margir við símann í dag. Fjórir koma til greina í dómsmálin. Konurnar í forystunni þykja líklegastar. Ríkisstjórnin hittist fyrir hádegi. Ríkisráðið fundar síðdegis.**



**Líklegast þykir að dómsmálin fari til forystu flokksins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**STJÓRNMÁL** Af þeim sem líklegastir þykja til að fylla skarð Sigríðar Andersen í dómsmálaráðuneytinu þykir Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir líklegust. Verði sú raunin gæti Bjarni Benediktsson þurft að setja annan ráðherra í hennar stað í ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið og kemur Haraldur Benediktsson þar sterklega til greina.

Sú hugmynd hefur hins vegar einnig verið rædd að Þórdís víki ekki úr því ráðherraembætti sem hún gegnir heldur muni aðrir sitjandi ráðherrar létta undir með henni og taka jafnvel að sér einhverja þeirra málaflokka sem hún fer með en um nokkra stóra málaflokka er að ræða, til að mynda orkumálin, þar sem þriðji orkupakkinn er fyrirferðarmestur.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir hefur líka verið sterklega orðuð við dómsmálin, en þrátt fyrir ungan aldur þykir hún hafa staðið sig vel; bæði í formennsku þingnefnda og í forystuhlutverki sínu í Sjálfstæðisflokknum.

Þá gæti Bjarni einnig ákveðið að taka dómsmálin sjálfur tímabundið á meðan mál eru að skýrast varðandi nýfallinn dóm Mannréttindadómstólsins. Hann er hins vegar sjálfur með þung mál á sinni könnu; ekki síst meðan kjaraviðræður eru ekki til lykta leiddar.

Val Bjarna stendur því milli þess að gera fyrst bráðabirgðabreytingu á ráðherraliði sínu og bíða með varanlegri breytingu eða taka nýjan mann inn í ríkisstjórn. Margir eru um hituna í þingflokki Sjálfstæðisflokksins og ljóst að Bjarni getur ekki gert öllum til geðs.

Þótt Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hafi lagt áherslu á jöfn kynjahlutföll í ríkisstjórninni, herma heimildir blaðsins að Bjarna hafi ekki verið settir neinir úrslitakostir í þeim efnum.

Þótt Sigríður Andersen, fráfarandi dómsmálaráðherra, hafi komist þannig að orði á blaðamannafundi í gær að hún hygðist stíga tímabundið til hliðar til að skapa vinnufrið um eftirmál dóms Mannréttindadómstólsins, er alls óvíst að hún eigi afturkvæmt í ríkisstjórn. Heimildir Fréttablaðsins herma að henni hafi verið nauðugur þessi eini kostur vegna þrýstings frá ráðherrum og þingmönnum Vinstri grænna. Hafi hún átt þann kost að stíga til hliðar eða hætta á að fá á sig vantraust frá Alþingi. Sjálfstæðismönnum hafi verið gert ljóst að engu yrði að treysta um atkvæði þingflokks VG í atkvæðagreiðslu um vantraust.

Töluverð andstaða mun einnig vera við endurkomu Sigríðar í ríkisstjórn fyrr en í fyrsta lagi að gengnum nýjum dómi frá Strassborg. Bið eftir honum getur tekið marga mánuði eða ár.

adalheidur@frettabladid.is



**Það yrði þungur róður fyrir Bjarna Benediktsson að bæta dómsmálunum við sig tímabundið enda þung mál í hans ráðuneyti.**



**Áslaug Arna þykir hafa staðið sig vel í sínum ábyrgðarstörfum sem ritari Sjálfstæðisflokksins. Hún er nýútskrifaður lögfræðingur.**



**Haraldur Benediktsson er oddviti flokksins í Norðvesturkjördæmi og þykir eiga tilkall til ráðherraembættis.**



**Þórdís Kolbrún, varaformaður flokksins, kemur sterklega til greina í dómsmálin en gæti þurft aðstoð með mál í sínu ráðuneyti.**






**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GLAMGLOW OG SMASHBOX VÖRUM**
**14.–20. MARS**

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*

# Boeing 737 MAX 8 úr loftinu

**Bandaríkin fylgdu í gærkvöld í fótspor ESB, Kína, Kanada og annarra og kyrrsettu 737 MAX flugvélar frá Boeing eftir tvö alvarleg flugslys. Forstjóri Ethiopian Airlines vill að allar vélarnar verði kyrrsettar, en flugvél félagsins hrapaði. Norwegian vill að Boeing borgi skaðabætur.**



Boeing 737 MAX 8 vél í flota Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**EÞÍÓPÍA** Deilur um hvort kyrrsetja skuli allar 737 MAX 8 flugvélar frá Boeing héldu áfram í gær.

Tewolde Gebremariam, forstjóri Ethiopian Airlines, kallaði eftir því að allar flugvélar af þessari gerð í heiminum yrðu kyrrsettar þangað til sýnt yrði fram á að þær væru öruggar. 737 MAX 8 vél flugfélagsins hrapaði á sunnudaginn. 157 fórust í slysinu.

Undir kvöld í gær bárust svo fréttir af því að MAX-vélarnar hefðu verið kyrrsettar í Bandaríkjunum, heimalandi Boeing-verksmiðjanna. Bandaríska flugmálastofnunin segir að tekið geti mánuði að komast til botns í vandanum.

Eftir umrætt slys, og flugslys sem varð þegar vél hins indónesíska flugfélags Lion Air hrapaði í október, voru slíkar flugvélar kyrrsettar víða, meðal annars hjá Icelandair, og til að mynda ESB, Singapúr, Kína og Ástralía hafa bannað umferð slíkra flugvéla um lofthelgi sína. Kanada bættist í hópinn í gær. Samgönguráðherra ríkisins sagði gervihnattagögn sýna fram á líkindi með slysunum tveimur.

Bandarískir öldungadeildarþingmenn úr báðum flokkum, til að mynda Repúblikaninn Ted Cruz og Demókratinn Elizabeth Warren, hafa sagt skynsamlegast að Bandaríkin taki sömu ákvörðun og það varð ofan á eins og fyrr segir.

Bandaríska flugmálastofnunin hafði sagt í tilkynningu í fyrrinótt að rannsókn stofnunarinnar hefði enn ekki leitt neitt í ljós sem gæfi tilefni til kyrrsetningar. Flugfélög og aðrir einkaaðilar hefðu heldur ekki afhent upplýsingar eða gögn sem gæfu tilefni til slíkrar ákvörðunar.

Fyrrnefndum Tewolde Gebremariam leist illa á þetta svar. Breska ríkisútvarpið hafði eftir honum að þótt hann samþykkti ákvörðun FAA þyrfti að gæta „fyllstu varúðar“ og að allir þeir aðilar sem hefðu ákveðið að kyrrsetja vélarnar hefðu haft góða ástæðu til.

thorgnyr@frettabladid.is

**» Bandaríska flugmálastofnunin segir að tekið geti mánuði að komast til botns í vandanum sem fást þarf við í Boeing 737 MAX 8 þotum.**

## Norwegian krefst bóta

Norska flugfélagið Norwegian Air sagði frá því í tilkynningu í gær að félagið byggist við því að Boeing greiði því skaðabætur vegna málsins. Vill sums sé að framleiðandinn bæti því tekjutapið sem fylgir því að kyrrsetja vélarnar.

Átján flugvélar í 163 véla flota Norwegian Air eru af þessari gerð. Samkvæmt Reuters hefur flugfélagið ráðist í miklar fjárfestingar til þess að gera MAX-vélarnar að sínum besta valkosti fyrir stuttar og millilangar flugferðir á næstu árum.

„Næstu skref eru undir evrópskum flugmálayfirvöldum komin. En við vonum, og búumst við því, að MAX-vélar okkar verði komnar í loftið sem allra fyrst,“ sagði Bjørn Kjos, forstjóri og stofnandi Norwegian Air, í myndbandi sem hlaðið var upp á Facebook í gær og bætti við:

„Ýmsir hafa spurt hvaða áhrif þetta hafi á fjárhag okkar. Það er nokkuð augljóst að við munum ekki greiða þann kostnað sem felst í því að kyrrsetja vélarnar. Við munum senda reikninginn til framleiðanda.“

## Grínisti mælist langvinsælastur

**ÚKRAÍNA** Þegar rúmar tvær vikur eru í forsetakosningar í Úkraínu mælist grínistinn og leikarinn Volodíjmír Selenskíj með mest fylgi. Selenskíj hefur áður leikið hlutverk forseta Úkraínu.


Volodíjmír Selenskíj forsetaframbjóðandi.

Samkvæmt könnun sem SOCIS birti í gær mælist Selenskíj, nýgræðingur í stjórnmálum, með 20,7 prósenta fylgi. Petro Porosjenko, sitjandi forseti, mælist með 13,2 prósent og stjórnarandstöðuleiðtoginn Júlía Tíjmosjenko, fyrrverandi forsætisráðherra, mælist með ellefu prósent. – þea

## Skóli hrundi ofan á börnin

**NÍGERÍA** Talið er að hundruð barna hafi lokast inni í rústum þegar skóli þeirra hrundi í borginni Lagos í Nígeríu í gær. Nígeríska blaðið Vanguard greindi frá. Björgunarfólk og slökkvilið var sent á vettvang til þess að reyna að komast að börnunum en þau voru í kennslustund þegar byggingin hrundi skyndilega.

Að minnsta kosti átta börn höfðu látist þegar þessi frétt var skrifuð, að því er BBC greindi frá. – þea






KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



# Uppskeruhátíð í tónlistinni

GDRN, Víkingur Heiðar, Auður, Karl Olgeirsson, Valdimar, Jónas Sig og JóiPé og Króli fengu flest verðlaun þegar Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir tónlistarárið 2018 voru veitt í Hörpu í gærkvöld. Jón Ásgeirsson fékk sérstök heiðursverðlaun.











**Óska eftir að kaupa enskunámskeið. Enska án erfiðis.**

**Námskeiðið samanstendur af 6 kassettum. Upplýsingar í síma 4833568**

Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Allt að 50 tonna tilraunaeldi á vegum Hafrannsóknarstofnunar að Stað, Grindavíkurbæ**
- **Viðhaldsdýpkun og efnislosun í Þorlákshöfn, Ölfusi**
- **Svínabú að Torfum í Eyjafjarðarsveit**
- **Framleiðsluaukning og stækkun fiskeldis Samherja að Núpum, Ölfusi**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **15. apríl 2019.**

Þú finnur draumastarfið á

Job.is

MARKAÐURINN

# Erlend fyrirtæki nýta

**Erlend hópferðafyrirtæki taka viðskipti frá íslenskum fyrirtækjum með því að bjóðast til að veita þjónustu meðan á verkföllum stendur. Ríkissjóður getur orðið af 25 milljónum á dag. Efling segir verkalýðsfélög ekki bera ábyrgð.**



**Verkföll vofa yfir íslenskum hópferðafyrirtækjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Erlend hópferðafyrirtæki með starfsemi á Íslandi gera út á að þau geti veitt þjónustu á meðan á verkföllum hjá starfsmönnum rútufyrirtækja stendur. Sögð stunda félagsleg undirboð og greiða nær engin opinber gjöld. Framkvæmdastjóri Eflingar segir verkalýðsfélögin ekki ábyrg fyrir því hvernig kapítalistar nýta sér hnattvæðingu. Frumskilyrði sé að fólk geti lifað af launum sínum.

„Erlendu fyrirtækin gera út á það að þau geti keyrt farþega vegna þess að verkföllin ná ekki til þeirra. Þannig auglýsa þau sig erlendis og hafa haft upp úr því töluverð viðskipti, tjón innlendra rútufyrirtækja hleypur á tugum milljóna nú þegar og fer vaxandi. Við höfum ítrekað bent verkalýðsfélögunum, yfirvöldum og fleirum á þessa stöðu án þess að nokkuð hafi verið gert,“ segir Guðjón Ármann Guðjónsson, framkvæmdastjóri Hópbíla, í samtali við Fréttablaðið.

„Það er nokkuð kaldhæðnislegt að verkalýðsforystan ætli að herja á breiðu bökin í ferðaþjónustu, rútufyrirtækin, sem nú berjast í bökkum. Verkalýðsforystan veit mætavel að þetta eru ekki breiðu bökin, samt á að halda áfram af fullum þunga, til þess eins að afhenda erlendum fyrirtækjum sem engu skila til samfélagsins þessi viðskipti. Hver hefur hag af því?“

Guðjón bendir á að hið opinbera verði af miklum tekjum þegar erlendu fyrirtækin sinna akstri hér á landi. Þau greiði laun langt undir því sem kjarasamningar kveða á um, greiði engan virðisaukaskatt, enga skatta og engin launatengd gjöld. Jafnframt bendir Guðjón á að lítið sem ekkert eftirlit sé með þessum fyrirtækjum. Ofan á það geti þessi þróun haft langtímaáhrif á rekstrarumhverfið.

„Afpantanirnar eru nú þegar byrjaðar og þær teygja sig lengra og lengra inn í sumarið, með tilheyrandi fjártjóni. Þegar fyrirtæki hafa engin verkefni og engar tekjur, þá er erfitt að hafa fólk í vinnu. Þetta hefur farið vaxandi undanfarin ár og nú þegar boðað er til verkfalla gefa þau í. Það verða þá bara erlend fyrirtæki að aka erlendum ferðamönnum hér á landi eftir nokkur ár,“ segir Guðjón og spyr hvort aðgerðaleysið væri jafnmikið ef sjómenn færu í verkfall og breskir togarar streymdu inn í lögsöguna til að veiða fiskinn.

Guðjón gagnrýnir einnig að niðurstaða í kosningu VR hafi ekki verið sundurliðuð milli hótela og



# sér verkföllin

**25**

**milljónir króna á dag er tekjutapið sem ríkissjóður horfir fram á.**

rútufyrirtækja, þar sem um óskyldan rekstur sé að ræða. „Ég held að það gætu orðið athyglisverðar tölur en Efling birti sundurliðun á milli starfsstétta.“

Þórir Garðarsson, stjórnarformaður Gray Line Iceland, tekur í sama streng. Erlend fyrirtæki hafi notað félagsleg undirboð til að auka umsvif sín á Íslandi og verkföll muni ýta undir þessa þróun.

„Nú er komin ný staða sem er sú að erlendu fyrirtækin bjóðast til að þjónusta ferðaheildsala, ekki bara á miklu lægra verði heldur líka vegna þess að þeir geta veitt fulla þjónustu á meðan á verkföllunum stendur. Það er mjög slæmt mál að ýta verkefnum til fyrirtækja sem eru að stunda félagsleg undirboð,“ segir Þórir. Hann áætlar að ríkið muni verða af tugum milljóna króna.

„Þetta verður mikið tekjutap fyrir ríkið vegna þess að það kemur enginn virðisaukaskattur frá þessum hópum né önnur opinber gjöld. Ég gæti trúað að í heildina væri hið opinbera að hafa á milli 12-15 prósent af veltunni. Ef við erum að tala um 200 milljóna króna veltu á dag þá eru þetta háar tölur eða meira en 25 milljónir á dag sem fara ekki í ríkissjóð. Það munar um minna.“

Þá segir Þórir að margir í verkalýðsforystunni geri sér fullkomlega grein fyrir alvöru málsins. „Aðrir kjósa að hunsa það og finnst ekki vera sitt mál að félagsmenn þeirra geti ekki gengið að vinnu vísri þegar kjaradeilunni lýkur. Ef fer fram sem horfir mun bílstjórum hjá íslenskum fyrirtækjum fækka verulega.“

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, hafnar því að verkalýðsfélögin beri ábyrgð á því að viðskiptum verði beint til erlendra fyrirtækja.

„Verkalýðshreyfingin ber ekki ábyrgð á því hvernig kapítalistar nýta sér hnattvæðingu. Við höfum almennt beitt okkur gegn félagslegum undirboðum og átt gott samstarf við aðra aðila á vinnumarkaði um þessi mál,“ segir Viðar.

Spurður hvort verkfallsaðgerðir og þær launahækkanir sem Efling fer fram á geti orðið til þess að störfum hjá innlendum rútufyrirtækjum fækki segir Viðar að það sé frumskilyrði að fólk geti lifað af launum sínum og að það eigi ekki að fara eftir „einhverri lotteríu“ um það hversu vel gengur hjá einstökum fyrirtækjum á hverjum tíma.

„Laun eiga að endurspegla hvernig starf rútubílstjóra hefur breyst á síðustu árum. Vetrarferðum við erfiðar aðstæður hefur til dæmis fjölgað og umferð á vegum er meiri,“ segir Viðar. **thorsteinn@frettabladid.is**


## Kosningar til stjórnar VR

**Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR, 2019 - 2021, skv. 20. gr. laga félagsins, hófst kl. 09.00 mánudaginn 11. mars og lýkur kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 15. mars.**

Atkvæðagreiðslan er rafræn, þú finnur slóð á hana á **vr.is**. Valið er milli 13 frambjóðenda til stjórnar VR. Merkja skal við mest 7 frambjóðendur í stjórnarkosningum.

**Hvernig þú kýst stjórn VR**

1. Smelltu á **„Kosið um stjórn 2019-2021“** á vr.is.
2. Skráðu þig inn með **Íslykli** eða **rafrænum skilríkjum**.
3. Atkvæðaseðill opnast með upplýsingum um hvernig þú átt að kjósa.

Ef þú hefur ekki **Íslykil** eða **rafræn skilríki** sækir þú um á **island.is**

Kjörstjórn VR

**Frambjóðendur í stafrófsröð:**
Agnes Erna Estherardóttir
Anna Þóra Ísfold
Björn Kristjánsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Selma Árnadóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þorvarður Bergmann Kjartansson

**Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.vr.is eða með því að hringja á skrifstofu félagsins í síma 510 1700.**

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími: 510 1700 • vr@vr.is • vr.is

VR



# Allt í einum pakka á lægra verði

Ótakmarkað Internet

Netbeinir og WiFi framlenging

Sjónvarpsþjónusta

Ótakmarkaður heimasími

+

Afþreying frá Stöð 2

Kynntu þér málið á **vodafone.is**, í síma **1414**, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.

vodafone

Hluti af sýn

## TILVERAN

# Hvert einasta smáatriði skiptir máli



**Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar, segir skólakerfið eins og það er nú ekki mæta börnum og þörfum þeirra að fullu. Þarfir barnanna eru meðal annars mismunandi eftir kynjum.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Við erum rétt byrjuð að snerta á þessu máli hvað varðar drengina okkar en það er enn langt í land. Það er alltaf vonleysi við þá tilhugsun en þá snýr maður sér aftur að lausnum og hugsar með sér: hvað get ég gert hér og nú til að leggja mitt af mörkum? Hvert einasta smáatriði skiptir máli,“ segir Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar. Hún hefur starfað í skólaumhverfi í 40 ár og segir að eina hugtakið sem hún heyri sífellt sé niðurskurður og áhyggjur af kostnaði.

Margrét Pála segir að íslenskt skólakerfi með öllum sínum skólum sé mannað af frábærum kennurum sem langflestir vilji sjá breytingar og nýjungar, prófa sig áfram og taka kerfið í gegn. Enda þegar hún gagnrýni skólakerfið snúi það ekki að kennurum heldur að hinu hefðbundna kerfi.

„Tímar sem eru 40 mínútur að lengd, með sína námskrá, mínútutalningu, dagafjölda og frímínútur, þar er ekki verið að opna á breytingar. Mesta eineltið af öllu verður til dæmis í frímínútum og drengir lenda þar oft í miklu einelti, þegar fjöldi barna er úti í einu og kennarinn ekki nálægt,“ segir Margrét Pála.

Breyta þurfi kerfinu til að það geti sinnt öllum einstaklingum, til að hægt sé að mæta hverju og einu barni. Síðan verði að taka tillit til kynjamunar og ólíkrar menningar kynjanna. Á meðan verið sé að kenna stúlkum og drengjum það sama, á sama tíma, með sömu aðferðum, alla daga í öllum fögum, þá viðhaldist mynstrið og vandamálið standi í stað.

„Stóra spurningin er að mínu mati hvort fólk vilji skoða bæði kynjamuninn og ólíka menningu kynjanna því ef svo er ekki, þarf ekkert að breyta kerfinu. Ég hins vegar sé þennan kynjamun alla daga hjá börnum, ungmennum og fullorðnum,“ segir Margrét Pála.

„Það myndast talsvert þroskabil milli stúlkna og drengja á fyrstu æviárunum sem verður mjög afdrifaríkt í kringum 5, 6 ára aldurinn. Þar byrjar vandinn því að þroskabilið veldur umtalsverðum frammistöðumun milli kynjanna. Stúlkur eru á undan í skólaþáttum eins og einbeitingu, að geta setið kyrrar, ná valdi á fínhreyfingum og fleira. Þetta eru þættir sem eru svo gagnlegir í skólanum. Drengir þurfa aðeins lengri tíma til að ná sínum árangri en síðan jafnast munurinn út með aldrinum. Þess vegna eru drengir ekki eins tilbúnir og stelpurnar fyrir þetta formlega nám. Þar byrjar tap drengjanna okkar, þessi vandi að þeir skynji sig ekki nógu sterka og þar með byrjar að molna úr námslegri sjálfsmynd drengja, hún skaðast.“

Rannsóknir hafa sýnt fram á

### Þverfagleg teymi hluti af lausn

Eitt af því sem myndi hjálpa til við að mæta stöðu drengja og barna almennt er blanda af fagfólki. Þetta segir Sara Dögg Svanhildardóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla. Erfitt sé þó að hrinda hugmyndum í framkvæmd þó vissulega sé viljinn til staðar.

„Það sem maður sér fyrir sér eru þessar helstu hindranir fyrir því í kerfinu að gera í alvörunni einhverjar breytingar til að geta lagað þessa stöðu sem allir eru að tala um að sé vond fyrir drengi. Kerfið er rosalega þungt og það eru mjög margir sem myndu vilja gera annað og fara aðrar leiðir og myndu vilja breyta. En það eru líka margir sem hugsa bara með sér að þetta sé bara það sem við erum með í dag og gerum bara það besta úr því. Þetta er alltaf svolítið pælingin í því, að gera það besta úr því sem er til staðar frekar en að vera með einhverjar sviptingar og gjörbreyta sem er í rauninni það sem þarf að gera,“ segir Sara Dögg. „Það þarf að endurskipuleggja kerfið því það er enginn sem tekur af skarið. Það var mikið talað um þetta þegar evrópska úttektin Menntun og nærgreining kom inn í kerfið, en það vantar eftirfylgni og hvernig eigi að framkvæma hlutina. Hvernig ætla sveitarfélögin að aðstoða sína skóla? Það er búið að tala um það nógu lengi hvað þarf að gera, en það vantar aðgerðaplön og framkvæmd.“

Vandinn í kerfinu eins og það er núna sé meðal annars að það vanti þverfagleg teymi sem starfi með börnunum. Það hafi sjálfstæðu skólarnir gengið fram í að gera.



**Sara Dögg Svanhildardóttir, formaður Samtaka sjálfstæðra skóla.**

„Það er kjarkur til að prófa aðra samsetningu og við höfum verið með þverfagleg teymi sem sinna ákveðnum hópum nemenda. Oft er það aðili með kennsluréttindi og svo aðilar með sálfræðimenntun og uppeldisfræðimenntun,“ segir Sara Dögg.

Hún hampar nýju frumvarpi sem senn verður lagt fram. Það miðar að því að það sé eitt leyfisbréf á alla kennara sem hafa kennaramenntað sig og á hvaða skólastigi sem er. Þá geta kennarar haft meira frelsi til að flakka á milli skólastiga.

„Þannig er hægt að smíða sterk fagleg teymi í hvaða skóla sem er. Besta teymi sem ég hef verið í, allan minn starfsferil, var leikskólakennari og grunnskólakennari saman með yngstu börnin í grunnskóla, frá 6 til 9 ára aldurs. Þá ertu með ólíka styrkleika og þessir menntuðu einstaklingar vega hver annan upp.“

Sara Dögg segir að eitt það mikilvægasta við slík þverfagleg teymi sé að þá þurfi ekki að bíða eftir sérfræðingum úti í bæ til að tækla vandamál sem upp koma. Þá sé hægt að leysa vandann strax. „Ef fólk starfar saman við skólastarfið komumst við miklu nær því að ná utan um hvern og einn nemanda. Það verða engin verkefni afgangs og þetta hefur sýnt sig. Því ef kennari er með 25 nemendur þá segir það sig sjálft að ákveðnir þættir lenda undir, eðlilega. En þegar við getum bætt í og haft fjölbreyttan faghóp saman í teymi þá ertu kominn með allt öðruvísi virkni.“

**»» Ekki aðeins efnið skiptir máli við kennslu heldur einnig aðferðir.**

**»» Umræðan um stöðu drengja og karlmanna hefur verið á undanhaldi.**

**Nú þurfa drengir og karlar að rísa upp og ræða sína stöðu.**



Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar

### Námsáhugi drengja

Hlutfall drengja í 9. og 10. bekk sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að sér leiðist námið, árin 2000 til 2018.*

■ Höfuðborgarsvæðið
■ Landsbyggð
■ Heild




*Tölur úr rannsókninni Ungt fólk 2018 (febrúar).

þennan umrædda frammistöðumun, sem er þó aðeins tímabundinn. En hann virðist vera dýrkeyptur fyrir börn og það er hátt gjald fyrir drengi að upplifa sig ekki nógu góða í samanburði við stúlkurnar, að þeir nái ekki eins góðum árangri.

**Efnið þarf að vera áhugavert**

„Blómatími stúlkna og drengja er á ólíkum tímum í námi, bæði í upphafi skólagöngu og áfram þegar kynþroskinn tekur við. Önnur spurning er því sú hvort við viljum mæta frammistöðumuninum og menningu kynjanna að einhverju leyti? Ef ekki, þá þarf heldur engu að breyta. Ég hef aftur á móti horft upp á það og séð það í mælingum að við náum á annan hátt til stúlkna heldur en til drengja,“ segir Margrét Pála.

„Ef við tökum dæmi um efni sem við bjóðum börnunum upp á í lestri þá er það alls ekki sniðið að drengjaáhuga. Auðvitað er skörun þar líka, við erum aldrei að tala bara um tvö box fyrir kynin og ég ítreka það. En þegar kemur að drengjunum okkar, þá eru aðrir þættir sem höfða til þeirra og þar af leiðandi þarf að beita ólíkri nálgun. Við hjá Hjallastefnunni trúum að við þurfum þess. Þess vegna pössum við að vera ekki með gamlar hefðbundnar kynjafyrirmyndir í námsefni en um leið fjölbreytni þannig að ólík börn finni eitthvað fyrir sig, ekki síst að hafa lesefni og námsefni sem höfðar til bæði stúlknamenningar og drengjamenningar.“

Ekki aðeins efnið skiptir máli við kennslu heldur einnig aðferðir. Drengir og stúlkur þurfa ólíka nálgun í náminu og flestar stúlkur hafa meiri áhuga og meira úthald á meðan flestir drengir gætu þurft að fara út að hlaupa eftir 10 mínútur og koma svo aftur að verkefninu. Ekki það að öll börn í Hjallastefnuskólum geta farið úr kennslu til að hreyfa sig og koma aftur þegar þeim hentar en drengirnir notfæra sér það miklu meira en stelpurnar.

Margrét Pála tók þátt í skólaráðstefnu á vegum Samtaka atvinnulífsins á dögunum þar sem hún hélt erindi um stöðu ungra drengja.

„Þá var ég að skoða niðurstöður úr samræmdum prófum hjá okkur síðastliðin þrjú ár og þar kemur fram að drengir í Hjallastefnunni eru ekki bara yfir meðallagi í lestri á landsvísu heldur einnig á höfuðborgarsvæðinu, þeir eru á toppnum í lestri. Það er ekki af því að okkar drengir eru öðruvísi en aðrir drengir, það er af því að við mætum þessum ólíku þörfum. Við sjáum líka alveg að drengirnir okkar verða læsir seinna en stúlkurnar en það er allt í lagi, því þeir vita ekki einu sinni af því. Þessi grunnur sem er lagður að börnum í upphafi skólagöngunnar mun fylgja þeim allt skólakerfið,“ segir hún. Vanda þurfi til verka þegar kemur að börnum og þörf sé á að gefa þeim besta mögulega atlæti sem unnt er.

„Ég finn til þegar ég sé að stúlkur í 1., 2., og 3. bekk í grunnskóla eru með alltof létt efni og drengir með alltof þungt efni. Ef drengir geta ekki lesið sér til gagns munu þeir alltaf lenda í vandræðum út lífið. Og hvað gera börn í vandræðum?“

**Ótrúlegt að enn sé afneitun**

„Stúlkurnar fá minni athygli og hvatningu í skólakerfinu. Drengirnir fá meiri athygli en hún er oft svo neikvæð. Það er verið að skammast svo oft í drengjunum og þeir fara að taka þetta til sín og eru blórabögglar. Ef það er stanslaust verið að segja þér að þú sért óþekkur, þá ferðu að trúa því og það hefur afleiðingar. Það er sterk samsömun á þessum aldri, fyrsta ári í grunnskóla. Þegar einn drengur er skammaður, þá upplifa allir drengirnir það. Stelpur fá aftur á móti skilaboð um að þær séu duglegar og prúðar og þær fara að þróa með sér þennan ótta um að þær eigi alltaf að vera duglegar og prúðar. Þetta er stórkostlegt vandamál,“ segir Margrét Pála.

„Mér finnst bara svo ótrúlegt hvað það er ennþá mikil afneitun á áhrifum kynferðis á stöðu barna. Drengir þurfa miklu meiri hvatningu til að tala um tilfinningar sínar og þora að treysta öðrum drengjum fyrir sér, að læra að taka á móti vinum sínum og umfaðma þá. Þetta er nokkuð sem stúlkurnar æfast svo mikið í sjálfkrafa, því þetta er í fyrirmyndunum þeirra. Hjá stúlkunum þarf meiri hvatningu til sjálfstæðis, að þora að sleppa tökum og taka sér rými.“

Jafnrétti er ekki í höfn enn, en konur hafa verið að taka sér meira rými í samfélaginu í eina og hálfa öld. Í dag eru mun fleiri kvenkyns fyrirmyndir í samfélaginu sem stíga fram og ögra rótgróinni kynjamenningu, margir sigrar hafa unnist og margt neikvætt er horfið. Hins vegar verður því ekki neitað að umræðan um stöðu drengja og karlmanna hefur verið á undanhaldi. Drengja- og karlamenningin hefur lítið verið endurskoðuð.

„Auðvitað er ég ekki að segja að við séum komin alla leið en íslenskar konur hafa staðið sig frábærlega vel. Nú þurfa drengir og karlar að rísa upp og ræða sína stöðu. Karlar sem eru með ung börn og ná ekki að sinna börnum sínum nógu vel á unga aldri, og svo þegar börnin verða eldri þora þau síður að tala við pabba því að mamma var bara til staðar. Karlar sem eru líka beittir ofbeldi, karlar sem verða fyrir nauðgun, karlar sem lokast frekar inni með tilfinningar sínar og ræða síður sinn sálarháska. Karlar sem þora ekki að ræða sína stöðu. Þetta er mín tilfinning, mjög sterk,“ segir Margrét Pála.

Það sé sárasaukafullt og kostnaðarsamt að vera sífellt að takast á við afleiðingar af samfélagi sem sinnir ekki börnum og ungmennum á besta mögulegan hátt. Rót vandans þurfi að skoða í upphafi, hjá börnum á leik- og grunnskólaaldri og þá sé nauðsynlegt að líta til kynjamunar.

> **Mér finnst bara svo ótrúlegt hvað það er ennþá mikil afneitun á áhrifum kynferðis á stöðu barna.**
>
> Margrét Pála Ólafsdóttir, stofnandi Hjallastefnunnar

Í DAG **FIMMTUDAGINN 14. MARS**
OPNUM VIÐ Á NÝ EFTIR BREYTINGAR

# Velkomin í stærri og betri Vínbúð í Skeifunni

Við tökum vel á móti ykkur!

VÍNBÚÐIN

TILVERAN

# Drengirnir okkar

Það þarf ekki að velta mikið vöngum yfir því að það að alast upp og vaxa úr grasi er flókið ferli og viðkvæmt. Ýmiss konar áreiti og áskoranir eru á þeim vegi og fara einstaklingar misjafnlega í gegnum það. Ákveðið kynslóðabil er greinilegt og nálgunin á lífið og tilveruna hefur breyst töluvert frá því sem áður var. Aukið frelsi og jafnrétti kynjanna er jákvæð þróun, fleiri tækifæri til menntunar og aðstæður í sífellt stækkandi heimi eru líka mjög áhugaverðar. Hefðbundin störf eru að breytast, tækniþróun er ör og samskipti á slíkum hraða að erfitt er að halda í við þau, heimurinn virðist vita allt um alla. Í dag er úrvalið orðið svo mikið af öllum toga að því fylgir valkvíði. Vestræn lönd eru hér í fararbroddi þar sem þau hafa breyst hraðast, en restin af heiminum fylgir fast á hæla okkur.

Kröfurnar sem við gerum til sjálfra okkar og þær sem aðrir gera eru ekki endilega alltaf þær sömu. Samanburðurinn er svo hraður í heimi snjallsímanna að það er ógnvænlegt, miðlun efnis er orðin til einstaklinga í stað hópa í raun. Þrátt fyrir að tækin séu fyrirferðarlítil fanga þau alla athygli og menn gera lítið annað á meðan. Þetta á við um bæði kynin og er ég þess fullviss að við erum þegar farin að súpa seyðið af breyttri veröld, þó mjög margt sé auðvitað jákvætt og þægilegt við þessa þróun.

Ef úrval og áreiti verður of mikið getur verið auðvelt að týnast, hugsanlega er unga kynslóðin að hluta á þeirri vegferð? Ungir drengir eru mögulega í meiri hættu en stúlkur en það er ekki einhlítt. Fyrirmyndir eru oft og tíðum stjörnur á samfélagsmiðlum sem hafa náð mikilli dreifingu, glansmyndir og gerviveröld að hluta sem nærir áhugann á að líkjast þeim. Nú til dags geta allir hlaðið upp myndum, vídeói og sett rödd sína út í alheiminn, sem er gott. En ef það er til þess að verða frægur eða ríkur án þess að gera mikið annað er líklegt að það muni skapa sár vonbrigði og þá upplifun að vera út undan þar sem fá læk og lítil dreifing eru oft uppskeran. Þetta virkar einfalt en er iðulega mikil vinna og erfiði ef á að vera hægt að framfleyta sér á slíku.

Ekki skal ég segja hvort þarna er einhver skýring á því hvers vegna okkur strákunum virðist ganga sumpart verr í námi, að við virðumst falla frekar úr skóla, lesskilningur og orðaforði sé minni, áhugaleysi meira og færri útskrifist úr mennta- og háskólum, en einnig úr verknámi víða í heiminum. Margvíslegar ástæður liggja eflaust að baki og þetta er svo sem ekki alveg nýtt af nálinni, en þetta umhverfi bætir sannarlega ekki úr skák. Við þurfum að styðja við strákana og mögulega endurskoða kerfið eitthvað í leiðinni.

Heilsufarslegar afleiðingar eru ýmiss konar og bæði líkamlegar og andlegar. Það að tilheyra hóp er mikilvægt fyrir sjálfstraust, að vera ekki sama, að ná árangri og hljóta athygli eru grundvallaratriði í vellíðan. Samskipti og líkamstjáning eru snar þáttur í að skilgreina sig meðal annarra. Við þurfum að gæta þess að þeir styrkleikar haldi sér og þroskist þrátt fyrir breytt umhverfi bæði fyrir drengi sem og stúlkur.

**Margvíslegar ástæður liggja eflaust að baki og þetta er svo sem ekki alveg nýtt af nálinni, en þetta umhverfi bætir sannarlega ekki úr skák. Við þurfum að styðja við strákana og mögulega endurskoða kerfið eitthvað í leiðinni.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Við þurfum að laga kerfið að börnunum

**„Það þarf vilja og þor til að brjóta aðeins upp skóladaginn og taka tillit til þess að kynin eru mismunandi.“ Þetta segir Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífeðlislegri sálfræði. Fara megi ýmsar leiðir til að vekja áhuga barna á lestri.**

Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífeðlislegri sálfræði við Háskólann í Reykjavík og við Háskólann í Þrándheimi í Noregi, hefur barist fyrir bættum lestri meðal barna á Íslandi, þá sérstaklega hjá drengjum. Niðurstöður úr PISA-rannsókninni sem lögð var fyrir nemendur árið 2015 kom illa út fyrir íslenska nemendur og hallaði verulega á drengi. Ísland var í 35. sæti af 69 löndum og var því aftarlega á merinni. PISA-könnun var lögð fyrir nemendur aftur í fyrra og koma niðurstöður úr henni í haust. En hvað veldur þessum lestrarörðugleikum?

„Ástæðurnar eru fjölþættar. Í Noregi höfum við verið að skoða það hvenær upphafið að vandamálinu verður og höfum við þá litið til barna í 1. bekk í grunnskóla. Þá skoðuðum við bókstafa- og hljóðakunnáttu og þar getum við séð hversu marga bókstafi börnin kunna, stóra og litla, og hversu mörg hljóð þau kunna og að bera stafina rétt fram. Við fundum að það er kynjamismunur á öllum þessum þáttum, þegar í 1. bekk,“ segir Hermundur. „Rannsóknir sýna að stúlkur byrja að babbla í kringum 10 mánaða aldurinn og það er talað meira við stelpur frá fæðingu. Þá erum við komin með erfðaþætti og umhverfisþætti. Þetta er því mjög flókið samspil.“

Hann segir það einnig hafa áhrif ef það er fátækt í fjölskyldunni, það hafi meiri afleiðingar en flestir geri sér grein fyrir. „Þetta höfum við verið að sjá þegar við skoðum rannsóknir. Eins ef drengir eiga einstæða foreldra þá er það líka erfiður þáttur. Strákar virðast vera viðkvæmari fyrir svona aðstæðum. Ein af ástæðunum er meira testósterón sem hefur áhrif á heilaþróun og er vísindalega sannað.“

Þegar Hermundur fór að skoða vandamálið nánar kom í ljós að drengir hafa minni áhuga á lestri og æfa lesturinn mun minna. Lykilatriðið í öllum lesskilningi er að þjálfa sig sífellt í lestrinum. Ef drengir fá ekki þann stuðning og æfingu sem þeir þurfa geta þeir lent í vandræðum. „Í Svíþjóð og Noregi eru flottar kennslubækur í lestri sem hafa mismunandi erfiðleikastig. Það eru um 20 bækur á hverju stigi, sem eru 11 talsins, og það gefur okkur 220 bækur sem börnin geta valið um. Kennarinn finnur á hvaða stigi barnið er og um leið og fyrsta stigi er náð fer barnið yfir á stig tvö. Svona bækur finnast ekki á Íslandi, ekki með markvissum erfiðleikastigum.“

**En það er lykilatriði að reyna að fanga áhugann hjá börnum. Við verðum að hafa efni bóka spennandi.**

Hermundur Sigmundsson, prófessor í lífeðlislegri sálfræði



Hermundur lýsir því þegar sonur hans var í skóla í Noregi 7 ára gamall og las umræddar bækur. „Honum fannst svo áhugavert að lesa um strák sem datt á skautum og þurfti að fara á spítala, það blæddi úr honum og þetta þótti óttalega spennandi. Svo man ég eftir annarri bók sem var um köngulær með hárum og öll bókin var um þær og hvað þær átu og annað. Það er mismunandi hvað stúlkur velja og hvað drengir velja. En það er lykilatriði að reyna að fanga áhugann hjá börnum. Við verðum að hafa efni bóka spennandi,“ segir Hermundur.



Drengir leika sér öðruvísi en stúlkur og segir Hermundur oft erfitt fyrir þá að sitja kyrra á skólabekk. „Það er oft mikill kraftur í drengjum og þeir sem eru virkilega orkumiklir eiga mjög erfitt með það. Við höfum fengið einn skóla, Flataskóla, með okkur í lið til að breyta þessu. Þar hefst dagurinn á hreyfingu. Við erum með rannsóknir erlendis sem sýna það að hreyfing í fyrsta tíma skóladagsins er gífurlega mikilvæg fyrir ró og einbeitingu í fjóra tíma á eftir,“ segir Hermundur. „Það þarf vilja og þor til að brjóta aðeins upp skóladaginn og taka tillit til þess að kynin eru mismunandi. Við verðum að reyna að rífa okkur upp úr þessu gamla fari og kveikja neista hjá nemendum. Við erum ekki eins.“

Þörf sé á því að mæta drengjum á annan hátt en hefðbundið skólakerfi bjóði upp á. Nauðsynlegt sé að spjalla meira við drengi frá fæðingu og sinna þeim þannig að þeir hafi áhuga á að læra, gera efnið áhugavert.

„Það eru margir frábærir kennarar með neista, góðir kennarar sem eru óhræddir við að prófa nýja hluti og ég treysti þeim alveg til að tækla þetta. Við þurfum að mæta börnum og laga kerfið að þeim. Aðlaga skólakerfið mismunandi þörfum drengja og stúlkna. Sumir þurfa þess ekki, en það eru margir sem þurfa þess og þá þarf að finna það sem viðkomandi þarf á að halda.“

## Foreldrar lykillinn að breyttri líðan

Bryndís Valgarðsdóttir, skólastjóri í Hlíðarskóla, hefur unnið með ungum drengjum í nærri fjóra áratugi. Í vetur er hún með 15 nemendur í skólanum, allt drengi. Skólinn er í Eyjafirði og býður upp á tímabundið úrræði með sérhæfingu í að vinna úr vanda sem er ekki hægt að leysa í öðrum grunnskólum.

„Það er svo margt sem þeir eru að takast á við, oft er námsvandi aðeins afleiðing af öðrum vanda,“ segir Bryndís. „Á síðustu árum hef ég verið að sjá þá meira og meira brotna inn á við. Þeir eru að missa sjálfstraustið, sumir fara þá leið að vera með uppsteyt og læti. Aðrir vilja helst loka sig af, tölvurnar eru til dæmis afskaplega þægileg flóttaleið.“

Hún telur ekki að vandi af þessu tagi sé bundinn við drengi. „Stúlkur fela þetta betur og komast oft miklu lengra áður en það fer að steyta á. Drengirnir eru meira með þetta uppi á yfirborðinu og við sjáum vandann mun fyrr.“



**Bryndís Valgarðsdóttir, skólastjóri í Hlíðarskóla.**

Bryndís segir hörkuna og kröfur samfélagsins gera það að verkum að drengir finna fyrir stefnuleysi. Eitt af vandamálum samfélagsins sé að leggja of mikla áherslu á bóknám og háskólamenntun. „Er sá sem er flinkur að lesa eitthvað betri en sá sem er flinkur í að vinna með höndunum? Við erum að brjóta svo marga niður með ofuráherslu á bóknám. Ég held að unga fólkið okkar vanti jafnvægi, að það sé talið flott að gerast smiður eða rafvirki.“

Í Hlíðarskóla er unnið út frá heildstæðri nálgun. „Það er ekki barnið sem á í vanda, það er fjölskyldan. Foreldarnir eru lykillinn að því að líðan þeirra breytist. Hér starfar fjölskylduráðgjafi og foreldrarnir taka mikinn þátt í starfinu við að hjálpa barninu. Það eru sett samstillt markmið. Þetta eru langoftast feikilega flottir foreldrar sem eru einfaldlega fastir í vítahring.“

Bryndís myndi helst vilja sjá fjölskylduráðgjafa í hverjum grunnskóla og jafnvel skylda foreldra á námskeið samhliða því að skrá börn í leik- og grunnskóla. „Þau þurfa að læra að vera foreldri, ekki vinur. Það eru svo margir sem festast í vinahlutverkinu til að láta allt ganga vel. En barnið þarf að treysta á að foreldrar séu til staðar til að setja þeim mörk og styðja þau áfram. Þeir sem þurfa mest á þessu að halda eru ólíklegastir til að mæta, því myndi ég vilja gera þetta að skyldu.“ **arib@frettabladid.is**

# Samfélagið brást strákunum í myrkrinu

Þorkell Máni Pétursson er markþjálfi sem starfar með ungum mönnum, hann er einnig faðir drengs sem er greindur með athyglisbrest. Hann er vægast sagt harðorður í garð kerfisins og segir hægt að gera miklu betur. „Í þessu kerfi er ein ógeðfelldasta stéttaskipting sem ég hef orðið var við á ævinni,“ segir Máni.

„Við hjónin förum með son okkar í greiningu fyrir tæplega fimm árum. Það tók alveg 12 til 18 mánuði að klára ferlið. Þegar ferlinu lýkur og sonur okkar er kominn með greiningu með athyglisbrest og kvíðaröskun, er okkur tilkynnt að hann komist á námskeið fyrir börn með þessar greiningar. Biðtíminn er 12 mánuðir, en ef við borguðum 70 þúsund krónur kæmist hann á námskeið í næstu viku. Við áttum ekki til orð.“

Sem betur fer þurfti sonur þeirra ekki á námskeiðinu að halda og hjónin höfðu efni á að greiða fyrir aðra þjónustu fyrir hann. „Þá hugsar maður óneitanlega til allra þeirra stráka sem ég hef kynnst í gegnum tíðina í 12 spora samtökunum, drengir sem þurftu á greiningu að halda en voru ekki aldir upp við þær aðstæður að mæður þeirra hefðu efni á að borga þennan 70 þúsund kall.“

Máni segir son sinn einnig hafa verið heppinn að hafa stundað nám í Hjallastefnunni. „Hann fékk gríðarlega hlýju. Ég hef ekki orðið var við slíkt á öðrum stöðum, ekki fékk ég neitt slíkt á sínum tíma. Það voru frjálsari reglur í skólanum,

> **Við sjáum það að þegar drengir með einhverjar raskanir, sem kallaðir eru öðruvísi, fá áhuga á einhverju þá eru þeir afbragðsgóðir í því.**
>
> Þorkell Máni Pétursson markþjálfi



hann var sendur út að hlaupa þegar hann var fullur af orku og fékk að vinna verkefnin þar sem honum hentaði.“

Hann segir mikinn misskilning að vandamálin séu smám saman að hverfa með tímanum. „Við höldum að einhverju leyti að unglingar í dag séu öðruvísi. Rannsóknir sýna að þeir reykja og drekka minna en áður, staðreyndin er líka sú að þeir eru nú að nálgast Evrópumet í klámáhorfi. Ég spyr mig, eru ungir menn ekki alveg jafn kvíðnir og óstýrilátir og þeir voru fyrir nokkrum áratugum, en í staðinn fyrir að drekka og reykja þá eru þeir að horfa á klám og spila Fortnite allar nætur?“

Kerfið getur gert mun betur þegar kemur að unglingsdrengjum að mati Mána. „Mín reynsla af því að vinna með unga menn er að þá vantar oft stefnu og tilgang. Skólakerfið á að rækta það sem þeir eru góðir í. Þjóðverjar eru góðir í þessu. Við sjáum það að þegar drengir með einhverjar raskanir, sem kallaðir eru öðruvísi, fá áhuga á einhverju þá eru þeir afbragðsgóðir í því,“ segir Máni. Einstaklingar sem passa ekki inn í kassalaga mót geta skarað fram úr á mörgum sviðum og þekkir Máni mörg dæmi um íþróttamenn, tónlistarmenn og aðra í skapandi greinum. „Ég held að ég geti fullyrt að hálft A-landslið karla í fótbolta sé ofvirkt eða með athyglisbrest.“

Máni segir það gríðarlegt tap fyrir samfélagið að taka ekki vel utan um stráka sem eru öðruvísi, finna fyrir þá leiðir og örva þá í að verða sterka einstaklinga. „Ef við gerum það ekki erum við að glutra niður fjármunum. Ég er búinn að kynnast svo mörgum strákum úr myrkrinu og get oft verið gríðarlega reiður yfir því að það hafi ekki verið tekið utan um þá og gerðar úr þeim betri manneskjur. Þetta geta oft verið hinir mestu snillingar og karakterar, en samfélagið hefur brugðist þeim.“

**arib@frettabladid.is**







**OPEL ASTRA**
Nýskráður: 2015 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 78.000 km.
Verð. 1.490.000 kr.
**Tilboð: 1.090.000 kr.**




**CHEVROLET CRUZE**
Nýskráður: 2013 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 44.000 km.
Verð. 1.790.000 kr.
**Tilboð: 1.490.000 kr.**

**Gott úrval notaðra bíla | benni.is**




**SSANGYONG REXTON HLX**
Nýskráður: 2014 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 112.000 km.
Verð. 2.890.000 kr.
**Tilboð: 2.490.000 kr.**




**SSANGYONG KORANDO**
Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 141.000 km.
Verð. 2.490.000 kr.
**Tilboð: 1.990.000 kr.**




**OPEL ASTRA NOTCHBACK**
Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 39.000 km.
Verð. 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**




**RENAULT MEGANE**
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
Verð. 2.890.000 kr.
**Tilboð: 2.490.000 kr.**




**SSANGYONG TIVOLI HLX**
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 52.000 km.
Verð. 3.190.000 kr.
**Tilboð: 2.790.000 kr.**




**CHEVROLET SPARK**
Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 22.000 km.
**Verð: 1.190.000 kr.**




**CITROEN C3 SEDUCTION**
Nýskráður: 2014 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 34.000 km.
**Verð: 1.090.000 kr.**




**RENAULT KADJAR INTENS**
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 32.000 km.
**Verð: 3.490.000 kr.**




**VOLVO S60**
Nýskráður: 2013 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 88.000 km.
**Verð: 2.390.000 kr.**




**SUBARU FORESTER LUX**
Nýskráður: 2014 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 81.000 km.
**Verð: 2.590.000 kr.**

* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Bílabúð Benna

**Kíktu í sýningarsali okkar**

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

# TILVERAN

## Skóla lokað vegna myglu

Fossvogsskóla var lokað í gær eftir að upp komst um umfangsmiklar rakaskemmdir í öllum þremur byggingum skólans. Allir 352 nemendur skólans, að undanskildum fjórða bekk sem verður áfram í lausum stofum, fara í aðra skóla þangað til skólinn verður opnaður aftur í haust. Bæði Heilbrigðiseftirlitið og Mannvit skoðuðu skólann síðasta haust en fundu hvorki myglu né rakaskemmdir. Það voru foreldrar barna sem fundu fyrir einkennum mygluveikinda sem þrýstu á Reykjavíkurborg að skoða málið betur. Í skýrslu Verkís sem kom út í byrjun mánaðarins kom fram að mikilla framkvæmda sé þörf. Skóla- og frístundasvið mat það sem svo að það væri ekki eftir neinu að bíða og lokaði skólanum.

**» Bæði Heilbrigðiseftirlitið og Mannvit skoðuðu skólann síðasta haust en fundu hvorki myglu né rakaskemmdir.**

## Dómsmálaráðherra stígur til hliðar

Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra steig til hliðar í kjölfar dóms Mannréttindadómstóls Evrópu, MDE. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ráðherrann hafði sýnt gildandi reglum algjört skeytingarleysi við val á dómaraefnum við Landsrétt. Dómurinn var ansi harðorður, en þar segir að Hæstiréttur og Alþingi hafi brugðist í málinu. Það er nú í höndum íslenska ríkisins hvernig brugðist verður við. Ellefu mál bíða nú úrlausnar MDE sem munu einnig reyna á skipun dómaranna við Landsrétt. Þingmenn Samfylkingarinnar og Pírata voru fljótir að krefjast afsagnar ráðherra. Sigríður Á. Andersen sagði á þriðjudaginn að hún muni ekki segja af sér vegna málsins. Í gær boðaði hún til blaðamannafundar með stuttum fyrirvara þar sem hún tilkynnti að hún myndi stíga til hliðar.

**» Sigríður Á. Andersen sagði á þriðjudaginn að hún muni ekki segja af sér vegna málsins. En sú staða breyttist í gær.**








# Vikan

Grunnskóla lokað vegna myglu, flugvélar kyrrsettar í kjölfar flugslysa og bólusetningarátak var meðal þess sem bar hæst í liðinni viku. Stærsta fréttin var þó ákvörðun dómsmálaráðherra um að stíga til hliðar.



## Flugvélar kyrrsettar

Á sunnudaginn hrapaði Boeing 737 MAX 8 flugvél í Eþíópíu með þeim afleiðingum að 157 fórust. Þetta er annað mannskæða flugslysið á vél af þessari tegund á tæpum fjórum mánuðum. Síðasta haust hrapaði vél í Indónesíu með þeim afleiðingum að 189 létust. Í desember þurfti vél Norwegian að nauðlenda í Íran eftir bilun í hreyfli. MAX 8 vélarnar eru nýjar, aðeins er búið að framleiða 350 eintök. Icelandair á þrjár slíkar vélar sem hafa reynst vel. Á mánudaginn stefndi fyrirtækið að því að halda þeim í rekstri. Atburðarásin var þó hröð erlendis. Kínverjar kyrrsettu sínar vélar á mánudaginn. Daginn eftir bættust við fleiri lönd. Eftir hádegið tilkynnti Icelandair að vélar þess yrðu kyrrsettar. Um kvöldið var búið að kyrrsetja allar MAX 8 vélar í Evrópu.

**» Þetta er annað mannskæða flugslysið á vél af þessari tegund á tæpum fjórum mánuðum.**

## Bólusetningarátak eftir upprisu mislinga

Ráðist var í bólusetningarátak á höfuðborgarsvæðinu og á Austurlandi eftir að fimmta mislingasmitið kom upp á stuttum tíma. Grunur er um sjötta smitið. Tugir einstaklinga eru nú vaktaðir vegna gruns um smit. Mislingar eru afar smitandi eftir að einkenni koma fram. Sjúkdómurinn getur verið hættulegur og jafnvel valdið dauða. Öll börn eru bólusett fyrir sjúkdómnum við 18 mánaða aldur. Upprisa mislinganna nú er sú alvarlegasta í áraraðir, á árunum 1998 til 2017 greindust aðeins þrjú tilfelli hér á landi. Á föstudaginn voru allir óbólusettir á aldrinum 6 mánaða til 49 ára boðaðir í bólusetningu. Bólusetningin gengur vel, á þriðjudaginn var búið að bólusetja meira en þrjú þúsund einstaklinga.

**» Upprisa mislinganna nú er sú alvarlegasta í áraraðir.**

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins












Tvær glæsilegar mikið endurnýjaðar 2ja og 3ja herbergja íbúðir (samtals 127,4 fm) með sérinngangi í litlu tvíbýlishúsi við Njálsgötu 58b í Reykjavík. Efri íbúðin er 69 fm og sú neðri 58,4 fm. Íbúðirnar eru vel staðsettar í rólegum hluta miðbæjarins. Húsið var endurnýjað að innan 2011-2012. Garður og húsið að utan voru gerð upp á árunum 2012-2016. Nýlega var skipt um járn og pappa á þaki. Garður snýr til suðurs og er í skjóli fyrir norðanáttinni, glæsilegur með hellulögn og viðarverönd með skjólveggjum auk matjurtagarðs. Auk þess hefur rafmagn, vatnslagnir og ofnar verið endurnýjað. Skólplagnir hafa verið endurnýjaðar út í götu.

# PIER



ROMANA sófi, ~~49.900~~,- 39.920
137x77xH76cm,-



KIRSTU velúr kistur, 2 stærðir
minni, ~~14.990,-~~ 12.088,-L109.5xW35xH36cm
stærri, ~~19.990,-~~ 16.120,- L117xW40.5xH41cm

**20%**
**AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM**



FLIRT bekkir, ~~19.990~~,- 15.992,-
L100xW39xH50cm



RUFFEL stóll, 12.990,- 10.392,-
Kom einnig í grænum lit

*Ný sending!*



MANHATTAN sófi, ~~189.900~~,- 151.920,- 220x90 H77



LEIDEN borð, ~~19.990~~,- 15.992,-
90xH45cm



PAPLE borð, miðstærð
~~25.900~~,- 20.720,-



IGUALA bekkur, ~~29.900~~,- 23.920,-
120x38xH45cm

PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 14. mars- 20. mars. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Óhjákvæmilegt



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það var enginn raunhæfur kostur í stöðunni fyrir Sigríði Andersen annar en að láta af störfum sem dómsmálaráðherra landsins, eins og hún áttaði sig á eftir að hafa sjálf sagt við fjölmiðla að hún myndi ekki segja af sér. Sinnaskiptin urðu nokkuð snögg, ráðherra sem kvöld eitt sagðist hvergi ætla að fara gerði það einmitt næsta dag. Sigríður segist sjálf hafa tekið ákvörðun um að stíga til hliðar, eins og hún kallar það, en þó verður að teljast líklegt að einhverjir félagar hennar í ríkisstjórn hafi lagt sitt af mörkum til að auðvelda leið hennar að réttri niðurstöðu. Það blasti við flestum að henni var ekki lengur sætt á ráðherrastóli eftir að hafa fengið á sig dóm frá Mannréttindadómstól Evrópu fyrir brot í starfi.

Það vekur allmikla furðu að Sigríður tali eins og hún sé einungis að stíga tímabundið til hliðar. Það bendir óneitanlega til þess að hún átti sig ekki fyllilega á alvarleika málsins og skilji ekki stöðu sína til fulls. Svo virðist sem hún gangi með þann draum að þjóðin steingleymi hinum furðulegu gjörðum sem leiddu til þess að hún hefur nú neyðst til að stíga úr ráðherrastóli og taki hana aftur í sátt. Það mun ekki gerast. Þjóðin er búin að fá sig fullsadda af þingmönnum sem skandalísera, misstíga sig í embætti eða gera stórfelld mistök og fara síðan í frí í vikur eða mánuði og snúa svo aftur eins og ekkert sé.

Auðmýkt er orð sem því miður er of algengt að sé ekki til í orðabók stjórnmálamanna. Sigríður Andersen hefur ekki sýnt vott af iðrun vegna þeirra furðulegu ákvarðana í starfi dómsmálaráðherra sem kölluðu yfir hana dóm frá Mannréttindadómstólnum. Hún gagnrýnir dómstólinn harðlega og talar af hroka og yfirlæti í stað þess að líta í eigin barm og viðurkenna mistök sín. Sama virðingarleysi sýnir Sigríður samstarfsflokkum sínum í ríkisstjórn. Aðspurð sagðist hún ekki hafa tilkynnt Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra um ákvörðun sína fyrir fundinn. „Hún les bara um þetta í blöðunum," sagði hún, rétt eins og málið kæmi forsætisráðherra landsins ekki nokkurn skapaðan hlut við. Það er eitthvað verulega brogað við þetta. Ef ráðherrar bera ekki traust til forsætisráðherra getur þetta ríkisstjórnarsamstarf ekki lifað af.

Endurkoma Sigríðar Andersen í ráðherrastól er útilokuð. Samstarfsflokkarnir, Framsóknarflokkur og sérstaklega Vinstri græn, gætu aldrei nokkru sinni sætt sig við slíkt og ganga þar í takt við álit þjóðarinnar. Ráðherra sem Mannréttindadómstóll Evrópu telur hafa brotið af sér í starfi verður að hverfa úr embætti. Hann getur ekki notið stuðnings ríkisstjórnar, en Sigríður segist samt líta svo á að hún hafi þann stuðning. Hún segist njóta fulls stuðnings í eigin þingflokki, sem er merkilegt. Vissulega er gott að standa með vinum sínum en verði þeim stórkostlega á í starfi þá ber að segja þeim það og fremji þeir lögbrot ber ekki að hylma yfir það.

Það var óhjákvæmilegt að Sigríður Andersen hyrfi úr þessari ríkisstjórn.

**Hún gagnrýnir dómstólinn harðlega og talar af hroka og yfirlæti í stað þess að líta í eigin barm og viðurkenna mistök sín.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Mínus**

**Flest sem Sigríður Á. Andersen, tímabundið ekki dómsmálaráðherra, gerir er umdeilt. Einnig ákvörðun hennar um að stíga til hliðar vegna leiðinda í MDE. Hún hefur frá upphafi deilnanna um skipan dómara í Landsrétt átt hauka í horni á Útvarpi Sögu, jafnt hjá dagskrárgerðarfólki og hlustendum. Á innhringjendum hefur mátt heyra að henni beri að hunsa leiðindin frá Strassborg í nafni fullveldis landsins en eftir að hún steig til hliðar í gær virðist Sögufólki hafa fallist hendur og í frétt á vefnum var hún sögð hafa sagt af sér. Síðan eru þeir til sem finnst hliðarsporið heldur klént. Illugi Jökulsson er þar á meðal og segir á Facebook: „Það er sérstakur staður í helvíti fyrir þann mann sem fyrstur fann upp á orðalaginu „stíga til hliðar"."**

**Plús**

**Baldur Hermannsson, eldri borgari og einarður Sjálfstæðismaður, tók sinn pól í hæðina á Facebook, jákvæður að vanda. Hann sagði ákvörðunina um hliðarsporið „glæsilega". Hún rísi tignarleg af „sínum veldisstóli, sléttir úr fellingum skikkjunnar og stikar hnarreist út úr salarkynnum æðstu stjórnvalda lýðveldisins", segir Baldur og bítur í skjaldarrendur: „Sigríður lærir af þessari sennu, hún lærir og herðist, minnug fleygra orða: það sem ekki drepur okkur, herðir okkur."**

thorarinn@frettabladid.is

# Endurbætur og endurgerð



Hjálmar Sveinsson
borgarfulltrúi

Þessa dagana er verið að klára að gera upp Stórasel vestur í bæ, gamalt tómthúsbýli á baklóð við Holtsgötu. Minjavernd hf. stendur að verkinu. Þarna var reistur tvöfaldur steinbær á árunum 1884 til 1893 en hann hafði tapað upprunalegum einkennum sínum og var orðinn mjög hrörlegur. Fyrir fáeinum misserum gerðu Reykjavíkurborg og Minjavernd með sér samning um endurgerð nokkurra húsa í borginni, þar á meðal Stórasels og Gröndalshúss sem var flutt frá Vesturgötu að Fischersundi með viðkomu úti á Granda.

Kostnaður við endurgerð gamalla húsa í borginni hefur verið mikið í umræðunni frá síðustu kosningum. Mörgum blöskrar hvað þær kostnaðaráætlanir reynast oft haldlitlar þegar á reynir. Það er augljóslega mikilvægt fyrir borgaryfirvöld að bæta vinnubrögðin. Ég tel samt að þegar fram í sækir muni flestir telja að það hafi verið þjóðþrifaverk að ráðast í vandaða endurgerð þessara húsa.

Ákvörðun borgaryfirvalda um síðustu aldamót að taka Geysishúsið við Aðalstræti í gegn og Hafnarstræti 16 skipti miklu máli. Enn stærra skref var tekið þegar gömlu húsin við Lækjargötu 2 og Austurstræti 22 voru endurgerð af miklum metnaði eftir brunann mikla þar á horninu árið 2007. Kostnaðurinn var mikill og framkvæmdin umdeild. Í dag eru flestir ánægðir með þessi fallegu nýju/gömlu hús.

Síðustu misserin hafa einkaaðilar staðið fyrir metnaðarfullri endurgerð gamalla húsa við Hafnarstræti. Svolítið vestar, við Tryggvagötu, er búið að endurbyggja gömlu Fiskhöllina og Exeterhúsið. Til mikillar prýði.

Margt fleira mætti nefna. Þyrping gamalla húsa við Vitastíg, milli Laugavegs og Hverfisgötu, er að þéttast og ganga í endurnýjun lífdaga sinna. Sama er að segja um timburhúsaröðina við Vallarstræti. Tímabærar endurbætur glerskálans á Hlemmtorgi, sem varð 40 ára í fyrra, hafa heppnast vel, jafnvel þótt sú framkvæmd hafi verið kostnaðarsamari en til stóð, líkt og endurgert Gröndalshús. Nýlega stóð borgin ásamt HR fyrir endurbyggingu húsaþyrpingar frá stríðsárunum við Nauthólsveg sem hefur verið kölluð „bragginn". Eins og frægt er.

**Kostnaður við endurgerð gamalla húsa í borginni hefur verið mikið í umræðunni frá síðustu kosningum. Mörgum blöskrar hvað þær kostnaðaráætlanir reynast oft haldlitlar þegar á reynir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Góða ferð til Panama

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Panama – Spilltir stjórnmálamenn og viðskiptajöfrar bera spillinguna gjarnan utan á sér. Stundum kemur klæðaburðurinn upp um þá eða vinahópurinn eða orðfærið, fasið eða jafnvel bara göngulagið. Þeir gera þetta ýmist ómeðvitað eða af ásettu ráði til að afla sér óttablandinnar virðingar.

Donald Trump Bandaríkjaforseti er þessarar gerðar. Margir telja fyrirtæki hans vera glæpafyrirtæki, fjölskyldu hans glæpafjölskyldu. Um þetta hafa virtir höfundar skrifað margar bækur. Robert Mueller saksóknari í Washington býst nú til að skila skýrslu sinni um Rússatengsl Trumps og manna hans. Saksóknarar í New York rannsaka viðskiptaferil Trumps enda hafa margir nánir samherjar forsetans játað á sig glæpi og fengið fangelsisdóma. Nýr meiri hluti demókrata í fulltrúadeild Bandaríkjaþings hefur einsett sér að leiða sannleikann í ljós við vitnaleiðslur. Þegar repúblikanar höfðu meiri hluta í deildinni 2016-2018 horfðu þeir til himins, þóttust ekki vita það sem allir máttu vita. Níundi hver kjósandi treystir þinginu.

**Gróin spilling lýsir sér einkum í eiginlegri yfirtöku ríkisvalds. Í spilltum löndum hegða stjórnmálamenn og stundum jafnvel dómarar sér eins og strengjabrúður í höndum auðmanna. Þingmenn láta kaupa sig til fylgis við löggjöf gegn betri vitund. Ráðherrar úthluta almannagæðum til einkavina.**

### Nokkur aðalsmerki spillingar

Spilling er það kallað þegar menn misnota í eigin þágu vald sem þeim hefur verið trúað fyrir.

Á hverju þekkjast spillt lönd? – þ.e. lönd þar sem spilling hefur náð að festa rætur í stjórnmálum og viðskiptum. Gróin spilling lýsir sér einkum í eiginlegri yfirtöku ríkisvalds. Í spilltum löndum hegða stjórnmálamenn og stundum jafnvel dómarar sér eins og strengjabrúður í höndum auðmanna. Þingmenn láta kaupa sig til fylgis við löggjöf gegn betri vitund. Ráðherrar úthluta almannagæðum til einkavina. Sveitarstjórnarmenn gera samninga um opinberar framkvæmdir án útboðs. Lögregla, saksóknarar og dómarar sjá til þess að enginn er tekinn fyrir lögbrot nema einhverjir smáfiskar á stangli sem uggðu ekki að sér.

Hér í Panama mæla lög fyrir um að enginn nema þjóðþingið getur látið rannsaka hæstaréttardómara og enginn nema hæstiréttur getur látið rannsaka þingmenn. Þessi samtrygging valdsins hélt lengi, en sagan geymir ýmis frávik frá reglunni eins og þegar Hitler og Stalín lofuðu að ráðast ekki hvor á annan. Við munum hvernig það fór. Hér hefur einnig verið séð til þess að meiðyrðalög frá einræðisstjórnarárunum 1968-1988 eru enn í gildi til að refsa uppljóstrurum. Þeir sem eru sakaðir um spillingu eru sjaldan lögsóttir og næstum aldrei settir inn þar eð dómstólarnir eru undirmannaðir og dómararnir eru nátengdir og vinveittir valdinu. Mútur og misnotkun almannafjár eru daglegt brauð skv. fréttum fjölmiðla. Við bætast landlægur klíkuskapur og misbeiting valds sem stjórnmálaflokkarnir nota til að kaupa sér fylgi í stórum stíl. Landið hefur búið við lýðræði frá 1989.

Panama liggur í alfaraleið. Skipaskurðurinn frægi tengir Atlantshafið við Kyrrahaf. Landið hefur lögfest 18 fríverzlunarsvæði. Þau eru misnotuð með því að menn flytja varning til landsins gjaldfrjálst um svæðin án þess að þurfa að sanna að þau séu lögmæt endastöð. Einmitt þannig var Keflavíkurflugvöllur misnotaður á Íslandi svo sem fram gengur af dómskjölum olíumálsins á sinni tíð.

### Viðnám gegn spillingu

Juan Carlos Varela, forseti Panama frá 2014, lofaði kjósendum að útrýma spillingu í stjórnsýslu landsins, auka gegnsæi og lögsækja spillta embættismenn og stjórnmálamenn. Ríkisstjórn hans hefur stefnt allmörgum hátt settum mönnum fyrri stjórnar, þ. á m. fv. forseta hæstaréttar sem fékk fimm ára fangelsisdóm fyrir spillingu. Ricardo Martinelli, forseti landsins 2009-2014, var einnig kærður fyrir spillingu og fyrir að njósna um blaðamenn og andstæðinga. Hann var tekinn fastur í Bandaríkjunum 2017 og framseldur til Panama 2018. Synir hans tveir voru einnig settir inn. Panamísk lög mæla fyrir um viðurlög við spillingu, þ. á m. um upptöku þýfis, en þeim hefur hingað til ekki verið framfylgt nema að litlu leyti. Nýjum ríkisstofnunum er ætlað að auka gegnsæi og afhjúpa spillingu þar eð refsileysi hefur verið reglan þar til nýlega. Þessi dæmi sýna að stjórnvöld í Panama viðurkenna spillingarvandann og reyna að taka á honum af veikum mætti.

### Heim til þín, Ísland

Spillingin hér í Panama virðist hafa hjaðnað aðeins frá fyrri tíð en hún mælist enn mikil. Transparency International stillir landinu í miðjar hlíðar, gefur landinu einkunnina 3,7 fyrir 2018. Þetta þýðir að um helmingur þeirra 180 landa sem tölur Transparency ná yfir telst óspilltari en Panama og hinn helmingurinn spilltari. Transparency hefur til samanburðar lækkað einkunn Íslands smám saman úr 9,3 fyrir 1998 í 7,6 fyrir 2018. Gallup gefur Panama einnig lága einkunn því þar sögðust 78% aðspurðra telja spillingu útbreidda í stjórnmálum landsins 2012 borið saman við 67% á Íslandi, 25% í Noregi, 15% í Danmörku og 14% í Svíþjóð. Meira næst.

# Að skapa ósátt



Guðmundur Andri Thorsson
þingmaður Samfylkingarinnar

Sjónarvottar að aðgerðum lögreglu gegn mótmælendum á Austurvelli síðast liðinn mánudag voru almennt hneykslaðir og miður sín vegna þeirra. Upptökur sýna að lögregla gekk þar alltof hart fram.

Mótmælin voru fámenn og friðsamleg eins og önnur sem hælisleitendur hafa staðið fyrir að undanförnu en viðbúnaður lögreglu var ansi mikill, eiginlega yfirþyrmandi, eins og yfirvofandi væri árás á þingið. Óneitanlega hvarflar að manni að hugmyndin sé sú að hér sé um að ræða hættulega hryðjuverkamenn, út af stöðu þeirra og uppruna, jafnvel trú, og þeim þurfi að sýna fyllstu hörku. Vissulega hefur lögreglan það hlutverk að verja þinghúsið, sé einhver ógn, en ekkert í framgöngu mótmælenda réttlætti hins vegar slíkt mat og spurningar hljóta að vakna um það hvort fordómar og fantasíur ráði för frekar en þekking, skynsemi – og virðing.

Nauðleitarmenn sem hingað koma eiga rétt á sanngjarnri málsmeðferð. Þeir eiga rétt á því að komið sé vel fram við þá. Þeir eiga rétt á því að mótmæla þyki þeim sem á sér sé brotið. Þeir eiga rétt á því að hlustað sé á þá og brugðist við réttmætum athugasemdum.

Það er alltaf betra að hlusta á fólk og tala við það en að þagga niður í því með ofstopa. Slíkt stuðlar að ósátt og ósátt vekur andúð. Það getur ekki verið hlutverk og keppikefli lögreglunnar að magna upp andúð aðkomumanna á íslensku samfélagi.


## Aðalfundur Landsbankans 2019

**Aðalfundi Landsbankans hf., sem halda átti miðvikudaginn 20. mars 2019, hefur verið frestað til fimmtudagsins 4. apríl 2019 kl. 16:00. Fundurinn verður haldinn á Grand Hótel (fundarsalur: Gullteigur), Sigtúni 38, Reykjavík.**

### Drög að dagskrá

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

### Aðrar upplýsingar

Hluthafar eiga rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast bankanum fyrir kl. 16:00 miðvikudaginn 20. mars 2019.

Endanleg dagskrá fundarins, endanlegar tillögur og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða aðgengileg á vefsíðu bankans á slóðinni https://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundir/ fimmtudaginn 21. mars 2019.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynna skal skriflega um framboð til bankaráðs fyrir kl. 16:00 föstudaginn 29. mars 2019 til skrifstofu bankastjóra, Austurstræti 11, Reykjavík. Upplýsingar um frambjóðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á vef bankans tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum að frádregnum eigin hlutum sem eru án atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og önnur gögn verða aðgengileg á fundarstað frá kl. 15:30 á fundardegi.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang.

**Reykjavík, 14. mars 2019**
**Bankaráð Landsbankans hf.**

Landsbankinn · landsbankinn.is · 410 4000

# Launajafnrétti á Íslandi



Bjarni Jónsson
fyrrverandi dósent

Vinkona mín, hámenntuð og með eindæmum dugleg, vinnur í banka og hefur 920.00 í laun á mánuði (er í efstu tekjutíund 2017). Hún á þrjú börn með fyrrverandi manni sínum sem vinnur sem bílstjóri á Eflingartaxta, hefur lágmarkslaun, 300.000 á mánuði. Þau skildu á síðasta ári og eru börnin með lögheimili hjá eiginmanninum fyrrverandi.

Hún spurði mig hvort þeirra ég héldi að væri með hærri ráðstöfunartekjur. Ég svaraði að ég reiknaði nú með að hún væri með töluvert hærri ráðstöfunartekjur þar sem laun hennar eru í flokki 10% þeirra sem hæst hafa laun á landinu en hann hafi lágmarkslaun, sem eru í neðstu tíund.

Hún svaraði: Karlinn er með 625.531 þús. á mánuði í ráðstöfunartekjur, en ég, er með 400.781, eða um tæplega 225 þús. minna þótt ég sé með meira en þrisvar sinnum hærri laun. Ef ég tæki afborganir af námslánum með í reikninginn hef ég um 360.000 í ráðstöfunartekjur, tæplega helming af því sem hann hefur.

Í töflunni hér til hliðar eru sýndar tekjur, skattar og önnur gjöld, bætur, og ráðstöfunartekjur.

Af umræðunni að dæma undanfarið mætti halda að munur á ráðstöfunartekjum væri hér mjög mikill og að hópar eins og barnmargar einstæðar mæður hefðu það einstaklega slæmt. Í þeirri umræðu fer oftast lítið fyrir hlutverki velferðarkerfisins sem gengur rösklega fram í að jafna kjör, hvað þá að umræðan snúist um töluleg gögn og staðreyndir. Í ofangreindu dæmi sést hvernig velferðarkerfið fer offari í að leggja álögur á þá sem það telur hafa breiðustu bökin og veita til hinna sem eru taldir mest þurfandi.

Hver og einn getur sannreynt tölurnar í töflunni hér að ofan, og skoðað hvaða áhrif breyttar forsendur hafa.

Reiknivél um skatta er t.d. að finna á vefnum https://virtus.is/#Reiknivel

Reiknivél um barnabætur er að finna á vef RSK https://www.rsk.is/einstaklingar/reiknivelar/reiknivel-barnabota/

Reiknivél um húsnæðisbætur er að finna á vef Íbúðalánasjóðs, https://www.husbot.is/reiknivel

Reglur um meðlagsgreiðslur er að finna á vef Sýslumanna https://www.syslumenn.is/thjonusta/fjolskyldumal/medlag_framlog/ og http://www.medlag.is/

Reglur um mæðra/feðralaun er að finna á vef Tryggingastofnunar https://www.tr.is/barnafjolskyldur/maedra--og-fedralaun/

*Í þessu tilfelli er gert ráð fyrir að meðlagsgreiðsla sé tvöföld lágmarksgreiðsla sem heimild er fyrir í reglugerð þar sem laun meðlagsgreiðanda eru hærri en 885 þús. á mánuði. Ef einungis er greitt lágmarksmeðlag verður munur á ráðstöfunartekjum samt um 18 þús. einstæða foreldrinu í vil

**Karlinn er með 625.531 þús. á mánuði í ráðstöfunartekjur, en ég er með 400.781 eða um tæplega 225 þús. minna þótt ég sé með meira en þrisvar sinnum hærri laun.**

### Tekjur, skattar, gjöld, bætur og ráðstöfunartekjur

| | Einstætt foreldri með 3 börn | Fráskilinn bankamaður með 3 börn |
|---|---|---|
| **Laun** | **Lágmarkslaun** | **Efsta tekjutíund** |
| Mánaðarlaun | **300.000** | **920.000** |
| Tekjuskattur og útsvar | 49.940 | 269.807 |
| Lífeyrissjóður | 12.000 | 36.800 |
| Stéttarfélag | 2.100 | 6.440 |
| **Útborgað** | **235.960** | **606.953** |
| Barnabætur | 103.086 | 0 |
| Húsnæðisbætur | 54.449 | 0 |
| Meðlag* | 206.172 | -206.172 |
| Mæðra/feðralaun | 25.864 | 0 |
| Bætur samtals | **389.571** | -206.172 |
| Ráðstöfunartekjur | **625.531** | **400.781** |
| **Mismunur** | | **-224.750** |




ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Świadectwo kwalifikacji zawodowej
Kurs odnawiający po polsku
Endurmenntun atvinnubílstjóra á Pólsku

**Rozpoczęcie**
**17.03 godz 10.00**
Zajęcia będą prowadzone w niedziele w zależności od ilości chętnych Więcej
informacji na **www.bilprof.is**
Ökuskólinn i Mjódd **s.5670300**
**Þarabakki 3 pierwsze piętro**

**Hefst sunnudaginn**
**17. mars kl 10-17**
og verða námskeið áfram á sunnudagsmorgnum eftir því sem þörf er á.
Sjá nánar á **www.bilprof.is**
Ökuskólinn í Mjódd **s. 567-0300**
**Þarabakki 3, 2.hæð**

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - s:5670300 - mjodd@bilprof.is


# RÚV með helming auglýsingatekna



Heiðar Guðjónsson
stjórnarformaður Sýnar hf.

Ríkisútvarpið hefur síðustu daga gert sér mikinn fréttamat úr samantekt Hagstofunnar á tekjum íslenskra fjölmiðla og virðast lykilstarfsmenn kætast mjög yfir niðurstöðunni um skiptingu auglýsingatekna á markaði, þar sem meginniðurstaðan er að RÚV er með 16% af öllum auglýsingatekjum á markaði. Svo mjög kætast RÚV-arar að ríkisfjölmiðillinn fer þá óvenjulegu leið að nota skattféð, sem Ríkisútvarpið er rekið fyrir, til að kaupa dreifingu á samfélagsmiðlum á eigin frétt um samantekt Hagstofunnar. Þannig á væntanlega að tryggja að hún fari ekki fram hjá neinum enda voru undirtektirnar fram að því dræmar. Sem ætti að koma fáum á óvart því fréttin er augljóslega villandi.

RÚV er ekki á öllum fjölmiðlamarkaðnum þegar kemur að auglýsingatekjum, eingöngu hljóð- og sjónvarpsmarkaði, þar sem hlutfallið er miklu hærra.

RÚV er ekki á dagblaðamarkaði, ekki á tímaritamarkaði og ekki með auglýsingar á vefmiðlamarkaði. Þetta er því villandi samanburður sem fegrar hlutdeild Ríkisútvarpsins verulega, ef ekki hreinlega skrumskælir. Marktæki mælikvarðinn er auðvitað hver hlutdeild Ríkisútvarpsins er gagnvart þeim einkafjölmiðlum sem ríkisfjölmiðillinn á í samkeppni við. Sé samantekt Hagstofunnar lesin til enda kemur loks í ljós að frá hruni jókst hlutur RÚV á ný í samanlögðum auglýsingatekjum sjónvarps og hefur hlutdeild þess „frá árinu 2010 að mestu staðið í stað, eða verið milli 45 og 48 af hundraði". Það er tæpur helmingur allra auglýsingatekna í sjónvarpi! Hinn helminginn mega sjónvarpsstöðvar Sýnar með Stöð 2 og sportrásirnar í fararbroddi, Sjónvarp Símans, Hringbraut, N4 og kristilega sjónvarpsstöðin Omega bítast um. Minni sjónvarpsstöðvar eiga afar erfitt uppdráttar í þessum leik og er skemmst að minnast örlaga ÍNN og sjónvarpsstöðva Sigmars Vilhjálmssonar, Miklagarðs og Bravó.

Árið 2019 nemur framlag ríkissjóðs til Ríkisútvarpsins um 4,7 milljörðum króna og hefur hækkað um helming á síðustu 10 árum, á verðlagi hvers árs. Útvarpsgjaldið sem hver skattgreiðandi, einstaklingar og fyrirtæki, þarf að greiða er 17.500 krónur. Það myndi augljóslega muna miklu ef áskriftarstöðvar, sbr. Stöð 2 og Sjónvarp Símans, gætu gengið að slíkum tekjustofni vísum auk helmingshlutdeildar í auglýsingatekjum í sjónvarpi. Samhliða er vert að hafa í huga að umtalsverður samdráttur hefur orðið í tekjum fjölmiðla frá efnahagshruninu 2008 sem þýðir einfaldlega að kakan er minni, það er minna til skiptanna. Þetta staðfestir samantekt Hagstofunnar.

Það er vissulega fagnaðarefni að hlutur Ríkisútvarpsins í auglýsingatekjum hljóðvarps hafi lækkað úr 45% í 34% frá 2013 og vonandi er það þróun sem heldur áfram því gróska er í útvarpi á Íslandi, eins og fjöldi einkarekinna útvarpsstöðva sýnir. Eðlilegt skref er að ríkið hörfi til samræmis en vandséð er til dæmis af dagskrá Rásar 2 hvað réttlætir slíkan ríkisrekstur.

Tæknibreytingar valda nú því að framleiðsla á íslensku fjölmiðlaefni hefur aldrei verið meiri. Streymi tónlistar, myndbanda og hvers kyns efnis til afþreyingar er nú allt um kring og aðgangur að markaði hefur aldrei verið opnari. Samkeppni við erlendar efnisveitur veldur einnig því að innlendur auglýsingamarkaður minnkar. Það er því hrópleg mismunun að ríkið haldi sérstaklega úti bákni einsog RÚV þegar sköpunin og dreifing efnis fer fram að langmestu leyti utan þess, en RÚV er engu að síður leyft að hirða um helming auglýsingamarkaðar í sjónvarpi.

# Ódýr matur – dýrkeypt blekking



Ólafur Dýrmundsson
ráðunautur

Vart er um það deilt að matur sé mannsins megin. Víða er þó skortur á þessum lífsnauðsynjum og 11% jarðarbúa þjást af viðvarandi hungri samkvæmt upplýsingum FAO. Fæðuöryggi stafar ógn af loftslagsbreytingum um allan heim.

Hér á landi er lítið rætt um fæðuöryggi, þótt það fari minnkandi, einkum vegna vaxandi tengsla við markaðskerfi Evrópusambandsins. Séð er fyrir nægu framboði matvæla með því að flytja inn um helming þeirra. Aftur á móti er verð á mat stöðugt umræðuefni, hann skal vera sem ódýrastur og er þá ekki alltaf hugað sem skyldi að uppruna, framleiðsluaðferðum, gæðum, matvælaöryggi og lýðheilsu.

Samkvæmt rannsóknum Hagstofunnar nemur kostnaður við mat- og drykkjarvörur liðlega 13% af neysluútgjöldum heimilanna, að meðaltali, og er maturinn ekki hálfdrættingur samanborið við stærsta liðinn, húsnæðiskostnað. Samt eru stjórnvöld enn að leggja drög að aðgerðum til að veikja landbúnaðinn, og þar með starfsskilyrði bænda til að framleiða holl, hrein og örugg matvæli, með því að auka innflutning. Þar er einblínt á verðið eitt sér, markaðssjónarmið eiga að ráða ferðinni.

Þeim upplýsingum er nú dreift í frumvarpsdrögum að breytingum á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, að aukinn innflutningur matvæla muni skila neytendum 900 milljónum á móti 500-600 miljóna króna tekjuskerðingu íslensks landbúnaðar, á ári. Í tengslum við þetta mat eru mótsagnirnar augljósar og neikvæð áhrif vanmetin því að við aukinn innflutning mun kolefnisfótsporið stækka og sjálfbærnin minnka. Þá er hæpið að allar tollalækkanir skili sér til neytenda. Það er m.a. heldur ekki traustvekjandi að síðan Landbúnaðarháskóli Íslands var stofnaður 2005 hefur stöðugildum búvísindamanna þar fækkað úr rúmlega 20 í 5.

Að mínum dómi er ódýr matur, afurð verksmiðjubúskapar á kostnað umhverfis, velferðar búfjár og kjara bænda, dýrkeypt blekking. Er ekki tími til að skoða þessi mál betur?

# BÓNUS®




**KOLVETNASKERT PRÓTEINBRAUÐ**
Aðeins 12 g kolvetni og 25 g prótein pr. 100 g

**398** kr. 400 g

**Bónus Próteinbrauð**
Kolvetnaskert, 400 g




Nýbakað
**SÚRDEIGSBRAUÐ**

**698** kr. 500 g

**Bónus Súrdeigsbrauð**
Gróft, 500 g




**259** kr. 6 stk.

**Bónus Kleinuhringir**
6 stk.

**ILMANDI BAKKELSI**




**4 BOLLUR** í poka

**198** kr. pk.

**Myllan Lífskornabollur**
4 stk. í poka




**129** kr. 180 g

**HP Flatkökur**
4 stk. í pakka, 180 g

**500g**




**879** kr. 500 g

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g

Verð gildir til og með **17. mars** eða meðan birgðir endast

VEGAN

Fazer Yosa – we know oats.




**259** kr. 1 l

**Yosa Hafradrykkur Rich**
1 l




**229** kr. 1 l

**Yosa Hafradrykkur Natural**
1 l




**198** kr. 150 g

**Yosa Grísk Hafrajógúrt**
með rabarbara og jarðarberjum,150 g



**298** kr. 500 g

**Yosa Grísk Hafrajógúrt**
Hrein, 500 g

500 ml




**98** kr. 500 ml

**Kristall Límónu- og Jarðarberjabragð,** 500 ml

3 X 250 ML




**395** kr. pk.

**Hámark Próteindrykkur**
Súkkulaðibragð, 3 x 250 ml

1kg




**598** kr. 1 kg

**Taverna Grísk Jógúrt**
Hrein, 1 kg




**198** kr. 275 g

**Haribo Nappar Hlaup**
275 g

4 X 330 ml
Takmarkað magn




**198** kr. 4x330ml

**Fanta**
4 x 330 ml




**198** kr. 4x330ml

**Sprite Zero**
4 x 330 ml

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 14. MARS 2019




Framleiðslan á súkkulaðikanínunni er talsvert flóknari og tímafrekari en á hefðbundnum páskaeggjum. Hugmyndavinnan milli Kjartans Gíslasonar, annars stofnanda Omnom og súkkulaðigerðarmanns, og Veronicu Filippin hönnuðar, hófst fyrir um tveimur og hálfu ári síðan. MYND/ANTON BRINK

# Mikil vinna og alúð er lögð í öll smáatriðin

Í tilefni páskanna mun súkkulaðiframleiðandinn Omnom setja á markað ilmandi og bragðgóða súkkulaðikanínu með lakkrísbragði. Undirbúningurinn hefur tekið tvö og hálft ár og eiga sælkerar von á sannkallaðri bombu. ➔2

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.





„Mr. Carrots er handgerð 300 gramma súkkulaðikanína og höfum við lagt mikla ást og umhyggju í að búa hana til," segir Kjartan Gíslason hjá Omnom. MYND/ANTON BRINK

**Framhald af forsíðu** ➪

Eftir margra ára bið geta aðdáendur Omnom súkkulaðisins og aðrir sælkerar landsins loks fjárfest í páskaeggi frá fyrirtækinu. Páskaeggið er þó ekki hefðbundið egg í stíl við þau sem fást hér á landi heldur ilmandi og bragðgóð súkkulaðikanína sem hefur fengið heitið Mr. Carrots segir Kjartan Gíslason, annar stofnenda Omnom og súkkulaðigerðarmaður. „Mr. Carrots er handgerð 300 gramma súkkulaðikanína og höfum við lagt mikla ást og umhyggju í að búa hana til. Ekki láta pirraða ásýnd hennar blekkja ykkur. Þetta er mjög hamingjusöm kanína sem elskar gulrótarkökur. Upphaflega ætluðum við að framleiða eigin páskaegg en svo fannst okkur það ekki passa við okkur. Það lá því beinast við að hefja framleiðslu á kanínum enda tengja flestir hana við páskana, fyrir utan gula kjúklinginn."

## Fáanleg með lakkrísbragði

Mr. Carrots súkkulaðikanínan verður eingöngu fáanleg með lakkrísbragði í ár og í mjög takmörkuðu upplagi. „Lakkríssúkkulaðið okkar er mesta selda súkkulaðið frá okkur. Ef kanínan selst vel stefnum við á að bæta við tveimur bragðtegundum á næsta ári. Kanínan verður fyrst og fremst seld í vefverslun okkar en hugsanlega á öðrum sölustöðum, það skýrist betur á næstu vikum. Við munum setja á fót sérstakan viðburð rétt fyrir páska þar sem viðskiptavinir okkar sækja nýframleiddar súkkulaðikanínurnar sínar. Þær verða afhentar í mjög fallegu boxi og ég er viss um að útlit hennar og boxins eigi eftir að koma skemmtilega á óvart, enda búið að leggja mikla vinnu í smáatriðin. Við erum að minnsta kosti mjög stolt og hlökkum til að sjá viðbrögðin."



**Mr. Carrots súkkulaðikanínan verður eingöngu fáanleg með lakkrísbragði í ár og í mjög takmörkuðu upplagi.**

## Mikil vinna að baki

Undirbúningurinn hefur staðið lengi yfir að sögn Kjartans. „Framleiðslan er talsvert flóknari og tímafrekari en á hefðbundnum páskaeggjum. Ætli það séu ekki um tvö og hálft ár síðan hugmyndavinnan hófst milli mín og Veronicu Filippin, hönnuðar okkar. Fljótlega sáum við að framleiðslan yrði aðeins flóknari og dýrari en á hefðbundnum páskaeggjum enda þurftum við að fjárfesta í nýjum tækjum og formum. Hönnun umbúðanna tók líka sinn tíma og fyrir vikið er kanínan fyrst að koma á markað núna."

## Stefnt á 2.000 kanínur

Hver kanína er handgerð og því mikil vinna lögð í hverja þeirra segir Kjartan. „Við erum lítið framleiðslufyrirtæki og sníðum okkur stakk eftir vexti. Þegar framleiðslan fer á fullt þurfum við t.d. að stöðva framleiðslu á öðrum vörum okkar. Stefnan er sett á um 2.000 kanínur þetta árið og vonandi verða þær mun fleiri á næsta ári."

> **Stefnan er sett á um 2.000 kanínur þetta árið og vonandi verða þær mun fleiri á næsta ári.**

## Nýjungar og gamlir vinir

Auk páskakanínunnar eru ýmsar nýjungar væntanlegar frá Omnom auk gamalla vina. „Við settum t.d. nýlega á markað nýtt bragðmikið súkkulaði sem inniheldur 100% súkkulaði úr hreinum kakóbaunum án viðbætts sykurs. Svo erum við farin að huga að jólavertíðinni. Þar ætlum við t.d. að kynna til leiks gamla kunningja sem eiga vafalaust eftir að gleðja marga. Þar má nefna eitt umtalaðasta súkkulaði okkar Spiced White + Caramel sem margir muna vel eftir. Það verður gaman að sjá viðbrögð neytenda við þessum gömlu og vinsælu vörum okkar."

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


Stenströms
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Gamlir pelsar fá endurkomu

## Feldur Verkstæði sýnir samansafn af endurunnum pelsum á HönnunarMars í lok marsmánaðar. Pelsarnir höfðu dúsað óhreyfðir í geymslu í fjöldamörg ár en eru gengnir í endurnýjun lífdaga.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Þetta er í fyrsta sinn sem Feldur tekur þátt í HönnunarMars en Marta Heiðarsdóttir heldur utan um sýninguna Endurkomu sem sett verður upp í verslun Felds að Snorrabraut 56. Marta starfar sem hönnuður hjá Feldi og er jafnframt dóttir eigendanna, þeirra Heiðars Sigurðssonar feldskera og Kristínar Birgisdóttur. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki og hér ganga allir í öll verk. Ég afgreiði líka í búðinni og sé um breytingar og viðgerðir," segir Marta. Hugmyndin að Endurkomu vaknaði einmitt í kringum viðgerðirnar.

Algengt er að fólki komi í Feld með gamla pelsa sem þarf að stytta, laga eða jafnvel bara skipta um tölur. Þessar örlitlu breytingar geta skipt sköpum og breytt gömlum pelsum í nútímalegri og klæðilegri flík að sögn Mörtu.

„Mig langaði að kafa aðeins dýpra og sjá hvað væri hægt að gera til að lífga upp á gamla pelsa. Í geymslunni hjá mömmu og pabba var fullt af pelsum sem enginn hafði klæðst í fjöldamörg ár. Ég ákvað að taka nokkra þeirra og breyta þeim eftir mínu höfði," lýsir Marta.



Marta Heiðarsdóttir er hönnuður hjá Feldi. MYND/SIGTRYGGUR ARI



Marta notaði liti til að lífga upp á.



Gamall pels með nýju belti.

> „Mig langaði til að gefa þessum gömlu virðulegu pelsum endurkomu í sviðsljósið.

Hún segir hvern pels einstakan og nálgaðist verkefnið út frá því. „Sumum breytti ég lítið, tók kannski bara axlapúða og setti belti. Öðrum breytti ég meira og bætti við lituðu íslensku lambskinni."

Nafn sýningarinnar, Endurkoma, segir Marta í raun beina þýðingu á enska orðinu „comeback". „Mig langaði til að gefa þessum gömlu virðulegu pelsum endurkomu í sviðsljósið. Þetta voru allt pelsar sem einu sinni þóttu flottir en hurfu í geymslu þegar tískan breyttist."

Marta segir aðrar reglur gilda um pelsa en önnur föt. „Fólk hendir ekki pelsum. Þetta eru flíkur sem fólk eignast oft bara einu sinni á ævinni og tímir ekki að láta frá sér þó þeir séu ekki í notkun. Mig langaði að sýna að það sé hægt að gefa þeim nýtt líf með smá breytingum."




# Vörur fyrir vandamálahúð

## Undanfarnar vikur hefur mikið verið rætt og ritað um svokallaðar hreinar snyrtivörur. Óhætt er að segja að í þeim vöruflokki standi íslensku Taramar húðvörurnar fremstar meðal jafningja.

Þeir sem hafa glímt við einhvers konar húðvandamál virðast mjög oft finna það sem þeim hentar þegar þeir prófa Taramar húðvörurnar," segir Viðar Garðarsson, markaðsstjóri Taramar, þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans. „Það sem gerir vörurnar okkar algerlega einstakar er annars vegar sú staðreynd að við notum engin manngerð rotvarnarefni, engin hormónatruflandi efni, né nokkur af þeim ríflega 900 efnum í snyrtivörum sem teljast varasöm, samkvæmt lista Environmental Working Group. Hins vegar er skýringin sú að við notum svokallaðar „ferjur" til þess að koma næringu og virkum efnum í neðri lög húðarinnar. Til marks um þessa afburðavirkni Taramar húðvaranna höfum við m.a. safnað saman vitnisburðum sem fjöldi ánægðra viðskiptavina hefur sent okkur."

Sverrir Ómar Victorsson á Selfossi hefur glímt við ýmiss konar húðvandamál og m.a. verið með mikið af bólum sem skildu eftir sig mörg ljót ör í andlitinu. Hann fór í lyfjameðferð til þess að hemja þá kirtla sem ýttu undir bólumyndunina. Þar á eftir fór hann í lasermeðferð hjá húðlækni til þess að eyða örunum eftir bólurnar. Ekki var þó hægt að fjarlægja þau öll þar sem þau voru á viðkvæmum svæðum. Eftir þessa meðferð hefur Sverrir verið með mjög viðkvæma húð og eins og hann segir sjálfur frá, þá höfðu 99% af þeim húðvörum sem hann reyndi ýmist ertandi áhrif á húðina, eða ollu stíflum og þurrki síðar um daginn.

Það var svo fyrir tilviljun að Sverrir reyndi Taramar húðvörurnar í fyrsta sinn. Hann var á leið úr landi og kominn inn í Fríhöfnina þegar hann uppgötvaði að hann hafði gleymt rakakreminu sínu heima. Þar var honum bent á Taramar. „Mér leið strax eins og þetta krem væri sérgert fyrir mig. Kremið smaug inn í gegnum húðina og enginn pirringur og enginn kláði. Örin, sem voru fyrir á viðkvæmustu svæðum andlitsins, sjást ekki í dag og ég tel það vera virku efnunum í Taramar að þakka. Húðin hefur aldrei verið betri. Þetta eru sannkölluð undrakrem sem hafa skilað mér ótrúlegum árangri," segir Sverrir sem hefur notað dagkrem, næturkrem og serum frá Taramar reglulega síðasta árið.

Á heimasíðu Taramar er hægt að skrá sig í vildarklúbb Taramar. Aðilar að honum fá sérkjör og tilboð sem öðrum bjóðast ekki. Hver sá sem skráir sig í klúbbinn fær 5.000 króna inneign í vildarpunktum við innskráningu.



Sverrir Ómar hefur góða reynslu af Taramar.



Sverrir var með ljót ör eftir bólur í andlitinu.



Vangamyndir áður en notkun á Taramar hófst.

# Verkiðn

FIMMTUDAGUR 14. MARS 2019

**Kynningar:** Framhaldsskólinn á Laugum, Ístak, FIT, RAFMENNT



Það verður mikið um að vera í Laugardalshöllinni þar sem nemendur víða að munu keppa í iðngreinum og gestir geta komið og prófað nokkra spennandi hluti. NORDICPHOTOS/GETTY

## Staða iðn- og verkgreina nokkuð góð og horfur góðar

Laugardalshöllin mun iða af lífi í dag og fram á laugardag þegar Mín framtíð 2019 – Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning verður haldin þar. Sérstakur fjölskyldudagur verður haldinn á laugardaginn milli kl. 10 og 16 þar sem boðið verður upp á ókeypis fjör og fræðslu. →2

Þau Elín Thorarensen verkefnisstjóri og Þór Pálsson, framkvæmdastjóri Íslandsmótsins, segja markmið þessa viðburðar m.a. að kynna fyrir ungu fólki þau fjölmörgu tækifæri sem felast í iðn- og verk- og tækninámi. „Og um leið auðvelda ungu fólki að kynna sér fjölbreytt námsframboð framhaldsskólanna með það fyrir augum að fleiri taki upplýsta ákvörðun um námsval sem tekur mið af áhugasviði þeirra og hæfni.“ Bæði Íslandsmótið og framhaldsskólakynningin styðja því við hvort annað að sögn Elínar. „Nemendur sjá þannig eitthvað áhugavert í keppninni og geta kynnt sér hvar það er kennt. Þeim gefst kostur á að sjá með eigin augum ungt fólk að störfum í þessum greinum og fá sjálfir að snerta á og prófa að handleika tól og tæki sem notuð eru af fagfólki.“



Það er Verkiðn sem sér um skipulag á Minni framtíð og þar bera Þór Pálsson, framkvæmdastjóri Íslandsmótsins, og Elín Thorarensen verkefnisstjóri hitann og þungann. MYND/STEFÁN

### Næg starfstækifæri

Það að velja sér nám eftir áhugasviði og hæfni eykur markvisst líkur á að viðkomandi ljúki náminu að sögn Þórs, auk þess sem ánægja og vellíðan á námstíma verður mun meiri. „Eins og flestir hafa heyrt er brotthvarf úr námi töluvert vandamál hér á landi. Við viljum hvetja ungt fólk til að velja sér það nám sem hugurinn stendur til og taka einnig inn í myndina hverjir framtíðarmöguleikarnir eru að námi loknu.“ Þau segja mikinn skort á iðnmenntuðu fólki og því séu næg starfstækifæri fyrir fólk með slíka menntun auk þess sem tekjumöguleikar eru miklir. Þeir sem vilja síðan taka stúdentspróf geta alltaf bætt því við. Einnig eru miklir möguleikar á framhaldsnámi bæði hér á landi og erlendis.

Þátttakendur á Íslandsmótinu eru nemendur í iðn- og verkgreinaskólum landsins og þeir sem nýlega hafa lokið námi. Um er að ræða um 200 keppendur sem taka þátt í ár og keppa um Íslandsmeistaratitla í 28 faggreinum. „Keppendur takast á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku. Margir keppendur hafa nú þegar unnið forkeppni til að komast á Íslandsmótið, aðrir gefa kost á sér þar sem þeir eru áhugasamir, vilja máta sig við aðra og sýna fram á færni sína og kunnáttu í faginu. Nokkur fagfélög senda síðan sigurvegarana á Evrópumót er kallast EuroSkills en það verður haldið í Graz haustið 2021.“

### Fjölbreytt námsframboð

Samhliða Íslandsmótinu er framhaldsskólakynning eins og fyrr segir en þetta er í þriðja sinn sem svo stór sameiginleg framhaldsskólakynning er haldin í tengslum við Íslandsmótið. „Það hefur gefið mjög góða raun að tengja þessa tvo viðburði saman. Skólarnir leggja mikinn metnað í að kynna allt sitt nám, bæði bóklegt og verklegt og að gera það á lifandi og skemmtilegan máta. Reynt er að gefa gestum smá innsýn í það sem fer fram innan veggja skólanna bæði hvað varðar nám og félagslíf. Náms- og starfsráðgjafar, kennarar og nemendur skólanna svara fyrirspurnum og veita upplýsingar.“ Allir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu taka þátt auk fjölmargra skóla af landsbyggðinni. „Þarna gefst því áhugasömum einstakt tækifæri til að kynna sér það fjölbreytta námsframboð sem er í boði á framhaldsskólastigi víða um land.“

### Allir mega prófa

Fjölskyldufólk er sérstaklega boðið velkomið á laugardaginn frá kl. 10-16 en þá er boðið upp á fjöruga dagskrá. „Fagfélögin eru með svæði sem við köllum „prófaðu“ og þar gefst gestum tækifæri til að snerta á, upplifa og smakka ýmislegt, m.a. skoða smárásir og setja saman, prófa ýmsa herma og fjölbreytileg verkfæri, flétta hár, sauma, helluleggja, sjá rúning, mjaltir og plægingar og smakka brauðmeti. Framhaldsskólarnir bjóða líka upp á margt sniðugt s.s. að splæsa í net, Tækniskólaþrautir og FabLab. Team Spark mun kynna rafbílinn sinn, BMX Brós verða með sýningar og eins verður Meistari Jakob með uppistand. Þetta verður því öðruvísi upplifun fyrir alla krakka og foreldra þeirra líka.“



Næg starfstækifæri eru fyrir fólk með iðmenntun og tekjumöguleikar miklir.

Þór og Elín eru sammála um að staða iðn- og verkgreina sé nokkuð góð hér á landi og horfur fyrir næstu ár eru nokkuð góðar. „Umræða um iðn- og verkgreinar er alltaf að batna og má telja hana jákvæða um þessar mundir. Fyrirtækin í landinu vantar starfsfólk á öllum sviðum þessara greina. Góð umfjöllun um það og tækifæri á framhaldsnámi með iðn- og verknám sem undirstöðu gerir það að verkum að æ fleiri sjá þessa leið sem góðan valkost.“

Allar nánari upplýsingar og dagskrá má finna á www.verkidn.is.


Mín framtíð 14. – 16. mars 2019

Þér er boðið á Mín framtíð – Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu.

Mín framtíð fer fram í Laugardalshöll og er opin almenningi alla dagana.

Fimmtudagur 14. mars kl. 14 – 17
Föstudagur 15. mars kl. 14 – 17
Laugardagur 16. mars kl. 10 – 16

Laugardagurinn er helgaður fjölskyldunni með fræðslu og fjöri.



Aðgangur er ókeypis.

#MínFramtíð
verkidn.is

verkiðn


Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is


Þínir hagsmunir hafa forgang
- tryggðu öryggi fjölskyldunnar
• Sjúkrasjóður tryggir 90% af launum í veikindum og slysum
• Styrkir til sjúkraþjálfunar, líkamsræktar, gleraugnakaupa ofl.
• Öflug endurmenntun og fjölbreyttir fræðslustyrkir
• Yfir 30 glæsileg sumarhús víða um land
• Hús á Flórída og tilboðsferðir til sólarlanda
• Fjölmörg tilboð og afslættir
• Öflugt stéttarfélazg - aukin þjónusta
FIT
FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA
NÝTT
Heimilisfang: Stórhöfði 31
Símanúmer: 540 0100
Félag iðn- og tæknigreina er stéttar- og fagfélag fyrir starfsfólk í eftirtöldum greinum:
• Bygginga- og mannvirkjagreinum
• Málm-, véltækni- og framleiðslu-greinum
• Farartækja- og flutningsgreinum (BÍLGREINUM)
• Þjónustugreinum (SNYRTIFRÆÐI, HÁRSNYRTIIÐN)
• Náttúrunýtingu (GARÐYRKJU)
• Hönnun, listum, handverki
• Tækniteiknun

# 10 ástæður til að velja iðn- og verknám

Iðn- og starfsnám er gott val fyrir þá sem vilja framkvæma hluti í stað þess að lesa um þá.

## Flokkar iðn- og verkgreina eru átta talsins:

- Bílgreinar
- Byggingagreinar
- Handverk og hönnun
- Matvæli og þjónusta
- Málm- og véltæknigreinar
- Prent og miðlun
- Rafiðngreinar
- Snyrtigreinar









- Þú skapar eitthvað og sérð árangur af því sem þú gerir
- Þú kemst fljótt á vinnumarkaðinn
- Þú færð laun á meðan þú ert í vinnustaðanámi
- Þú verður góð/ur í að leysa vandamál og lærir sjálfstæð vinnubrögð
- Þú öðlast færni og faglega hæfni og vinnur starf sem samræmist áhugasviði þínu
- Þú færð góðan grunn ef þú vilt stofna þitt eigið fyrirtæki
- Þú færð starfsréttindi og verður eftirsótt/ur af fyrirtækjum
- Þú getur valið á milli rúmlega 80 faggreina
- Þú hefur mörg tækifæri til að bæta við þig menntun
- Þú getur unnið nær hvar sem er í heiminum

**Það vantar margt fólk á vinnumarkaðinn sem hefur lært verkleg fög. Nám í iðn- og verkgreinum opnar margar dyr. Störfin sem eru í boði eru fjölbreytt og launin samkeppnishæf. Kynntu þér málið í Laugardalshöllinni dagana 14. – 16. mars.**

FRAMTÍÐIN ER
RAFMÖGNUÐ

SKRÁÐU ÞIG Í NÁM
Í RAFIÐN

WWW.STRAUMLINA.IS

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

# BLÁR BOSCH







**ProCORE 87% meira afl og 137% lengri vinnutími en í hefðbundnum rafhlöðum**

## 8AH BOSCH RAFHLAÐA PROCORE 748800492

Click & Go 18V kerfið hjá BOSCH inniheldur mikið af öflugum rafmagnsverkfærum og gengur sama rafhlaðan í öll tækin. Með allt að 8,0Ah rafhlöðum er hægt að vinna lengur en áður á einni hleðslu. BOSCH verkfærin koma í L-BOXX töskum sem smella saman og halda vel utan um verkfærin.

**Tilboðsverð**

### Sverðsög

GSA 18V-32 Solo

**40.946**

748741295

Almennt verð: 54.595

Þægileg og öflug sverðsög frá Bosch. Vélin hefur góðan mótor og gengur fyrir 18v rafhlöðum. Sögun max 230mm, slaghraði 2500 sl/mín. Kemur í L-BOXX tösku. Rafhlaða fylgir ekki.

25%



**Tilboðsverð**

### Multisög

GOP 18V-28 Solo

**29.134**

74874142

Almennt verð: 38.845

Nýjasta Multisögin frá Bosch með Starlock kerfi til að auðvelda skipti á blöðum, kolalaus mótor, tifsögun 8.000-20.000 per mín, L-BOXX fylgir, Rafhlaða fylgir ekki.

25%





20%

**Tilboðsverð**

### Geirungssög

GCM 8 SJL. 216mm hjólsagarblað. Skurðargeta 0° 70 x 312 mm Skurðargeta 45° geirungur 70 x 214 mm. Skurðargeta 45° halli 48 x 312 mm. Innbyggður laser.

**58.796**

74872507

Almennt verð: 73.495

**Tilboðsverð**

### Hersluvél

GDR 12V-110 Solo. 12V. Hersla 110 Nm, Snúningshraði 0-1200sn/mín, L-BOXX Vélin er létt og þægileg í hendi. Það eru tvær stillingar sem hægt er að stilla á vélinni. Rafhlaða fylgir ekki.

**17.996**

74874069

Almennt verð: 23.995

25%



**Tilboðsverð**

### Rafhlöðuborvél

GSR 18V-EC FC2. Fimm vélar í einni! Kolalaus mótor, 2 gírar. Hersla 50Nm, 0-500/0/1700 sn/mín. Patróna, vinkildrif, SDS höggdrif, hjámiðjudrif og bitahaldari 2 x 4,0 Ah rafhlöður, hleðslutæki og L-BOXX.

**78.746**

74874104

Almennt verð: 104.495

25%



**Tilboðsverð**

### Handhefill

GHO 12V-20 Solo. Heflunardýpt - 2 mm. Heflunarbreidd - 56 mm. Rafhlaða fylgir ekki

**29.134**

74874061

Almennt verð: 38.845

25%



**Tilboðsverð**

### Handfræsari

GKF 12V-8 Solo. Fisléttur fræsari, einungis 1,3 kílógrömm. Kolalaus mótor. 13.000 sn/mín, passar fyrir 6 og 8 mm tennur Rafhlaða fylgir ekki.

**23.621**

74874063

Almennt verð: 31.495

25%



**Tilboðsverð**

### Slípirokkur

GWS 12V-76 Solo. Hentugur slípirokkur sem er með kolalausan mótor og getur unnið á allskonar efni. 19.500 sn/mín, skífustærð er 76mm, L-BOXX, 3 skífur fylgja með Rafhlaða fylgir ekki.

**16.496**

74874062

Almennt verð: 21.995

reddot design award

25%



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.

**Tilboðsverð**

5 verkfæri

25%

### Verkfærasett

Verkfærasett frá Bosch, settið inniheldur útvarp, rahlöðuborvél, multisög, sverðsög og vasaljós. Allar vörurnar eru snúrulausar og ganga fyrir 12v rafhlöðum. L-BOXX. 3x2,0Ah rafhlöður.

**54.746**

74874154

Almennt verð: 72.995



**Tilboðsverð**

### Laserkross

Nákvæmur 3 línu 360° Laser með drægni að 30 metrum án móttakara en 120 metrum með móttakara. Höggheldur og rakaheldur, IP54. Kemur í L-BOXX tösku

**43.309**

74879012

Almennt verð: 57.745

25%



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Auðvelt að versla á netinu



Það þurfa margar hendur að koma að því að setja saman bíl. Hér á landi er hægt að læra bifreiðasmíði, bílamálun og bifvélavirkjun meðal annars. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tíu milljón bíla söluaukning á 5 árum

**Ákveðinn stöðugleiki er kominn í sölu bíla í heiminum eftir gríðarlega aukningu síðustu áratuga. Salan síðustu þrjú ár er rétt innan við 80 milljónir bíla á ári og í ár stefnir í svipaða tölu.**

Árið í fyrra var gott bílasöluár í heiminum þrátt fyrir að samdráttur hafi orðið á stærsta bílasölumarkaði heims, í Kína, í fyrsta sinn í 20 ár. Alls seldust 78,7 milljón bílar í heiminum, örlítið minna en árið áður þegar seldust 79 milljón bílar. Sala bíla hefur verið mjög stöðug síðustu þrjú ár og í ár stefnir í mjög ámóta sölu og í fyrra. Mikil söluaukning hefur hins vegar orðið frá aldamótum og var meðaltalssalan á árunum 2000 til 2015 54,9 milljón bílar og meðaltalið frá 1990 til 1999 var 39,2 milljónir bíla, eða um helmingi minna en síðustu þrjú ár.

Því má segja að ákveðinn stöðugleiki sé kominn í heimssöluna þessi árin eftir gríðarlegan vöxt á síðustu áratugum.



Segja má að ákveðinn stöðugleiki sé kominn á heimssöluna þessi árin eftir gríðarlegan vöxt á síðustu áratugum.

## Mestu munar um Kína

Miklu munar um innkomu Kína á bílamarkaðinn, en í fyrra seldust þar 23,3 milljónir bíla en 24,2 milljónir árið á undan sem var stærsta bílasöluár Kína frá upphafi. Sé litið til ársins 2013 í Kína þá seldust þar 16,3 milljónir bíla og því er aukningin um sjö milljón bílar til ársins í fyrra og á Kína langstærsta þáttinn í þeirri söluaukningu sem orðið hefur á þessum tíma í heiminum, eða um tvo þriðju aukningarinnar. Salan frá 2013 til 2018 hefur farið frá um 69 upp í 79 milljón bíla.

## Aukning líka í Evrópu og Bandaríkjunum

Sala bíla í Evrópu jókst um 3,3 milljónir milli 2013 og 2018, úr 12,3 í 15,6 milljónir. Á sama tíma jókst salan í Bandaríkjunum um 1,7 milljón bíla, frá 15,5 í 17,2 og á Indlandi um 0,8 milljón bíla, úr 2,6 í 3,4 milljónir bíla. Á móti kemur að fækkun varð í Rússlandi um eina milljón bíla, í Brasilíu um 1,1 milljón bíla og Japan um 200.000 bíla.

## Mikil aukning í Rússlandi og Brasilíu

Af einstökum bílamörkuðum í fyrra ber hæst að salan í Kína minnkaði um 1,1 milljón bíla á milli ára. Salan í Bandaríkjunum stóð svo til í stað og salan í Evrópu og Japan líka. Á þessum þróuðu markaðssvæðum ríkir mesti stöðugleiki í sölu. Salan í hinu fjölmenna ríki Indlands er á stöðugri uppleið og jókst um 5% í fyrra og 9% árið þar á undan. Salan hefur farið úr 2,55 milljónum bíla þar árið 2013 í 3,39 milljón bíla í fyrra, eða upp um 33%. Salan í hinu stóra landi Brasilíu jókst þó enn þá meira í fyrra, eða um 14% og nam 2,5 milljón bílum og hefur vaxið um 24% á síðustu tveimur árum. Sala bíla í Rússlandi tók líka stökk í fyrra og óx um 13% og hefur vaxið um 26% á síðustu tveimur árum. Salan í Rússlandi er þó enn um einni milljón bíla minni en árið 2013. Þá seldust 2,8 milljón bílar en 1,8 í fyrra.




# Mín framtíð 2019: Íslandsmót iðn- og verkgreina

**Keppnisgreinar:**

- Bakaraiðn
- Bifreiðasmíði
- Bifvélavirkjun
- Bílamálun
- Blómaskreytingar
- Fataiðn
- Forritunarkeppni
- Framreiðsla
- Grafísk miðlun
- Gull- og silfursmíði
- Hársnyrtiiðn
- Hönnun vökvakerfa
- Kjötiðn
- Kælitækni
- Leguskipti
- Matreiðsla
- Málaraiðn





- Málmsuða
- Múraraiðn
- Pípulagnir
- Rafeindavirkjun
- Rafvirkjun
- Skrúðgarðyrkja
- Snyrtifræði
- Trésmíði
- Vefþróun
- Veggfóðrun og dúklagning

**Sýningargreinar:**

- Búfræði
- Sjúkraliðun



Matreiðslumenn framtíðarinnar.

## Framhaldsskólakynning 2019

**Samhliða Íslandsmóti í iðn- og verkgreinum munu framhaldsskólar alls staðar að af landinu kynna fjölbreytt námsframboð sitt.**

- Borgarholtsskóli
- Fisktækniskóli Íslands
- Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
- Fjölbrautaskóli Snæfellinga
- Fjölbrautaskóli Suðurnesja
- Fjölbrautaskóli Vesturlands
- Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
- Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
- Fjölbrautaskólinn við Ármúla
- Flensborgarskólinn
- Framhaldsskólinn á Laugum
- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu
- Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ
- Flugakademía Keilis
- Kvennaskólinn í Reykjavík
- Lýðháskólinn á Flateyri
- Menntaskólinn á Ásbrú
- Menntaskólinn á Akureyri
- Menntaskóli Borgarfjarðar
- Menntaskólinn á Ísafirði
- Menntaskólinn á Tröllaskaga
- Menntaskólinn í Hamrahlíð
- Menntaskólinn í Kópavogi
- Menntaskólinn í Reykjavík
- Menntaskólinn við Sund
- Menntaskóli í tónlist
- Myndlistaskólinn í Reykjavík
- Tækniskólinn – skóli atvinnulífsins
- Verkmenntaskólinn á Akureyri
- Verkmenntaskóli Austurlands
- Verzlunarskóli Íslands
- LBHÍ
- Kvikmyndaskólinn
- Stúdíó Sýrland

**Aðrir sýnendur:**

- FNS – Félag náms- og starfsráðgjafa
- Fagkonur
- Heimavist MA og VMA
- Iðan fræðslusetur
- Iðnú
- Rannís
- SÍF samband íslenskra framhaldsskólanema
- Rafmennt
- Reykjavík FabLab

**Laugardagur:**

- Kvasir – samtök simenntunarmiðstöðva
- Team Spark
- BMX BRÓS


# VEIÐARFÆRATÆKNI

## *Hagnýtt nám með mikla og fjölbreytta framtíðarmöguleika hér á landi og erlendis*



**Snorri Sigurhjartarson**

„Hef starfað sem netagerðarmeistari á Íslandi, í Namibíu, Svíþjóð og Litháen og hef við það öðlast yfirgripsmikla reynslu í veiðarfæratækni og þjónustu við útgerðir og sjómenn. Þetta hefur komið sér einkar vel eftir að ég varð rekstrarstjóri Hampiðjunnar á Ísafirði.“

**STÖRF:**
**Framleiðslustjóri netahnýtingar**
**Framleiðslustjóri Hampiðjan Baltic í Litháen**
**Rekstrarstjóri Hampiðjunnar á Ísafirði**

**Magnús Guðlaugsson**



„Námið opnaði fyrir mér mikla möguleika. Ég fékk tækifæri til þess að vinna erlendis sem framkvæmdastjóri Hampiðjan USA um nokkurra ára skeið. Það var ómetanleg reynsla fyrir mig og alla fjölskylduna. Það nýtist mér einnig mjög vel í því starfi sem ég er í núna.“

**STÖRF:**
**Framkvæmdastjóri Hampidjan USA**
**Sölustjóri í Hampiðjan Offshore**
**Sölustjóri í Hampiðjan Yachting**
**Sölustjóri í Hampiðjan Ísland**



**Ingi Freyr Ágústsson**

„Með sveinspróf í netagerð fékk ég tækifæri á að vinna víða um heim og kynnast fullt af fólki og nýjum menningarheimum. Frábært tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn.“

**STÖRF:**
**Störf víða um heim, mest í Afríku**
**Framleiðslustjóri netaverkstæðis Hampidjan Baltic**
**Rekstrarstjóri Hampiðjunnar í Vestmannaeyjum**

**Rut Jónsdóttir**



„Netagerðarmaður var það síðasta sem ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór en ég kláraði námið og það er það besta sem ég gerði. Tækifærin, ferðalögin og allt frábæra fólkið sem ég hef kynnst um allan heim!“

**STÖRF:**
**Meðeigandi í Netagerð Jóns Holbergssonar ehf**
**Sölumaður hjá Ísfell**
**Starfsmaður hjá Tornet í Las Palmas**
**Sölustjóri hjá Hampiðjunni**

Hampiðjan hefur náð forystu í veiðarfæratækni á heimsvísu og þann árangur má að miklu leyti þakka námi í veiðarfæratækni hér á landi því Ísland er eina landið sem býður uppá sérstaka menntun í netagerð.

Námið tekur 3 ár og er að mestu tekið í fjarnámi. Hampiðjan býður uppá námsaðstöðu og aðstoð við námið í vinnutímanum ásamt því að námsmaðurinn heldur fullum launum meðan á náminu stendur.



**HAMPIÐJAN**
– fyrir öll heimsins höf

www.hampidjan.is

*Nánari upplýsingar: rut@hampidjan.is*

# Fjölskyldudagur á laugardag

## Opið hús verður milli klukkan 10 og 16 á laugardaginn á Mín framtíð 2019 í Laugardalshöll. Upplagt tækifæri til að fræðast og skemmta sér. Enginn aðgangseyrir er að deginum.

Við hvetjum fjölskyldur til að mæta með krakkana og sérstaklega með börn á grunnskólaaldri. Hægt er að fylgjast með keppendum á lokasprettinum í Íslandsmóti iðn- og verkgreina og spjalla við dómarana,“ segir Þór Pálsson, framkvæmdastjóri Íslandsmótsins, sem fram fer í Laugardalshöll um helgina. Opni dagurinn á laugardag er tækifæri til þess að kynnast fjölbreytileika iðn-, verk- og tæknigreina og brjóta jafnvel niður staðalímyndir sem fólk hefur um iðn- og verkgreinar.

Þrjátíu iðn- og verkgreinar kynna starfsemi sína, meðal annars á „prófaðu“ svæðum en þar gefst gestum tækifæri til að snerta á, prófa og upplifa. Einnig kynna 33 skólar fjölbreytt námsframboð á lifandi og skemmtilegan hátt.

Það verður hægt að prófa margt fjölbreytt og skemmtilegt bæði á keppnis- og skólabásum. Gestir geta t.d. farið á ýmis örnámskeið, stjórnað vélmennum og teiknað grafík í sýndarveruleika. Áhugasamir geta meðal annars prófað að leggja hellur eða að splæsa tóg. Þá fá gestir að sá kryddjurtum í glas sem þeir taka með sér heim. Hægt verður að bora og prófa ýmis tæki og tól undir handleiðslu fagmanna. Einnig má læra að flétta hár á mismunandi vegu eða læra að krulla og slétta hár. Boðið verður upp á ratleik og að leysa margvíslegar þrautir og fá verðlaun. Einnig má taka þátt í að útbúa lengstu blómaskreytingu landsins. Þá munu BMX Brós vera með sýningu og eins verður Meistari Jakob með uppistand.

„Þetta er afar lifandi og skemmtileg sýning og við heyrum það frá mörgum sem komu síðast að þeir bíða spenntir eftir að koma aftur,“ segir Þór. „Eins er þetta upplagt tækifæri fyrir alla sem standa frammi fyrir því að velja sér nám eða nýjan starfsvettvang að fá allar upplýsingar á einum stað“.



**Þrjátíu iðn- og verkgreinar kynna starfsemi sína, meðal annars á svokölluðum „prófaðu“ svæðum.**



**Frá deginum í fyrra þegar fjöldi fólks kom og skoðaði það sem var í boði fyrir jafnt unga sem aldna.**

NÁM TIL AÐ BYGGJA ÞÉR TRAUSTAN GRUNN



Iðnmenntun er lykill að óteljandi starfsmöguleikum til framtíðar og er góður grunnur til að byggja æfistarf sitt á, hvað sem það verður.

Byggiðn hvetur alla áhugasama til að koma á MÍNA FRAMTÍÐ 2019 – Íslandsmeistaramót iðn- og verkgreina sem haldið verður í Laugardalshöll dagana 14.-16. mars 2019 til að kynna sér það fjölbreytta og skemmtilega nám sem í boði er.

Við hlökkum til að sjá sem flesta.

verkidn.is #MínFramtíð

BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Málsvari byggingamanna | byggidn.is



Erasmus+ styður starfsnám

Erasmus+ veitir nemendum í starfsmenntaskólum og nemum á samningi tækifæri til að fara í náms- og þjálfunarferðir og starfsnám hjá fyrirtækjum, skólum, og stofnunum í Evrópu.

**Landsskrifstofa Erasmus+ á Íslandi hefur styrkt yfir 900 nemendaferðir frá árinu 2014.** Vinsælustu áfangastaðirnir: Danmörk, Bretland, Finnland, Þýskaland og Noregur.

Rannís mun standa vaktina í Laugardalshöll 14-16. mars og kynna Erasmus+ ásamt öðrum tækifærum svo sem Farabara, Eurodesk og Europass.

Erasmus+ Víkkar sjóndeildarhringinn
FARA BARA
eurodesk
europass
rannís www.rannis.is

# Múrefni, flot & flísalím fyrir fagmenn





## MUREXIN Profiflex flísalím
Vatnsþétt og frostþolið flísalím, inni, úti, votrými og yfir hitalagnir.
Þyngd: 25kg
Verð **2.590** kr.



## MUREXIN FM 60 Flexfúga
Frostþolin flísafúga
Margir litir
Þyngd: 8kg
Verð: **2.140** kr.
Einnig til í 2kg, verð **795** kr.
Einnig til í 25kg, verð **2.890** kr.

## DÚKUR Í DÓS



## MUREXIN rakaþéttikvoða
Frábær kvoða fyrir votrými.
7kg – **5.290** kr.
14kg – **8.190** kr.
25kg – **14.290** kr.



VINSÆLASTA FLOTIÐ HJÁ OKKUR

## Weber 4150 Fine Flow
Alhliða flot sem hentar á flest gólf
Fullþurrt eftir 1-3 vikur
Þykktarsvið: 4-30mm
Þrýstiþol: 30MPa
Þyngd: 25kg
Verð: **2.670** kr.



## Weber 4160 Rapid Fine Flow
Hraðþornandi flot með auknum styrk.
Fullþurrt innan 24 klst
Þykktarsvið: 2-30mm
Þrýstiþol: 35MPa
Þyngd: 25kg
Verð: **3.490** kr.



## Weber 4310 Fibre Flow
Trefjastyrkt flotefni fyrir veikt undirlag.
Fullþurrt eftir 1-4 vikur
Þykktarsvið: 5-50mm
Þrýstiþol: 25MPa
Þyngd: 25kg
Verð: **2.990** kr.



## Weber 4630 Durolit Útiflot
Hraðþornandi frostþolið i nni/úti flot með háum slitstyrk
Létt umferð eftir 24 klst, fullþurrt eftir viku.
Þykktarsvið: 7-20mm
Þrýstiþol: 35MPa
Þyngd: 25kg
Verð: **4.990** kr.



## Deka Plan 230 Flotefni
Alhliða flot sem hentar á flest gólf
Fullþurrt eftir 7-10 daga
Þykktarsvið: 2-30mm
Þrýstiþol: 25MPa
Þyngd: 25kg
Verð: **2.390** kr.



## Weber Gróf Múrblanda
Fyrir grófari múrviðgerðir, nýsteypu o.s.frv.
Þykktarsvið: 10-100mm
Þyngd: 25kg
Verð: **1.590** kr.



## Weber Milligróf Múrblanda
Múrblanda í almennar múrviðgerðir, inni og úti.
Þykktarsvið: 2-10mm
Þyngd: 25kg
Verð: **1.840** kr.



## Atlas - Inni/úti múr
Hefðbundin frostþolin múr
Þykktarsvið: 6-30mm
Þyngd: 30kg
Verð: **1.470** kr.

**Atlas Rappmúr**
30 kg
Verð **1.490** kr.



## Bostik Niboplan BEST þunnflot /sjónflot
Hraðþornandi flotefni sem hægt er að leggja dúk eða parket á eftir 1 dag.
Þykktarsvið: 1-15mm
Þyngd: 25 kg
Verð: **3.490** kr.



## Bostik Ardaflex Top 2 Flísalím
Frostþolið flíslím f. inni, úti, votrými og yfir hitalagnir
Gönguhæft eftir rúmlega 12klst
Þyngd: 25kg
Verð: **2.850** kr.
Fæst í 5kg poka, verð **1.490** kr.

## Mikið úrval af flísaskerum
Stærðir frá 340mm til 1250mm
Verð frá **3.990**







## MUREXIN Uniplatte baðplötur/veggeiningar
Vatnsþolnar, einangrandi og auðvelt að vinna. Henta vel undir flísar.
Stærð: 600x2600mm
Þykkt: 10, 20, 40 og 60mm
Eigum einnig 600x1300x6mm



**Gerðu verðsamanburð**

## Bauroc milliveggjasteinn
Myglusveppur sest ekki í bauroc milliveggjastein.
Auðvelt og fljótlegt að hlaða og vinna.
Rakaþolinn. Hátt hljóðeinangrunargildi (rúmþyngd: 535kg/m3) og eldþol (A1)
Hagkvæm og umhverfisvæn lausn fyrir alla milliveggi.



EKKI MYGLA

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

netgíró

MÚRBÚÐIN
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

# Áfram iðnnemar!

## Ístak sér mikinn hag í því að taka sem flesta iðnnema á samning, enda sé lífsnauðsynlegt fyrir fyrirtækið og íslenskt samfélag að fá góða iðnmenntaða einstaklinga á vinnumarkaðinn.

Það hefur verið mjög spennandi upplifun að vera nemi hjá Ístaki, dagarnir eru fjölbreyttir, vinnan skemmtileg, maður fær góða hreyfingu og er aldrei að gera það sama," segir Lárus Helgi Þorsteinsson, húsasmíðanemi hjá Ístaki.

Lárus Helgi vinnur þessa dagana við nýbyggingu Sorpu á Álfsnesi.

„Það er gaman að sjá húsið rísa og árangur af verkum sínum. Hér læri ég réttu handtökin af reyndum húsasmiðum sem segja mér fyrir verkum og leiðbeina mér í hvívetna. Í skólanum fékk ég góða reynslu af hvers kyns vinnu með verkfæri og vinnuvélar en þegar maður fer á vinnusvæði til að nýta sér allt sem maður lærði í skólanum öðlast maður meiri skilning á því hvað maður var að læra og hvers vegna," segir Lárus sem unir hag sínum vel hjá Ístaki.

„Ég er afskaplega ánægður, hér er vel tekið á móti nemum, maður fær að vinna með reyndum mönnum sem kunna fagið upp á tíu og vel er hlúð að iðnnemum," segir Lárus sem ákvað að söðla um og fara í húsasmíði eftir tveggja ára nám á náttúrubraut í Flensborg. „Eftir að hafa komist í að smíða geymslur hjá vinafólki fann ég hvað smíðin var þúsund sinnum skemmtilegri en bóknámsbrautin. Ofan á allt er svo pabbi smiður svo ætli ég sé ekki með húsasmíðina í genunum," segir Lárus sem útskrifast sem sveinn um næstu jól.

### Ánægjuleg fylgd út í lífið

Árni Geir Sveinsson, húsasmíðameistari og byggingariðnfræðingur, er meistari Lárusar hjá Ístaki.

„Mín reynsla er að iðnnemar skili sínu vel og Lárus er áhugasamur og duglegur og nýtist vel í þau verk sem fyrir hann eru lögð," segir Árni Geir um Lárus sem verður í þjálfun hjá Ístaki í átján mánuði.

„Á starfssamningi læra iðnnemar rétt handtök á vinnusvæðum bygginga og standa eftir sem góðir iðnaðarmenn í lok samningsins. Á vinnusvæðum steyptra nýbygginga og við byggingu timburhúsa lærast ólík vinnubrögð við húsbyggingar og nemarnir komast í vinnuumhverfi ólíkt því sem þeir áttu að venjast í verknámi sínu í skólanum þar sem þeir lærðu að umgangast vélar, tól og tæki," segir Árni Geir sem nýtur þess að geta leiðbeint iðnnemum sínum hjá Ístaki.

„Upp til hópa eru iðnnemar áhugasamir og vinnusamir. Það er ánægjulegt að geta boðið þeim starfssamning svo þeir fái lokið sveinsprófi og geti haldið út í atvinnulífið sem fullgildir iðnaðarmenn. Ég hvet því fyrirtæki til að taka til sín iðnnema, ekki síst ef þau vilja stuðla að því að enn fleiri ungmenni sæki um iðnnám."


Lárus og Árni Geir við nýbyggingu Sorpu í Álfsnesi. MYND/ANTON BRINK

### Flottustu starfsgreinarnar

Ístak leggur mikið upp úr því að fá til sín iðnnema.

„Við teljum lífsnauðsynlegt fyrir okkur og samfélagið að fá góða iðnmenntaða einstaklinga út á vinnumarkaðinn og höfum tekið við nemum í vélvirkjun, járnsmíði, rafvirkjun, múraraiðn og meira að segja námusvein frá Grænlandi, en þar eru jarðvegsiðnaðarmenn sérmenntaðir fyrir námuiðnaðinn. Menntun námusveinsins hefur nýst okkur vel og hann hefur notið þess að koma til Íslands á starfssamning þar sem við höfum kennt honum margt hvað varðar vegavinnu og almenna jarðvinnu," upplýsir Bjarki Þór Iversen, mannauðsstjóri hjá Ístaki.

„Við viljum fá til okkar iðnnema því við teljum að þeir læri mikið af því að starfa við hlið reyndra iðnaðarmanna. Að auki erum við stórt fyrirtæki með dreifð verkefni og getum boðið upp á fjölbreytni sem við teljum mikinn kost fyrir nemana."

Bjarki segir Ístak leggja sig fram við að taka á móti öllum iðnnemum sem sækjast eftir því að fara á starfssamning hjá fyrirtækinu þótt það geti eðlilega ekki tekið við öllum.

„En almennt viljum við vera með rétt hlutfall af iðnnemum, einfaldlega vegna þess að við getum það en líka vegna þess að faggreinar iðnaðarmanna eru okkar lifibrauð og samfélagsins. Það er frábær menntun að vera iðnaðarmaður og ég á erfitt með að sjá fyrir mér flottari starfsgreinar en iðnaðarfólk. Það er enginn hægðarleikur að verða góður iðnaðarmaður og það er handverk sem verður ekki af manni tekið. Við viljum því fá iðnnema í öllum tilvikum því það er okkar hagur. Því segi ég: Áfram iðnnemar!"



Dagbjört Elín Ármannsdóttir, nemi í rafvirkjun, og Helgi Már Valdimarsson rafiðnfræðingur að störfum.

RAFMENNT er máttur

RAFMENNT – fræðslusetur rafiðnaðarins annast verkefni er varða menntamál rafiðnaðarmanna, allt frá upphafi náms til loka meistaraskóla, og endurmenntun þeirra sömuleiðis.

RAFMENNT varð til árið 2018 við sameiningu Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins í því skyni að auka þjónustu við félagsmenn og gera framboð menntunar og fræðslu enn fjölbreyttara og markvissara.

Rafiðnaðarsamband Íslands og Samtök rafverktaka eiga og reka RAFMENNT í sameiningu.

RAFMENNT
fræðslusetur rafiðnaðarins

Stórhöfða 27 • 110 Reykjavík • rafmennt.is • sími 540 0160


Við óskum keppendum
góðs gengis
og vonum að ekkert fari
múrskeiðis


BM·VALLÁ

Styðjum við bakið á íslenskum iðnnemum


vfs.is
Milwaukee
ALVÖRU
VERKFÆRI
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

# Mikið af flottu fólki í iðnaði

**Jóhanna Vigdís Arnardóttir kallar eftir þjóðarátaki með sterkum fyrirmyndum sem höfða til ungs fólks og sýni fram á að skaðlegar staðalímyndir um iðn- og verknám séu beinlínis rangar.**

Ég hef alltaf sagt við mín börn að velja fyrst og fremst nám eftir áhuga – að það sé skynsamlegasta valið,“ segir Jóhanna Vigdís Arnardóttir, verkefnastjóri í menntamálum hjá Samtökum iðnaðarins.

„Við sjáum hins vegar að það eru ýmsir kostir við iðnnám umfram bóknám, til dæmis sjálfstæði og sveigjanleiki, mikil umframeftirspurn eftir vinnuafli og svo eru það tekjumöguleikarnir en fær iðnaðarmaður hefur oft mun meiri tekjumöguleika með tilliti til ævitekna en margir af þeim bóklærðu,“ segir Jóhanna Vigdís.


Jóhanna Vigdís Arnardóttir hjá Samtökum iðnaðarins. MYND/SIGTRYGGUR ARI

## Mikil þörf á iðnaðarfólki

Í könnunum meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins kemur fram að þrír af hverjum fjórum finna fyrir skorti á iðnmenntuðu starfsfólki. Í samanburði telja aðeins tólf prósent vera skort á háskólamenntuðu starfsfólki.

„Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að víða sé mikil þörf á iðnmenntuðu starfsfólki. Það sætir svo sem ekki furðu því Ísland sker sig úr á alþjóðavettvangi þar sem rétt um þriðjungur nema á framhaldsskólastigi leggur stund á starfsnám. Í samanburði er hlutfallið á hinum Norðurlöndunum rúmlega helmingur og nær 70 prósent í Finnlandi. Íslenskir nemendur eru því ekki að velja starfsnám í nægum mæli, jafnvel þótt áhugi margra liggi mun meira í verklegum fögum en bóklegum,“ upplýsir Jóhanna Vigdís.

Hún segir ástandið misjafnt eftir iðngreinum.

„Það er til dæmis áhyggjuefni að orðið hefur þó nokkur fækkun í ýmsum greinum, eins og byggingar- og mannvirkjageiranum. Ef okkur tekst ekki að snúa þeirri þróun við verður erfitt að takast á við ýmsar framtíðaráskoranir og sem dæmi má nefna þann mikla húsnæðisskort sem nú blasir við og þarf að leysa.“

## Skaðlegar staðalímyndir

Innan Samtaka iðnaðarins verður greinilega vart við aukinn áhuga á iðn- og verknámi hjá íslenskum ungmennum.

„Við leggjum ríka áherslu á að iðn- og verkgreinum sé gert jafn hátt undir höfði og bóknámsgreinum í námsskrá skólanna og þjóðfélagsumræðu almennt. Það er mín skoðun að við ættum að sleppa þessum hólfum og hætta að tala um aðgreininguna bóknám og verknám. Nám er nám og öll færni krefst bæði verklegrar og fræðilegrar þekkingar. Við þurfum að leggja meiri áherslu á kennslu verkgreina strax á fyrstu stigum grunnskóla og vinna með þá færni frá fyrstu stigum,“ segir Jóhanna Vigdís og kallar eftir þjóðarátaki í kynningarmálum fyrir iðn- og verkgreinar.

„Með slíku átaki gæti ungt fólk áttað sig á þeirri staðreynd að námið er bæði áhugavert og skemmtilegt og að þær skaðlegu staðalímyndir sem oft eru dregnar fram eru beinlínis rangar. Ég tel þannig mikilvægt að draga fram sterkar fyrirmyndir til að höfða til ungs fólks og nýta þær til að kynna hinar ýmsu iðngreinar því það er svo sannarlega mikið af flottu fólki í iðnaði.“

## Krakkar prófa verkfærin

Sé horft til sveinsprófa á árabilinu 2011 til 2018 er vinsælasta iðnnámið rafvirkjun, en málmsuða, rafveituvirkjun og húsgagnasmíði eru nú í mikilli sókn.

„Því miður hefur ekki orðið nein stórkostleg fjölgun kvenna í iðnaði, en það mjakast og nú hefur til dæmis konum fjölgað í bílamálun í Borgarholtsskóla. Ýmsar herferðir hafa reynt að sýna fram á að þetta séu svo sannarlega kvennastörf líka og ég hef unnið mikið með Félagi fagkvenna sem eru konur með sveinspróf eða meistararéttindi í karllægum iðngreinum. Þær fara í heimsóknir í yngstu bekki grunnskóla og segja frá sinni iðngrein, sýna krökkunum verkfærin sín og leyfa þeim að prófa. Það er svo mikilvægt að leyfa krökkum að prófa og kynna þessar faggreinar snemma í grunnskólanum og ekki spillir fyrir að hafa flottar kvenfyrirmyndir,“ segir Jóhanna Vigdís.

Hún segir sjálfvirknivæðinguna hafna í iðnaði sem öðrum greinum.

„Vélar munu þó aldrei taka að fullu yfir störf sem krefjast sköpunar og aðlögunarhæfni eins og mörg störf iðnaðarmanna gera. Auðvitað munu sum störf hverfa eins og í fyrri iðnbyltingum en fjölmörg ný munu koma í staðinn. Eðli menntunar og starfa er að breytast hratt og með aukinni nýsköpun verða til ný störf. Við sjáum til dæmis núna að fær rafvirki er orðinn hátæknimenntaður einstaklingur.“




STABILA
130 ÁRA
Afmælispakki frá Stabila
- 4 hallamál
VÉLAR & VERKFÆRI
SKÚTUVOGI 1C | 104 REYKJAVÍK | SÍMI 550 8500 | WWW.VV.IS
100 ÁRA 1919-2019

GRAFÍA
Stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum

maria nila
STOCKHOLM

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari
Veldu með hjartanu 100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
Head & Hair Heal verndar lit hársins, örvar hárvöxt og vinnur á móti hárlosi, þurrum hársverði og flösu ásamt því að vera bólgueyðandi. Sjampóið og hárnæringin eru hönnuð til daglegra nota fyrir alla.

Maskan má nota 1-2 í viku.
Allar vörurnar í línunni innihalda vegan innihaldsefni, en hvorki súlföt, paraben né aðra ofnæmisvalda.


Regalofagmenn Regalo ehf Iceland
www.regalo.is
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY

# Mín framtíð 2019

## Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning **laugardaginn 16. mars** kl. 10 – 16 í Laugardalshöll

verkiðn

- Íslandsmót iðn- og verkgreina - keppendur í 27 greinum leggja lokahönd á sín verkefni
- Prófaðu svæði – snertu, fiktaðu, smakkaðu og upplifðu
- Framhaldsskólakynning – 33 framhaldsskólar kynna námsframboð, inntökuskilyrði og félagslíf
- Team Spark lið HÍ kynnir rafmagnsbílinn sinn
- Sala á fullunnum afurðum frá keppendum í Kjötiðn, frábær verð
  Kynning á íslenskum afurðum frá **Kjörís** og **MS**
- Kl. 11:00 **BMX Brós** sýna listir sínar og kenna trix
  Kjörís
- Kl. 13:00 **BMX Brós** sýna listir sínar og kenna trix
  Kjörís
- Kl. 14:00 **Meistari Jakob** - uppistand
- Kl. 16:30 Verðlaunaafhending á Íslandsmóti iðn- og verkgreina
- Mikið líf og fjör. Komdu og leystu þrautir, fiktaðu í tólum og tækjum og búðu til hluti í höndunum

*Ókeypis inn fyrir alla*



## Hvar liggur þín framtíð ?

**#MínFramtíð**
verkidn.is

# Mörg skemmtileg tækifæri til staðar

Ylfa Helgadóttir, eigandi og yfirkokkur á Kopar og fyrrverandi þjálfari kokkalandsliðsins, fór á samning árið 2007 og hefur átt farsælan feril síðan. Hún segir mörg tækifæri vera til staðar fyrir menntaða matreiðslumenn, úrval veitingastaða hafi aukist þar sem hægt er að fara á samning, grunnlaunin séu góð og námslán séu fyrir vikið óþörf.

*Hvenær kviknaði áhugi þinn á matreiðslu?*

Ég vissi ung að mér þótti matreiðsla og bakstur mjög skemmtileg. Áhuginn þróaðist aðeins öðruvísi þá þar sem lítið var hægt að skoða, t.d. á YouTube. Ef ég hefði haft aðgang að öllu efninu sem er aðgengilegt í dag þykir mér líklegt að ég hefði valið bakarann fram yfir kokkinn. Samt er ég mjög fegin að ég gerði það ekki, því kokkar læra líka að baka.

*Hvenær tókstu ákvörðun um að leggja þetta starf fyrir þig?*

Ég var eflaust búin að ákveða að verða kokkur um 13-14 ára aldurinn en ákvað að klára stúdentspróf áður en ég færi á samning. Eftir vorútskrift 2007 var ég ekki jafn viss í minni sök og prófaði ýmislegt, t.d. fór ég á samning í lok ágúst en hætti eftir mánuð. Það var síðan rétt fyrir jólin 2007 sem ég byrjaði aftur á samningi og þá varð ekki aftur snúið.



**Ylfa Helgadóttir er eigandi og yfirkokkur á Kopar og fyrrverandi þjálfari kokkalandsliðsins.**

> **Nemar eru mikilvægir starfsmenn sem vinna ábyrgðarstarf og þeim er sýnd aðeins meiri virðing í starfi í dag heldur en fyrir 10-20 árum.**

*Hvaða minningar áttu frá náminu?*

Þessi tími var allt öðruvísi en allt sem ég þekkti áður. Fólkið, vinnan, stressið, hraðinn og aginn. Mér fannst þetta vera eins og að labba inn í nýjan heim.

Ég vann frekar lengi áður en ég fór í skólann og ég man hvað ég var spennt að hitta aðra sem voru að upplifa það sama og ég. Og það var líka frábær partur af náminu, að mæta í skólann og hitta alla hina nemana og læra hvert af öðru.

*Hvaða eiginleikar skipta mestu máli til að ná langt í þessari grein?*

Ósérhlífni og geta til að aðlagast aðstæðum hratt.

*Hvernig hefur þessi grein helst breyst frá því þú byrjaðir?*

Ég held að vinnuaðstæður séu töluvert breyttar og það er meira úrval af stöðum til að læra á. Auk þess hefur framkoma við kokkanema tekið töluverðum stakkaskiptum. Nemar eru mikilvægir starfsmenn sem vinna ábyrgðarstarf og þeim er sýnd aðeins meiri virðing í starfi í dag heldur en fyrir 10-20 árum.

*Hvaða góð ráð hefur þú fyrir áhugasamt ungt fólk sem vill stefna í þessa átt?*

Ekki hika og bara velja sér stað og sækja um. Það er ekki margt nám í boði þar sem nemar fá borgað fyrir að læra og eru um leið með hærri grunnlaun en margt háskólamenntað fólk. Svo þarf engin námslán.

*Hversu fjölbreytt tækifæri eru í boði í dag?*

Það er í rauninni alveg ótrúlega margt sem stendur menntuðum matreiðslumönnum til boða í dag. Fyrir utan veitingastaði og önnur stofnanaeldhús þá er mikið af ráðgjafar- og þróunarvinnu í boði, kennsla og margt fleira.

*Hvernig sérðu matarlandið Ísland þróast á næstu 10-20 árum?*

Við ættum að halda áfram að nýta íslenska hráefnið og vinna með íslenska matarafleifðina, eins og svo margir eru nú þegar að gera.

*Hvað er það skemmtilegasta við starfið?*

Þegar það er mikið að gera, pressan í hámarki og allt gengur upp. Þá er fátt annað betra!

*Hvað ætlar þú helst að fást við í ár?*

Það er búið að vera krefjandi að eiga veitingastað og það mun halda áfram að vera krefjandi næstu mánuði. Öll mín orka mun fara í að sinna Kopar og vinna að því stóra markmiði að gera Kopar að besta veitingastað landsins.



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

MULTI VOLT

# Meira afl og kraftur

## Ný 36V rafhlaða gengur í allar 18V vélar

HITACHI HITACHI POWER TOOLS ⇨ HiKOKI HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

NÝTT NAFN SÖMU GÆÐI



-20%

**63.988,-**

~~79.985,-~~

HiKOKI HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

**BORVÉL 36V** DS36DA
HIKOKI MULTI VOLT (2RAFHLÖÐUR)
- 2 x 36V rafhlöður 2.5Ah
- Hersla 138Nm • Kolalaus mótor
- 2ja gíra • sn./mín. 0-500/2100
- Hámarksborun í málm 16mm
- RFC öryggi gegn bakslagi
- 13 mm Röhm patróna
- Aukahandfang fyrir meiri átök
- Led ljós • Þyngd 2,7 kg • Taska HSCII
- Rafhlaða BSL36A18 36V
- Hleðslutæki UC18YSL3
- Hleðslutími 35 mín

*vnr. 5249300*

HiKOKI HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

MULTI VOLT



-20%

**95.200,-**

~~119.000,-~~

**BÚTSÖG 36V** C3610DRA
HIKOKI MULTI VOLT **(BASIC)**
**ÁN RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUTÆKIS**
- Blaðstærð 255mm
- Hám. sögun [95°] 89x292mm [45°] 89x204mm
- Hægt að halla í báðar áttir
- Kolalaus mótor • Hraði: sn./mín. 4000
- Led ljós • Laser fyrir nákvæmari skurð
- Þyngd 20,6kg

*vnr. 5249330*



-20%

**42.399,-**

~~52.998,-~~

**HJÓLSÖG 36V** C3606DA
HIKOKI MULTI VOLT (BASIC)
**ÁN RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUTÆKIS**
- Mótor stoppar við yfirálag - skilar betri endingu
- Kolalaus mótor • Blaðstærð 165mm / gat 20mm
- Hám. sögun 66mm 90°/45mm 45°
- Aflmikil og hljóðlát APS system
- Hraði/mín - fullur kraftur 4.300 sn./mín
- Hljóðstilling 2.000 sn./mín • Led ljós
- Þyngd 3,4 kg • Taska HSCIV

*vnr. 5249310*



-20%

**39.908,-**

~~49.885,-~~

**HERSLUVÉL 1/4" 36V** WH36DB
HITACHI MULTI VOLT **(BASIC)**
**ÁN RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUTÆKIS**
- Hersla 210Nm • Kolalaus mótor
- Vatns-og rykvarin IP56 • Sn./mín 2900
- Lengd aðeins 127mm • Led ljós
- Þyngd 2,7 kg • Taska HSCII

*vnr. 5249308*

## Einnig fáanlegt í **MULTI VOLT** línunni

MULTI VOLT



**HERSLUVÉL 3/4" 36V**
WR36DA

**HERSLUVÉL 1/2" 36V**
WR36DB

**BORHAMAR 36V**
DH36DPA

**SVERÐSÖG 36V**
CR36DA

**SLÍPIROKKUR 36V**
G3613DA

**BOR-/BROTVÉL 36V**
DH36DMA **SDS-MAX**

# Vilja auka virðingu iðnnáms

**Félag iðn- og tæknigreina, FIT, stendur á grunni sautján félaga sem hafa sameinast í baráttu sinni fyrir bættum kjörum fyrir félagsmenn sína og aukinni virðingu fyrir iðnmenntun á Íslandi.**

Félag iðn- og tæknigreina, FIT, er eitt af fjölmörgum iðnfélögum sem nýverið hafa flutt á Stórhöfða 31. „Það er mjög merkur áfangi að flest iðnfélögin séu nú saman komin í sameiginlegu húsnæði og hafi sameiginlegt símanúmer, 540-0100. Það er mikilvægt að iðnfélögin starfi saman til að efla heildarhag iðngreina. Samstaðan eflist innan iðnaðarmannasamfélagsins þegar menn vinna í svo miklu návígi og markmiðin verða skýrari,“ segir Gunnar Halldór Gunnarsson hjá FIT.

Í ár eru 16 ár frá stofnun FIT en þó má segja að rætur þess liggi mun dýpra. „Vorið 2003 sameinuðust fimm félög, Bíliðnafélagið/Félag blikksmiða, Málarafélag Reykjavíkur, Sunniðn, Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði og Félag garðyrkjumanna í eitt félag undir merkjum FIT. Á næstu árum bættust fleiri við og í dag stendur FIT á grunni sautján félaga. Elsta félagið innan FIT er Múrarafélag Reykjavíkur sem stofnað var 1917 og því teygir sagan sig yfir heila öld og tveimur árum betur.“

Gunnar segir menn hafa séð mikla kosti í því að sameinast í eitt stórt félag. „Í öflugra félagi er félagsmönnum veittur betri stuðningur og félagið í heild sinni varð máttugri málsvari iðngreinanna,“ segir hann og bætir við að félagsmenn FIT séu langt yfir fjögur þúsund í dag og þeim fari ört fjölgandi.

*En hver eru helstu baráttumálin?*

„Þau eru auðvitað bætt kaup og kjör félagsmanna en ekki síður að standa vörð um mennta- og velferðarkerfið. Við viljum bæta iðnmenntun á Íslandi og auka virðingu fyrir iðngreinum og iðnnámi. Í því sambandi fögnum við framlagningu frumvarps um jafngildingu iðnnáms og stúdentsprófs. Það er einnig ánægjulegt að sjá að æ fleiri konur sækja sér nám í þessum greinum.“

Gunnar segir Íslandsmót iðngreina hafa gífurlega þýðingu fyrir Félag iðn- og tæknigreina enda sé mikilvægt að sýna þá fjölbreytni sem ríki í iðnnámi. Keppt er í fjölmörgum iðngreinum innan félagsins eins og bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, trésmíði, málaraiðn, málmsuðu, múraraiðn, pípulögnum, skrúðgarðyrkju, snyrtifræði, fataiðn, gull- og silfursmíði, hársnyrtiiðn og blómaskreytingum. „Það er skemmtilegt að geta sýnt grunnskólanemendum góðar fyrirmyndir.“

**Félögin í FIT**

1. Múrarafélag Reykjavíkur 1917
2. Málarafélag Reykjavíkur 1928
3. Sveinafélag pípulagningamanna 1932
4. Félag bifvélavirkja 1935
5. Félag blikksmiða 1935
6. Félag bifreiðasmiða 1938
7. Iðnsveinafélag Suðurnesja 1942
8. Félag garðyrkjumanna 27. júní 1943
9. Iðnaðarmannafélag Rangæinga 1950
10. Félag bílamálara 24. nóvember 1956
11. Félag byggingariðnaðarmanna Árnessýslu 1959
12. Sveinafélag járniðnaðarmanna í Vestmannaeyjum 1963
13. Sveinafélag málmiðnaðarmanna Akranesi 1966
14. Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði 1967
15. Félag tækniteiknara 1969
16. Bíliðnafélag / Félag blikksmiða 1991
17. Sunniðn 1995



Gunnar Halldór Gunnarsson og Katrín Bryndísardóttir, starfsfólk Félags iðn- og tæknigreina. MYND/SIGTRYGGUR ARI

reykjafell.is

REYKJAFELL



Fagleg þjónusta við rafiðnað

Reykjafell · Reykjavík, Akureyri og Reykjanebæ 588 6000

LÝSING AFLDREIFING RAFLAGNIR IÐNSTÝRINGAR



Ýmsu þarf að breyta í tengslum við menntun iðnaðarmanna til að geta mætt þörfum samfélagsins og nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Lítil fækkun iðnaðarmanna

Er fækkun iðnnema raunveruleg eða hefur orðræðan orðið iðnmenntun að bana? spyr Agnes Ósk Guðjónsdóttir í BA-ritgerð sinni í félagsvísinda- og lagadeild við Háskólann á Bifröst sem hún skrifaði í fyrra.

Umræðan hefur verið á þann hátt að vöntun sé á iðnaðarmönnum og ríkisstjórnir setja í ríkisstjórnarsáttmála sína að auka eigi veg og virðingu iðngreina svo um muni, en breytingar hafa látið á sér standa, stendur meðal annars.

Niðurstöður Agnesar sýna að fækkunin sé ekki alvarleg ef litið er einungis á tölur og þær bornar saman við fjölda iðnaðarmanna frá ári til árs.

# Frábær aðstaða til náms

**Nemendur Framhaldsskólans á Laugum stunda fjölbreytt nám við góðar aðstæður í fallegu umhverfi. Félagslífið er virkilega fjölbreytt og dvalarkostnaður er mun minni en flestir halda.**

Framhaldsskólinn á Laugum (FL) er staðsettur í Reykjadal, í blómlegri sveit, Þingeyjarsveit, á Norðurlandi eystra. Skólinn býr yfir frábærri aðstöðu til náms, félagslífs og íþróttaiðkunar en þar geta nemendur lokið stúdentsprófi af fjórum brautum; félagsvísindabraut, íþróttabraut, náttúruvísindabraut og kjörsviðsbraut, segir Hanna Sigrún Helgadóttir, kennari við skólann.

„Nemendur á kjörsviðsbraut hanna sitt eigið nám til að ljúka stúdentsprófi. Það er hægt að ljúka öllum kjarnagreinum til stúdentsprófs við FL á tveimur árum og bæta svo við kjörsviði eða sérhæfingu að eigin vali. Þessa sérhæfingu er hægt að klára við skólann hjá okkur en einnig er hægt að fá iðn- og verknám, nám við ýmsa sérskóla, t.d. kvikmynda- og tónlistarskóla, og starfsreynslu í t.d. iðn- og verkgreinum, metna til eininga. Þá útskrifast nemandinn með stúdentspróf af kjörsviðsbraut með viðkomandi sérsvið.“



Fríður hópur nemenda við Framhaldsskólann á Laugum á síðustu uppskeruhátíð skólans.

## Þægilegt skipulag

Skólakerfið á Laugum er aðeins frábrugðið öðrum skólum, segir Hanna, en skóladagurinn byrjar kl. 9.10 og stendur til 15.30, mánudaga til fimmtudaga, og til 14.40 á föstudögum. „Nemendur hafa engar eyður í stundatöflu umfram frímínútur og hádegishlé svo vinnudagur þeirra er samfelldur, líkt og á hefðbundnum vinnustöðum. Miðað er við að nemandi í fullu námi geti lokið verkefnum sínum á vinnutíma og heimanám er því takmarkað.“

Annað sem einkennir skipulagið hjá FL er að skólinn er bara með tvo hefðbundna fagtíma með kennara í hverjum áfanga, en að öðru leyti velja nemendur sér verkefni til að vinna að í hóp- og námstímum. „Þannig getur nemandi valið að leggja fleiri vinnustundir í námsgreinar sem hann á erfiðara með, á kostnað þeirra sem hann á auðveldara með. Á þennan hátt er tími nemandans nýttur sem best. Hver nemandi á sitt skrifborð með læstri hirslu og þar vinnur hann í hóp- og námstímum og auðvitað eru þar kennarar til aðstoðar.“

## Aðstaðan til fyrirmyndar

Aðstaðan á Laugum er frábær að hennar sögn. Öll heimavistarherbergi eru með sér baðherbergi og internet er í öllum húsum skólans og á heimavistarherbergjum, nemendum að kostnaðarlausu. „Mötuneytið býður upp á fimm máltíðir á dag og öllum þvotti er skilað samanbrotnum til nemenda vikulega. Það er þjónusta sem ég væri svo sannarlega til í að hafa. Nemendur hafa líka frían aðgang að íþróttahúsi, sundlaug og golfvelli, en við erum svo heppin að vera með glæsilega 25 m útisundlaug og potta, góðan íþróttasal og líkamsræktaraðstöðu. Síðan má ekki gleyma ósnortinni náttúrunni sem býður upp á endalaus tækifæri til útivistar og afþreyingar.“

## Frábært félagslíf

Árleg söngkeppni FL nefnist Tónkvíslin en samhliða henni fer fram söngkeppni grunnskólanna í nágrenninu. Hún segir Tónkvíslina vera miklu meira en söngkeppni því hún er á sama tíma lokaverkefni nemenda í áfanga í viðburðastjórnun og einn af stærri menningarviðburðum sem haldnir eru í Þingeyjarsýslum. „Hún er eina söngkeppnin á vegum framhaldsskóla sem er sýnd í beinni útsendingu í sjónvarpi. Nemendur sjá um alla skipulagningu og framkvæmd, allt frá því að breyta íþróttahúsinu í tónleikahöll, gera samninga við sjónvarpsstöð og tæknimenn og halda utan um þátttöku nemenda, yfir í að skrifa handrit, flytja tónlist, sjá um sviðsstjórn og manna kvikmyndatökuvélar í beinni útsendingu, svo eitthvað sé nefnt. Í keppninni hafa skapast ómetanleg tengsl milli nemenda og starfsfólks úr bransanum og þannig opnast dyr inn í heim sem fæstir framhaldsskólanemar hafa aðgang að.“



Framhaldsskólinn á Laugum býður upp á frábæra aðstöðu til náms, félagslífs og íþróttaiðkunar en þar geta nemendur lokið stúdentsprófi af fjórum brautum segir Hanna Sigrún Helgadóttir, kennari við skólann.

> Flestir nemenda fá húsaleigubætur og jöfnunarstyrk sem dugar fyrir u.þ.b. helmingnum af dvalarkostnaði nemenda við skólann.

Félagslífið í skólanum mótast af því að þar búa nemendur saman á heimavist í sveit og því er alltaf líf og fjör. „Meðal stærstu árlegu viðburða má nefna Laugadrauminn, árshátíð, menningarferð og skíðaferð. Síðan eru reglulega keppnir milli heimavista í hinum ýmsu greinum þar sem vistirnar safna stigum í vistabikarnum. Einnig eru reglulega keppnir á milli nemenda og starfsmanna skólans, en samband kennara og nemenda er auðvitað einstakt á svona litlum stað þar sem allir búa á sama blettinum.“

## Alls ekki dýrt

Það er ekki jafn dýrt og flestir halda að stunda nám við skólann, segir Hanna. „Flestir nemenda fá húsaleigubætur og jöfnunarstyrk sem dugar fyrir u.þ.b. helmingnum af dvalarkostnaði nemenda við skólann. Það er ekki óalgengt að mánuðurinn kosti nemanda sem er í fullu fæði fimm daga vikunnar 37.000 kr. en 45.000 kr. ef hann er í sjö daga fæði. Innifalinn í þessum tölum er allur dvalarkostnaður, þ.e. húsaleiga, mötuneyti, þvottur, internet, afnot af íþróttaaðstöðu o.s.frv.“



Öll aðstaða fyrir nemendur á Laugum er frábær.



Nemendur hafa meðal annars frían aðgang að íþróttahúsi, sundlaug og golfvelli á Laugum.



Tónkvíslin er meira en söngkeppni, hún er einnig lokaverkefni í áfanga í viðburðastjórnun og með stærri menningarviðburðum í Þingeyjarsýslum.

# Vel tengt fræðslusetur RAFMENNTAR í rafmenntun

**RAFMENNT, byggir á gömlum grunni en fræðslusetrið sér um menntamál rafiðnaðarmanna frá upphafi náms til loka og svo endurmenntun. Þór Pálsson framkvæmdastjóri segir námið opna margar dyr.**

Á vordögum 2018 ákváðu stjórnir Rafiðnaðarskólans og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins að sameina þessi tvö félög í eitt undir merki RAFMENNTAR, fræðsluseturs rafiðnaðarins, og færa þannig öll verkefni sem snúa að menntamálum rafiðnaðarmanna, frá upphafi náms til loka meistaraskóla og síðan þeirrar endurmenntunar sem félagsmenn þurfa stöðugt að vera að nýta sér, í eitt félag.

„Þetta er að verða ársgömul hugmynd í framkvæmd og hefur gengið vel,“ segir Þór Pálsson framkvæmdastjóri.

Hafdís Reinaldsdóttir skrifstofustjóri bætir við að alltaf séu nýungar að koma á markaðinn, hvort sem það eru tól, tæki eða aðferðir. „Það er alltaf að koma eitthvað nýtt og við skoðum hvað er fram undan. Þegar til dæmis ljósleiðarinn kom var allt fullt í þeim námskeiðum og er enn. Það eru að koma nýjar uppfærslur, nýjar stýringar og iðnaðarstýringar og fleira og fleira.“

Rafmennt er einnig meistaraskóli og þá eru sveinsprófin haldin hjá Rafmennt sem er til húsa á Stórhöfða 27.

„Það komast allir á samning sem það vilja og sækjast eftir því. Ef einstaklingur finnur ekkert sjálfur þá aðstoðum við en það er rosalega sjaldan sem það gengur ekki,“ segir Þór.

> **Þetta þarf ekkert að vera karllægt starf. Þetta hentar konum vel. Það eru engin átök í þessu starfi**
>
> Þór Pálsson

Hann segir að námið opni margar dyr og henti konum vel. „Þeim fjölgar. Þetta þarf ekkert að vera karllægt starf. Þetta hentar konum vel. Það eru engin átök í þessu starfi og þú þarft ekki að vera vöðvamikill því það eru ekki þungir hlutir í rafmagninu en aftur á móti mikil tækni.“

Hafdís er búinn að starfa við endurmenntun rafiðnaðarins í 25 ár. Hún segir að ásóknin í grunnnámið sé nokkuð stöðug og aukning ef eitthvað er síðari ár. „Núna er allt nám vel sótt og það er aukning í meistaranáminu. Við erum vel tengd inn í atvinnulífið og fyrirtækin vita hvar á að leita að nemendum til að fá framtíðarstarfsmenn.“



Hafdís Reinaldsdóttir og Þór Pálsson. MYND/STEFÁN

Þú finnur draumastarfið á job.is


Iðnaðarmenn


Heilbrigðisþjónusta


Kennsla


Veitingastaðir

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU

job.is

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA FRÁ ÁRINU 2000
UMHVERFISMERKI 141 381

- Leiðandi prentfyrirtæki í umhverfismálum
- Elsti svansleyfishafi landsins

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

IÐAN fræðslusetur
www.idan.is


NÝTT
CURL DEFINE
Lausn fagmannsins til að móta og viðhalda náttúrulegri hreyfingu krullanna.Temur og mótar krullað hár og gefur slétta áferð án „frizz“. Gefur mikinn glans án þess að fórna fyllingunni
label.m
PROFESSIONAL HAIRCARE
CURL DEFINE
Foam
OFFICIAL HAIRCARE PRODUCT
LONDON FASHION WEEK
label.m
CURL DEFINE
Cream
OFFICIAL HAIRCARE PRODUCT
LONDON FASHION WEEK
label.m
CURL DEFINE
Shine Top Coat
label.m
CURL DEFINE
Soufflé
label.m
PROFESSIONAL HAIRCARE
OFFICIAL HAIRCARE PRODUCT
LONDON FASHION WEEK
www.labelm.is
label.m á íslandi
label.m_iceland

# Mesta fjörið verður í hárinu


Sigurvegarar í fantasíukeppninni á Íslandsmóti iðn- og tæknigreina í fyrra.

Félag hársnyrtisveina heldur utan um keppni hárgreiðslunema á Íslandsmóti iðn- og verkgreina líkt og síðustu ár. „Keppendur eru 23 frá fimm skólum, Tækniskólanum, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Hárakademíunni, Verkmenntaskóla Austurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja,“ segir Lilja Sæmundsdóttir sem skipuleggur keppnina.

Fyrir hádegi á fimmtudegi og föstudegi er keppt í svokallaðri fantasíu þar sem keppt er á gínuhöfuð. Nemendur í grunndeild vinna með þemað frost og lengra komnir nemar með þemað funi. „Það verða oft alveg tryllt listaverk til í þessari keppni,“ segir Lilja en keppt er um hinn eftirsótta skólabikar en Hárakademían á titil að verja.


Verkefni í einstaklingskeppni.

Eftir hádegi á fimmtudag og föstudag og allan laugardag fer fram einstaklingskeppni þar sem unnið er með lifandi módel. Keppt er í dömuklippingu og lit, herraklippingu, brúðargreiðslu og því sem er kallað niðurgreiðsla þar sem unnið er eftir fyrirmynd.

„Tilgangurinn með svona keppni er að þroska nemendur. Þetta gefur fólki mikla reynslu enda þarf að undirbúa sig vel, skipuleggja sig, sýna hugmyndaauðgi og ganga hreint til verks,“ segir Lilja og bendir á að svona keppni sé einnig mjög góður undirbúningur fyrir sveinspróf.

Hún segir keppendur hafa gaman af keppninni þó auðvitað beri á stressi og álagi. „Við höfum gefið það út að við ætlum að hafa gaman saman enda er alltaf fjör og skemmtun í kringum fólk í hárinu,“ segir Lilja glaðlega. Þessi gleði smitar út frá sér og bás háriðnarinnar er yfirleitt einn sá vinsælasti hjá áhorfendum. „Hér er alltaf húsfyllir, við spilum góða tónlist, fólk getur tekið myndir af sér og við verðum með flotta prufubása þar sem fólk getur prófað að klippa, raka og flétta. Við verðum góðir og gjafmildir gestgjafar um helgina.“


Hrein listaverk verða til í keppninni.




# LITRÍKUR VORFATNAÐUR Í LAXDAL



## FYRIR VORVEISLURNAR OG FERÐALÖGIN




**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**











# Sjálfbær tíska

**Dýrindis klæði úr ósöluhæfum flíkum verða sýnd á tískupöllum Listaháskóla Íslands í kvöld þegar nemendur í fatahönnun sýna eigin fatalínur úr fatnaði úr fatasöfnun Rauða krossins.**


Glæsileg endurunnin skyrta með svörtum og rauðum borðum.


Efniviður úr fatasöfnun RKÍ gefur hugmyndafluginu lausan tauminn.


Glæstur og einstakur síðkjóll.


Pífutoppur í mörgum grátónum.


Nemendur hafa staðið í ströngu að fullskapa hönnun sína.


Endurnýtta og æðislega hönnun má sjá í kvöld. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

Það blasir við að textíliðnaðurinn er afskaplega óumhverfisvænn og ljóst að endurvinnsla mun leika þar veigamikið hlutverk í framtíðinni," segir Katrín María Káradóttir, fagstjóri fatahönnunar við Listaháskóla Íslands.

Þar hafa sjö nemendur á 2. ári í fatahönnun unnið að glæsilegri hönnun í samstarfi við Fatasöfnun Rauða krossins.

„Það þarf ekki að koma niður á sköpunargleðinni þótt draga þurfi úr framleiðslu og breyta aðferðum," segir Katrín María. „Þvert á móti munum við hafa enn meiri þörf fyrir sköpun og þekkingu. Óhófleg neyslumenning og stuttur líftími textíls gerir tísku- og textíliðnaðinn óumhverfisvænan, en því má meðal annars breyta með því að gæða gömul klæði og efni nýju lífi og vinna með þau á skapandi hátt."

## „Win-Win" fyrir alla

Misbrigði IV er yfirskrift sýningar fatahönnunarnemanna í ár.

„Við höfum rannsakað leiðir til að skapa nýjan fatnað úr ósöluhæfum flíkum með þekkingu og aðferðafræði hönnunar og beinum sjónum að tísku á Íslandi í tengslum við sjálfbærni," útskýrir Katrín María um inntak verkefnisins sem er nú unnið fjórða árið í röð.

„Vinnsluferlið er óskaplega skemmtilegt og alltaf gaman að vinna úr flíkum sem voru upprunalega gerðar úr góðum efnum, þótt við fáum ekki alltaf þannig efnivið á borðið okkar," upplýsir Katrín María um skapandi ævintýri nemenda sinna.

„Það er mikilvægt að fatahönnuðir framtíðar og nútíðar horfi í augu við raunveruleikann í sóuninni, leiki sér með efniviðinn og veki athygli á því góða starfi sem Fatasöfnun Rauða krossins er. Þeir aðstoða við flokkun í flokkunarstöð Fatasöfnunarinnar og kynna sér allt ferlið af eigin raun. Því er verkefnið „win-win" fyrir alla aðila," segir Katrín María.


Katrín María Káradóttir. MYND/GODDUR

## Augljós sóun

Nemendurnir sem sýna á tískusýningunni í kvöld eru Angele Morel, Birgitta Björt Björnsdóttir, Carl Madsen, Gunnfríður Katrín Tómasdóttir, Isabella Lopez Molina, Sædís Ýr Jónasdóttir og Tranova Tra Vinh.

„Það er talsvert um að útlendir nemendur vilji koma til náms á Íslandi og á meðal þeirra sjö sem sýna í kvöld eru skiptinemar frá Danmörku, Tékklandi og París, auk fatahönnunarnema sem kom hingað í fullt nám að utan," upplýsir Katrín María en frá Listaháskólanum fara íslenskir nemendur einnig utan í skiptinám.

„Það er gaman og gott að endurvinna en best væri ef neytendur hugsuðu fatainnkaup sín til lengri tíma. Með tískusýningunni bendum við á augljósa sóun en það væri indælt ef fólk myndi smitast og gera sér ný klæði úr gömlum í fataskápum sínum. Við gerum of mikið af því að henda heilum fötum, enda sjáum við iðulega ónotaðar flíkur í Fatasöfnuninni," upplýsir Katrín María sem hvetur áhugasama til að koma í kvöld en líka á sýningu í Listaskólanum helgina 22. til 24. mars.

„Þá gefst einstakt tækifæri til að skoða hönnunarferlið og fá dýpri innsýn í verkefnið."

Tískusýningin í leikhúsrými Listaháskóla Íslands að Laugarnesvegi 91 hefst klukkan 19 og 20 í kvöld. Gengið er inn um listkennslugang. Aðgangur er ókeypis en nauðsynlegt er að tryggja sér frí sæti á tix.is.

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



**VINNUFLOKKABÍLL !**
Ren. Master M125 Hö / 7 manna 10/2015 ek 109 þ.km / pallur 3.30 metrar GOTT VERÐ ! 2.790 + VSK !!!

**Bílasalan Bilfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

SUZUKI



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**


ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf á Job.is
FRÉTTABLAÐIÐ Job.is


## Þjónusta

### Sendibílaþjónusta

**SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.**
Tökum að okkur allar flutningar,traust og góð þjónusta og vanir menn,
**Upplýsingar í sima:**
**Árni 661-3166**
**Ásgeir 869-3741**

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGAMEISTARI**
getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum.
**Uppl. í s. 778 1604.**

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Felli tré og grysja og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

**AFMÆLISTILBOÐ Í MARS !**
Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 847 8446

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Tilkynningar

### Fundir

SAGNFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

**AÐALFUNDUR SAGNFRÆÐINGAFÉLAGS ÍSLANDS**

**VERÐUR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 27. MARS KL. 20:00**
í fyrirlestrasal Þjóðskjalasafns Íslands, Laugavegi 162 (gengið inn úr portinu).

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum mun Sigurður Gylfi Magnússon kynna öndvegisverkefnið Heimsins hnoss og Björn Reynir Halldórsson kynna doktorsrannsóknina Kvennalistinn. Femínísk ögrun við íslensk stjórnmál.
**Sjá nánari upplýsingar um dagskrána á heimasíðu félagsins, sagnfraedingafelag.net.**





**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 6/2017, ekinn 25 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.290.000
Tilboð kr. 1.990.000
Afborgun kr. 25.931 á mánuði



**VW Golf Trendline**
Nýskráður 5/2014, ekinn 91 þús.km., dísel, beinskiptur.
Verð kr. 1.690.000
Afborgun kr. 22.045 á mánuði



**Mercedes Benz B 180 CDi**
Nýskráður 3/2012, ekinn 143 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Verð kr. 1.490.000
Afborgun kr. 25.183 á mánuði




**Honda Civic Elegance**
Nýskráður 7/2018, nýtt ökutæki, bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 3.690.000
Tilboð kr. 3.390.00
Afborgun kr. 44.061 á mánuði




**Honda CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 2/2017, ekinn 56 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 3.990.000
Tilboð kr. 3.690.00
Afborgun kr. 47.946 á mánuði

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 Sundahöfn

### Landfyllingar við Klettagarða og Skarfabakka-Kleppsbakka

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 7. mars 2019, tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi gerð landfyllinga á tveimur stöðum við Sundahöfn (H4). Annars vegar er um að ræða lítilsháttar stækkun hafnarsvæðis á áður ráðgerðum landfyllingum við Skarfabakka-Kleppsbakka, sem nemur um 2 ha. Hinsvegar er ráðgerð ný landfylling við Klettagarða sem í endanlegri tillögu er áætluð um 3,5 ha. Tillagan, ásamt umhverfisskýrslu, voru kynnt í samræmi við 30-31. gr skipulagslaga, sbr. gr. 36 um breytingar á aðalskipulagi og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Aðalskipulagstillagan var auglýst á tímabilinu 21. desember 2018 til 1. febrúar 2019. Ein athugasemd barst á auglýsingatímanum frá Veitum. Einnig bárust fleiri umsagnir á tímabili auglýsingar. Vegna framkominnar athugasemdar Veitna er fyrirhuguð landfylling við Klettagarða stækkuð úr 3 ha í 3,5 ha og afmörkun þeirrar landfyllingar á skipulagsuppdrætti breytt. Við afgreiðslu breytingartillögu var áréttað að við umsókn um framkvæmdaleyfi skuli taka tillit til ákvæða aðalskipulags og áherslna og mótvægisaðgerða sem settar eru fram í umhverfisskýrslu breytingar. Ennfremur skal horfa til framkominna umsagna sem bárust á vinnsluferli tillögunnar og bókunar borgarráðs frá 7. mars sl., vegna mótunar deiliskipulags á landfyllingu við Klettagarða. Landfyllingarnar eru ennfremur tilkynningaskyldar til sveitarstjórnar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska frekari upplýsinga og að nálgast einstök í gögn í málinu geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (***skipulag@reykjavik.is***).

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND **Varahlutir í VOLVO**
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



**Hlaupabretti, aðeins 99.000,-**
Öflug græja með 3 hp mótor.
Max hraði 16 km/klst.
Breytilegur halli allt að 15°.
Hátalarar, mp3, 12 prógröm. Hámarksþyngd notanda 130 kg.

Afgreitt alla daga.
Uppl. í síma 661-1902.
Bildshöfða 16, bakhús.

PREKTÆKI og dót

## Ferðaþjónustuhús



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**
Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir
**íshúsið**
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# HÚSBÍLAR TIL SÖLU



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**
árg 2010 ekinn 150 þ km 6 gíra á tvöföldu að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 3.990.000**
**Tilboð 2.990.000**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2011 ekinn 145 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 4.390.000**
**Tilboð 3.490.000**



**Fiat Hobby húsbíll 2.3diesel** árg 2017 ekinn 68þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
**Verð 8.900.000.**

Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður.



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 120 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 5.990.000.**
**Tilboð 4.990.000**



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 147 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 6.990.000.**
**Tilboð 5.990.000**



**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2011, ekinn ca 146 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**
**Tilboð 3.990.000.**



**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2012, ekinn ca 144 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 5.590.000.-**
**Tilboð 4.490.000.**

TOURINGCARS
gummi@touringcars.eu

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

**Möguleiki á allt að 100% láni.**

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Við finnum rétta einstaklinginn í starfið**

Capacent_
capacent.is

**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt




**498** kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g

**ÍSLENSKT** Lambakjöt




**1.398** kr. kg

**SS Lambalæri**
Krydduð, haustslátrun 2018

**120** hylki




**2.998** kr. stk.

**Protis Kollagen**
120 hylki




**895** kr. pk

**Lýsi Heilsutvenna**
32 dagskammtar

**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**



**189** kr. kg

**Vatnsmelónur**
í lausu, S-Ameríka

**KÁLBLANDA** Blómkál og spergilkál



**398** kr. 400 g

**Blómkál og Spergilkál**
400 g

**250g**



**195** kr. 250 g

**Kirsuberjatómatar**
Spánn, 250 g

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita

**1kg**



**1.598**
kr. 1 kg

**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg
**Ungversk Gúllassúpa,** 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg
**Baunasúpa og Saltkjöt,** 1 kg

# FLJÓTLEGT OG GOTT



**FYLGIR MEÐ**
Egils Kristall 2 l
með granateplum

**20-30 Réttur**
Matur fyrir tvo í pakka, 8 teg.



**FYLGIR MEÐ**
Egils Kristall 0,5 l
með granateplum

**Bónus Réttur**
Fyrir einn, 3 teg.

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00


SHIMANO
RolfPRIMA
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
TRI
TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN
FULCRUM
CUBE 2019
reiðhjólin
eru komin!
WWW.TRI.IS
CUBE STEREO
CUBE AIM "27.5
CUBE ATTAIN
TACX FLUX SMART
TACX NEO SMART
TACX FLUX SMART
LOUISGARNEAU
Park Tool
Tacx
STAGES
#becube #triverslun
TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is
DT SWISS
DT SWISS
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# Þrjú lið sem verða í sérflokki

**Tímabilið í Formúlu 1 hefst á morgun í Ástralíu. Mercedes með Lewis Hamilton fremstan í flokki hefur einokað meistaratitlana undanfarin ár en Ferrari reynir að binda enda á tólf ára bið eftir meistaratitli.**



Hamilton og Mercedes hafa einokað baráttuna um heimsmeistaratitilinn undanfarin ár. NORDICPHOTOS/GETTY

**FORMÚLA 1** Um helgina þegar Ástralíukappaksturinn í Formúlu 1 hefst verða sextán vikur síðan Lewis Hamilton innsiglaði fimmta heimsmeistaratitil sinn og þann fjórða á síðustu fimm tímabilunum með sigri í lokakeppni tímabilsins í Abú Dabí. Það er nú undir andstæðingum Hamiltons komið að gera atlögu að krúnunni sem Hamilton og Mercedes hafa einokað síðustu ár.

Á sama tíma er Hamilton að eltast við söguna, hann er aðeins sá þriðji í sögu keppninnar sem hefur náð fimm heimsmeistaratitlum og vantar tvo til að jafna met goðsagnarinnar Michaels Schumacher. Þá er hann með augastað á öðru meti í eigu Schumachers, Hamilton hefur unnið 73 keppnir á ferlinum og vantar átján til að ná meti þess þýska.

Æfingar hefjast á morgun, tímatökur á laugardaginn áður en keppnin sjálf fer fram á sunnudaginn í Melbourne í Ástralíu.

Þegar keppnin hefst um helgina er fyrir fram búist við því að tveir menn muni berjast um meistaratitilinn. Síðan Sebastian Vettel skipti yfir til Ferrari fyrir tímabilið árið 2015 hefur hann þurft að horfa á eftir titlinum til Mercedes fjórum sinnum og er pressa á honum að binda enda á tólf ára bið Ferrari eftir heimsmeistara. Í vegi hans stendur Hamilton sem hefur einokað meistaratitlana undanfarin ár.

Vettel hefur fjórum sinnum fagnað sigri í keppninni um heimsmeistaratitil ökuþóra þegar hann keppti fyrir hönd Red Bull og vantar einn titil til að jafna Hamilton og Juan Manuel Fangio með fimm meistaratitla.

„Það er erfitt að segja hvor er líklegri. Þeir munu berjast um þennan titil en það verða litlar breytur sem munu hafa áhrif. Vettel er kominn með nýjan liðsfélaga sem er frábær, Charles LeClerc, sem setur meiri pressu á Vettel. Það skyldi enginn afskrifa Ferrari, á æfingunum hafa þeir litið best út og það virðist léttara yfir öllum. Og er talað um að andrúmsloftið minni á tímana með Schumacher. Svo ætla ég ekki að útiloka Max Verstappen í þessari baráttu. Hann er frábær ökuþór og bíllinn hjá Red Bull lítur hrikalega vel út en spurningin er, hvernig er nýja vélin sem þeir eru með frá Honda?“ segir Kristján Einar Kristjánsson, sérfræðingur um Formúlu 1, sem mun lýsa keppninni á Stöð 2 Sport aðfaranótt sunnudags og spá í titilbaráttuna sem er fram undan.

## 51

**Í síðustu hundrað keppnum hefur Hamilton komið fyrstur í mark 51 sinni.**

Það vakti athygli þegar Daniel Ricciardo ákvað að söðla um og semja við Renault eftir fimm ár hjá Red Bull. Red Bull hefur verið það lið undanfarin ár sem hefur veitt Ferrari og Mercedes mesta keppni. Á bílnum frá Red Bull náði Ricciardo þriðja sæti í keppninni um meistaratitil ökuþóra árið 2014. Honum tókst ekki að fylgja því eftir og féll örlítið í skuggann af Max Verstappen hjá Red Bull. Nú er hann númer eitt hjá Renault og er ætlað að koma franska framleiðandanum í fremstu röð.

„Þrátt fyrir að Daniel sé einn af bestu ökuþórum heims tel ég að markmið þeirra ætti að vera að vera í þessu fjórða sæti þó að Daniel dreymi um heimsmeistaratitilinn þegar hann er að nálgast síðari ár ferilsins. Ég held að Red Bull, Ferrari og Mercedes verði í sérflokki í ár ef vélin hjá Red Bull reynist vel.“

Áhugavert verður að fylgjast með ökuþórum sem koma inn þetta tímabilið. Robert Kubica snýr aftur í ár, átta árum eftir að alvarlegt bílslys virtist gera út um ökuþórsferil hans. Þá eru þrír nýliðar, George Russell, Alexander Albon og Lando Norris.

„Þessir strákar eru að koma alveg ótrúlega vel undirbúnir inn í þetta tímabil. Það eru ákveðin kynslóðaskipti í gangi, Fernando Alonso er farinn og Kimi Räikkönen á ekki mikið eftir. Max Verstappen þjófstartaði þessum kynslóðaskiptum og það eru margir þarna sem verður spennandi að fylgjast með. McLaren getur varla gert verr en í fyrra og það verður gaman að sjá hvað Lando Norris gerir þar,“ segir Kristján.

kristinnpall@frettabladid.is







## Nýjast

### Domino's-deild kvenna

**Keflavík - Haukar 79-69**

**Keflavík:** Brittanny Dinkins 32/12 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 14/10 fráköst, Embla Kristínardóttir 7, Birna Valgerður Benónýsdóttir 6, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 6, Irena Sól Jónsdóttir 6, Erna Hákonardóttir 3, Anna Ingunn Svansdóttir 3, María Jónsdóttir 2.

**Haukar:** Eva Margrét Kristjánsdóttir 18, Rósa Björk Pétursdóttir 11, Anna Lóa Óskarsdóttir 10, Klaziena Guijt 9, Magdalena Gísladóttir 8, Sigrún Björg Ólafsdóttir 6, Stefanía Ósk Ólafsdóttir 5, Þóra Kristín Jónsdóttir 2.

**Snæfell - KR 89-81**

**Snæfell:** Kristen Denise McCarthy 35/14 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 14, Angelika Kowalska 13, Katarina Matijevic 12, Rebekka Rán Karlsdóttir 10, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 3, Berglind Gunnarsdóttir 2.

**KR:** Orla O'Reilly 23/11 fráköst, Vilma Kesanen 19, Kiana Johnson 17/11 stoðsendingar, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 11, Perla Jóhannsdóttir 9, Kristbjörg Pálsdóttir 2.

**Breiðablik - Valur 70-95**

**Breiðablik:** Sanja Orazovic 23, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir 20, Ivory Crawford 14, Sóllilja Bjarnadóttir 5, Eyrún Ósk Alfreðsdóttir 2, Hafrún Erna Haraldsdóttir 2, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2, Björk Gunnarsdóttir 2

**Valur:** Heather Butler 19, Simona Podesvova 15/15 fráköst, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 14, Helena Sverrisdóttir 12/21 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 12, Ásta Júlía Grímsdóttir 12, Anita Rún Árnadóttir 4, Dagbjört Samúelsdóttir 4, Kristín María Matthíasdóttir 3.

**Stjarnan - Skallagr. 72-67**

**Stjarnan:** Veronika Dzhikova 19, Bríet Sif Hinriksdóttir 14, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 10, Auður Íris Ólafsdóttir 9, Danielle Victoria Rodriguez 7/11 fráköst, Ragnheiður Benónísdóttir 6, Sólrún Sæmundsdóttir 5, Aldís Erna Pálsdóttir 2.

**Skallagrímur:** Shequila Joseph 25/17 fráköst, Maja Michalska 16, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 12, Árnína Lena Rúnarsdóttir 9, Ines Kerin 5..

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 38 | Snæfell | 28 |
| Keflavík | 38 | Haukar | 16 |
| Stjarnan | 32 | Skallagr. | 12 |
| KR | 30 | Breiðablik | 6 |

### Olís-deild karla

**ÍBV - Akureyri 31-27**

**ÍBV:** Hákon Daði Styrmisson 12, Kristján Örn Kristjánsson 5, Kári Kristján Kristjánsson 4, Magnús Stefánsson 3, Fannar Friðgeirsson 3, Gabríel Martínez Róbertsson 2, Arnór Viðarsson 1, Dagur Arnarsson 1.

**Akureyri:** Leonid Mykhailiutenko 6, Hafþór Már Vignisson 6, Ihor Kopyshynskyi 4, Patrekur Stefánsson 4, Valþór Atli Garðarson 2, Þórður Tandri Ágústsson 1, Friðrik Svavarsson 1, Gunnar Valdimar Johnsen 1, Garðar Már Jónsson 1, Jóhann Geir Sævarsson 1.

### Meistaradeild Evrópu

**Bayern Mün. - Liverpool 1-3**

0-1 Sadio Mane (26.), 1-1 Joel Matip, sjálfsm. (39.), 1-2 Virgil van Dijk (69.), 1-3 Mané (84.).

**Liverpool vinnur einvígið 3-1 samanlagt og fer áfram í átta-liða úrslitin.**

**Barcelona - Lyon 5-1**

1-0 Lionel Messi, víti (18.), 2-0 Philippe Coutinho (31.) 2-1 Lucas Tousart (58.), 3-1 Messi (78.), 4-1 Gerard Pique (81.), 5-1 Ousmane Dembele (86.).

**Barcelona vinnur einvígið 5-1 samanlagt og fer áfram í átta-liða úrslitin.**

# Stjarnan með pálmann í höndunum fyrir lokaumferðina í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Lokaumferð Domino's-deildar karla fer fram í kvöld og þótt það sé ljóst hvaða átta lið fara í úrslitakeppnina og hvaða tvö lið falla er spenna á nokkrum vígstöðvum í kvöld.

Fyrir lokaumferðina eru Njarðvík og Stjarnan jöfn að stigum með 32 stig. Eftir sigur Garðbæinga á Njarðvík á dögunum er Stjarnan með betri árangur innbyrðis og dugar liðinu því sigur í kvöld gegn Haukum á Ásvöllum til þess að verða krýnt deildarmeistari í fyrsta sinn óháð úrslitunum úr leik Njarðvíkur og Skallagríms í Ljónagryfjunni í Njarðvík.

Þetta verður síðasti leikur Haukanna undir stjórn Ívars Ásgrímssonar sem lætur af störfum í lok tímabilsins en það er erfitt að sjá að Haukunum takist að stríða liði Stjörnunnar sem hefur unnið sautján af síðustu átján leikjum í öllum keppnum.

Takist Garðbæingum að vinna í kvöld er deildarmeistaratitillinn þeirra og um leið heimavallarréttur í úrslitakeppninni.



Fyrsta sætið er innan seilingar fyrir Garðbæinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á Sauðárkróki mætast Tindastóll og Keflavík í hreinum úrslitaleik upp á þriðja sætið fyrir Keflavík en aðstæður Tindastóls eru heldur flóknari. Með sigri Stólanna í kvöld og ólíklegu tapi hjá bæði Stjörnunni og Njarðvík verða Sauðkrækingar deildarmeistarar. KR-ingar munu sömuleiðis fylgjast spenntir með úrslitunum úr leiknum á Sauðárkróki enda mæta þeir því liði sem tapar í kvöld í fyrstu umferð úrslitakeppninnar og með KR-sigri í kvöld geta þeir enn náð fjórða sætinu. Ef Stólarnir tapa fyrir Keflavík á sama tíma og KR vinnur Breiðablik stekkur KR upp fyrir Stólana í fjórða sætið og fær heimaleikjarétt í einvígi liðanna.

Þá mætast Grindavík og ÍR í Grindavík þar sem sjöunda sætið verður í boði fyrir sigurvegarana sem er líklegast barátta upp á hvort liðið mætir Stjörnunni og hvort liðið mætir Njarðvík í fyrstu umferð úrslitakeppninnar sem hefst eftir viku. – kpt

## Hamrén kynnir hópinn í dag

**FÓTBOLTI** Erik Hamrén, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, mun í dag tilkynna leikmannahópinn fyrir leiki liðsins gegn Andorra og Frakklandi í undankeppni Evrópumótsins 2020. Fram undan eru fyrstu leikir Íslands í undankeppninni.

Ísland hefur leik gegn Andorra ytra á föstudaginn í næstu viku áður en Strákarnir okkar mæta ríkjandi heimsmeisturum Frakklands á þjóðarleikvangi Frakka, Stade de France. Liðið kemur saman eftir helgi og æfir á Spáni áður en það heldur yfir til Andorra fyrir leikinn. Þetta verður í sjötta sinn sem Ísland mætir Andorra og hefur Ísland unnið alla fimm leikina án þess að fá á sig mark en í þrettánda sinn sem Ísland mætir Frakklandi og bíður Ísland enn eftir fyrsta sigrinum.

Þá eru þjálfarar íslenska landsliðsins eflaust orðnir óþolinmóðir að bíða eftir fyrsta sigrinum eftir átta leiki í röð án sigurs undir stjórn Hamréns og alls fjórtán leiki án sigurs hjá íslenska karlalandsliðinu. – kpt



## Sigursteinn tekur við FH

**HANDBOLTI** Sigursteinn Arndal var í gær kynntur sem næsti þjálfari meistaraflokks FH í karlaflokki í handbolta en hann mun taka við liðinu af Halldóri Jóhanni Sigfússyni sem lætur af störfum eftir þetta tímabil. Sigursteinn skrifaði undir samning til ársins 2022 í Kaplakrika í gær.

Halldór Jóhann tilkynnti það fyrr í vetur að þetta tímabil, sem er hans fimmta með liðið, yrði hans síðasta. Undir stjórn Halldórs varð FH bikarmeistari um síðustu helgi í fyrsta sinn í 25 ár, vann deildarmeistaratitilinn 2018 og gæti enn bætt við sig Íslandsmeistaratitlinum í vor.

Sigursteinn lék á sínum tíma tæplega 300 leiki fyrir meistaraflokk FH og hefur um árabil starfað fyrir uppeldisfélag sitt sem þjálfari yngri flokka í handbolta ásamt því að vinna með yngri landsliðum Íslands. Hjá FH hefur hann unnið með leikmönnum á borð við Aron Pálmarsson, Gísla Þorgeir Kristjánsson, Ólaf Gústafsson og Ólaf Andrés Guðmundsson. – kpt




## Merkisatburðir 14. mars

**44 f.Kr.** Casca og Cassius ákveða, kvöldið fyrir morðið á Júlíusi Sesar, að Markús Antoníus fái að lifa.

**313** Jin Huaidi, keisari í Kína, er tekinn af lífi.

**1647** Bæjaraland, Köln, Frakkland og Svíþjóð skrifa undir vopnahlé í Ulm.

**1885** Óperan Mikado eftir Gilbert og Sullivan frumsýnd í Lundúnum.

**1911** Kristján Jónsson verður ráðherra Íslands.

**1933** Verkamannafélagið á Akureyri hindrar uppskipun á tunnum úr norska skipinu Novu vegna kjaradeilu.

**1939** Slóvakía lýsir yfir sjálfstæði vegna þrýstings frá Þjóðverjum.

**1950** Steingrímur Steinþórsson verður forsætisráðherra.

**1964** Jack Ruby er sakfelldur fyrir morðið á Lee Harvey Oswald.

**1981** Tommaborgarar opna dyr sínar í Reykjavík.

**2005** Milljón mótmælir í Sedrusbyltingunni í Beirút í Líbanon.



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,

**Jón Benediktsson**

símsmiður,
Aflagranda 40,

andaðist laugardaginn 2. mars síðastliðinn að heimili sínu. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristólína Ólafsdóttir**
**Ólafur Hjörtur Jónsson** **Guðlaug Björg Björnsdóttir**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ásta Kristjánsdóttir**

áður Melhaga 8, Reykjavík,

lést á Dvalarheimilinu Grund 22. febrúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grundar fyrir kærleiksríka umönnun. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Dvalarheimilið Grund.

**Þorkell Magnússon**
**Magnús, Ásta María, Sigríður Margét, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Maríu Guðrúnar Guðmundsdóttur**

Tjarnarási 12, síðast til heimilis á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi.

**Guðrún Gunnlaugsdóttir** **Jónas Steinþórsson**
**Kristján Gunnlaugsson** **Dallilja Inga Steinarsdóttir**
**Guðmundur Gunnlaugsson** **Dagbjört I. Bæringsdóttir**
**Þröstur Gunnlaugsson** **Helga Guðmundsdóttir**
**Jóhann Gunnlaugsson** **Vaka H. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristín J. Helena Green**
(Kiddý)

Sóltúni, áður Hraunbæ 102,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni, laugardaginn 2. mars. Útförin fer fram frá kapellunni í Fossvogi föstudaginn 15. mars kl. 15.00.

**Ragnar Leó Kr. Jusic** **Alma S. Guðmundsdóttir**
**Þorbjörg Kristín Þorgrímsdóttir** **Ragnar Axel Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Skólakór Grundaskóla er gestgjafakór landsmótsins í ár.** MYND/ELÍS ÞÓR

# Söng, söng, meiri söng

**Um 250 sönglaðir krakkar verða áberandi á Akranesi 15.-17. mars. Þar verður haldið Landsmót barna- og unglingakóra. Gestgjafi er eldri hópur Skólakórs Grundaskóla.**

Mótið verður hjá okkur í Grundaskóla. Við erum með stóran sal með ágætu sviði og fleiri góð rými sem við getum notað fyrir smiðjur. Svo gista öll börnin í skólanum hjá okkur. Það er aðalsportið,“ segir Valgerður Jónsdóttir glaðlega. Hún er stjórnandi Skólakórs Grundaskóla á Akranesi og heldur utan um skipulag og framkvæmd Landsmóts barna- og unglingakóra sem þar verður haldið um helgina.

Valgerður kveðst strax hafa byrjað með kór í Grundaskóla þegar hún hóf kennslu á Akranesi 2011. „Fyrst var ég með einn kór en nú er hann tveir aldursskiptir hópar, í yngri hópnum eru rúmlega 30 og um 20 í þeim eldri,“ lýsir hún og segir krakkana áhugasama. „Þeir eru duglegir að mæta á æfingar og sýna mikla gleði.“

> **Þeir eru duglegir að mæta á æfingar og sýna mikla gleði.**



Valgerður Jónsdóttir
Stjórnandi skólakórs Grundaskóla á Akranesi.

Hún hefur áður farið á kóralandsmót með krakka. „Það er nauðsynlegt að vera búinn að sjá hvað hafa þarf í huga áður en maður tekur að sér skipulagningu svona móts,“ segir hún og nefnir að leitað hafi verið til tónlistarfólks og kennara á Akranesi með ýmislegt tengt mótinu auk þess sem stjórnendur kóranna komi að kennslu og hljóðfæraleik. Þá getur hún þess að æft verði nýtt tónverk eftir Elínu Gunnlaugsdóttur, það heiti Fögnuður og hafi verið samið sérstaklega fyrir mótið.

Landsmótin eru haldin annað hvert ár á mismunandi stöðum á landinu. Krakkarnir sem þar mæta eru í frá 5. bekk og upp úr. Flestir kórarnir sem hafa bókað sig núna eru af Suðvesturlandi og einn frá Akureyri. Valgerður segir áherslu lagða á að tengja mótið við lífið á Skaganum þannig að bæjarbúar geti átt von á að rekast á kóra á flakki um bæinn á laugardeginum. Nokkrir þeirra koma fram á Dvalarheimilinu Höfða og í Akraneskirkju og lokatónleikarnir eru öllum opnir.

Rauði þráðurinn í efnisvalinu eru tilfinningar, samkennd og jákvæðni, að sögn Valgerðar. Hún hvetur sem flesta til að mæta á lokatónleikana á sunnudaginn klukkan 13.30 í sal Grundaskóla og njóta öflugs tónlistarstarfs barna- og ungdómskóra á Íslandi.

**gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 14. MARS 1879

## Albert Einstein fæðist

Eðlisfræðingurinn Albert Einstein fæddist í Ulm í Bæjaralandi, Þýskalandi, á þessum degi árið 1879 og hefði því orðið 140 ára, væri hann enn á lífi í dag.

Einstein markaði djúp spor í vísinda- og mannkynssöguna. Skildi eftir sig rúmlega 300 fræðileg verk og á annað hundrað annarra verka til viðbótar. Svo margrómuð var viska Einsteins að víða er fólki enn í dag líkt við manninn til þess að gefa í skyn að viðkomandi sé afburðagreindur.

Einna helst er Einstein þekktur nú á dögum fyrir afstæðiskenningu sína. Kenningin er grundvallaratriði í nútímaeðlisfræði. Þá er hann sömuleiðis þekktur fyrir jöfnu sína, $E=mc^2$.

Einstein bjó í Sviss frá árinu 1895 til 1914 og hafnaði þar þýskum ríkisborgararétti sínum árið 1896. Hann fékk svissneskan ríkisborgararétt ári seinna sem hann hélt út ævina. Síðan fluttist hann til Berlínar árið 1914.

Þegar hann heimsótti Bandaríkin árið 1933 komust Adolf Hitler og nasistar til valda í Þýskalandi. Þar sem Einstein var af Gyðingaættum ákvað hann að snúa aftur ekki heldur settist að í Bandaríkjunum þar sem hann starfaði meðal annars við Princetonháskóla.

Fræg er sagan af því þegar David Ben-Gurion, forsætisráðherra Ísraels, bauð Einstein árið 1952 að taka við embætti forseta ríkisins. Staðan er að mestu táknræns eðlis en Einstein ákvað að hafna boðinu. **– þea**



**Albert Einstein**

# ALLT Í HELGARMATINN Í NETTÓ!



**Lambabógsteik í sveppamarineringu**
Goði
**2.099** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.498 KR/KG
-40%




-40%
**Danpo kjúklingalundir**
700 gr
**888** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.480 KR/PK



-21%
**Nautalundir**
Danish Crown
**3.270** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.139 KR/KG



-40%
**Fylltur grísabógur**
Kjötsel
**995** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.659 KR/KG



-31%
**Kalkúnabringur**
Erlendar
**1.793** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.599 KR/KG




-65%
**Dry Aged hamborgarar**
8x120 gr
**699** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.998 KR/PK




-25%
**Xtra franskar kartöflur**
1 kg
**299** KR/PK
**ÁÐUR:** 399 KR/PK

## ÚRVALSPASTA Á 20% AFSLÆTTI!




-20%



**Rauð vínber**
500 gr box
**249** KR/PK
**ÁÐUR:** 498 KR/PK
-50%

nettó
Lægra verð – léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 14. - 17. mars 2019**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 2 | 4 |
| Ísafjörður | -2 | 8 |
| Akureyri | 0 | 1 |
| Egilsstaðir | 2 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 1 | 3 |
| Hveravellir | -4 | 8 |

Víða austan 8-13 og él, einkum A-lands, en slydda með köflum á SV- og V-landi.

## Föstudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 5 |
| Ísafjörður | -2 | 4 |
| Akureyri | 1 | 4 |
| Egilsstaðir | 2 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 2 | 1 |
| Hveravellir | -3 | 5 |

## Laugardagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 1 | 4 |
| Ísafjörður | -3 | 2 |
| Akureyri | -5 | 0 |
| Egilsstaðir | -2 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 1 | 2 |
| Hveravellir | -6 | 2 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. niðurlægja
5. form
6. tveir eins
8. arfleiða
10. kusk
11. leturtákn
12. bithagi
13. högg
15. íþrótt
17. verður

**LÓÐRÉTT**
1. tonn
2. einómur
3. svif
4. hængur
7. glettast
9. frétta
12. dangl
14. prjónavarn-ingur
16. á fæti



**LÁRÉTT:** 1. smána, 5. mót, 6. gg, 8. ánafna, 10. ló, 11. rún, 12. beit, 13. slag, 15. tennis, 17. skalt.
**LÓÐRÉTT:** 1. smálest, 2. mónó, 3. áta, 4. agnúi, 7. gantast, 9. fregna, 12. bank, 14. les, 16. il.

## Skák Gunnar Björnsson

Björn Þorfinnsson, Víkingaklúbbnum, átti leik gegn Gunnari Gunnarssyni (Skákdeild KR) á Íslandsmóti skákfélaga.

**23. … Rxf3! 24. Rd5 Rb4! 26. Rxb4 Re1! 0-1.**

Hannes Hlífar Stefánsson hefur byrjað afar vel á alþjóðlegu móti í Prag. Hann var með fullt hús eftir fimm umferðir og var einn efstur.

**www.skak.is:** Hannes í Prag.

**Svartur á leik**



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# FULLKOMINN DJÚPSVEFN

## Með Kally heilsukoddanum

Kally heilsukoddinn er þróaður í samráði við breska osteópata og svefnráðgjafa og er byltingarkennd nálgun í svefnlausnum. Búið er að endurhanna hinn klassíska meðgöngukodda sem barnshafandi konur hafa þekkt í áraraðir með bómull í hæsta gæðaflokki. Hann tryggir að þú upplifir góðan djúpsvefn og það þarf varla að taka fram hversu mikilvægur hann er!






Kally Sleep hefur í áraraðir sérhæft sig í byltingarkenndum svefnlausnum sem hjálpa viðskiptavinum að upplifa góðan djúpsvefn. Allar vörur Kally Sleep eru þróaðar og hannaðar í samráði við færustu sérfræðinga á sviði svefnráðgjafar og eru einungis framleiddar úr hágæða efnum fyrir hámarks þægindi.

**Kally heilsukoddinn fæst á boxid.is og í verslunum Super 1.**

BOXID SUPER 1

Kally Sleep®

Sleep Innovations, Styled Around You.

www.kallysleep.com

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

## Nýtt Húsasmiðjublað

er komið út stútfullt af frábærum tilboðum. Skoðaðu blaðið á husa.is






Sjáðu verðið!

Kynningaverð

Electrolux

# 49.990 kr

~~59.990 kr~~

**Þvottavél 1200 sn. wEW6S427W**
Tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu, barnalæsing, Time manager Fuzzy Logic LCD upplýsingaskjár, hljóðstyrkur 58 dB en 77 dB við þeytingu.
1805436

Okkar allra vinsælasti verkfæraskápur




34% afsláttur

NEO TOOLS

# 29.995 kr

~~45.495 kr~~

**Verkfæraskápur NEO 84-221**
NEO, skápur á hjólum hjól með bremsum, hægt að læsa, 6 skúffur, hæð: 103, breidd: 68, dýpt: 46 cm, burðargeta 280 kg.
5024494

Jotun gæði, lægra verð!

Verð á lítra
**866 kr**




9 ltr.

# 7.796 kr

~~10.395 kr~~

25% afsláttur

**Jotun vegg- og loftamálning**
Einstök málning sem hentar bæði á loft og veggi. Auðveld í notkun og þekur vel.
7119781-83



34% afsláttur

GRAPHITE PRO

## 22.995 kr

~~34.595 kr~~

**Borvél 18V Graphite**
Kemur í tösku með 109 fylgihlutum, tvær rafhlöður 2.0Ah li-ion, sn./mín., 0-350/0-1250, mesta hersla 44Nm, 19 stillingar, 13 m m patróna.
5245273



30% afsláttur

## 7.995 kr

~~11.495 kr~~

**Borvél 18V MAX**
2 rafhlöður li-ion 1.3Ah, sn./mín., 0-400/0-1350, hersla 28nm, hleðslutími 1 klst., 10 mm patróna, LED ljós.
5159480

## 20% afsláttur

avasco

af öllum Avasco hillurekkum





25% afsláttur

## 1.490 kr

~~1.990 kr~~

**Gúmmítré**
Ficus elastica Robusta í 13 cm potti.
11261873




33% afsláttur

## 1.990 kr

~~2.990 kr~~

**Eggjasuðutæki**
Tristar
1841128



20% afsláttur

## 3.990 kr

~~4.990 kr~~

**Brauðrist**
Domo, tveggja sneiða, stopp hnappur.
1841118



30% afsláttur

NEO TOOLS

## 10.496 kr

~~14.995 kr~~

**Topplyklasett**
NEO, 73 stk., 1/2" -1/4", toppar 4-27 mm, skrall 72t.
5052569



25% afsláttur

## 899 kr

~~1.199 kr~~

**Ástareldur**
Kalanchoe í 10,5 cm potti.
11328305

RAUÐIR DAGAR

# Sjóðandi heit tilboð í verslunum Húsasmiðjunnar

# RAUÐIR DAGAR
Í HÚSASMIÐJUNNI



# SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ

Komdu í Húsasmiðjuna og gerðu klikkuð kaup á Rauðum dögum.
Fullar verslanir af flottum vörum á enn betra verði.

**20% afsláttur**
af öllum Nilfisk háþrýstidælum





Amica
Kynningaverð
NÝTT
**69.990 kr**
~~79.990 kr~~
**Ísskápur Retró 144 cm**
Rauður eða svartur Retró ísskápur.
1805651-2

**20% afsláttur**
af öllu parketi



31% afsláttur



Electrolux
Kynningaverð
**10.990 kr**
~~15.990 kr~~
**Ryksuga**
EAPC51IS, pokalaus.
1860063



25% afsláttur
damixa
**10.790 kr**
~~14.425 kr~~
**Handlaugartæki**
Damixa Pine.
8000033

**25% afsláttur**
af allri LADY málningu



30% afsláttur



BLACK+DECKER
**12.596 kr**
~~17.995 kr~~
**Fjölnotavél** MT300KA
300W, sagar og pússar, allir fylgihlutir í tösku.
5245980

**25% afsláttur**
af öllum GROHE og Damixa blöndunartækjum
GROHE
damixa



um land allt og líka í vefverslun **husa.is**
RAUÐIR DAGAR
HÚSASMIÐJAN

## BÍLAR

# Minni hagnaður Volkswagen Group

VW Group hagnaðist um 1.900 milljarða króna og 63% hagnaðarins komu frá bílamerkjunum Audi og Porsche.

Í áætlunum Volkswagen Group fyrir síðasta ár var gert ráð fyrir 4-5% hagnaði af veltu, en uppgjör VW Group leiddi í ljós 3,8% hagnað af veltu síðasta árs. Hagnaður af veltu árið áður var 4,2% og féll því um 0,4% á milli ára. Helsta vandamál flestra bílamerkja Volkswagen Group á síðasta ári tengdist nýrri WLTP-mengunarreglugerð þar sem framleiðendurnir þurftu tímabundið að taka margar bílgerðir sínar úr sölu þar sem þær uppfylltu ekki nýju reglugerðina. Sérstaklega hitti reglugerðin illa fyrir bílamerkin Audi og Bentley. Fyrir vikið varð tap af rekstri Bentley upp á 288 milljónir evra en hagnaður var á rekstri Bentley árið áður upp á 55 milljónir evra.



Merkin Audi og Porsche skiluðu hvort um sig meiri hagnaði en Volkswagen-merkið sjálft.

### WLTP olli erfiðleikum

Forsvarsmenn Volkswagen Group segja að nýja WLTP-reglugerðin muni áfram á þessu ári hafa neikvæð áhrif á rekstur samstæðunnar, en þó í mun minna mæli en í fyrra. Heildarhagnaður Volkswagen Group í fyrra nam 13,92 milljörðum evra, eða um 1.900 milljörðum króna. Það voru fyrirtækin Audi og Porsche sem áttu sem fyrr vænan skerf í hagnaðarsköpun VW Group, en Audi skilaði 4,7 milljörðum evra í hagnað og Porsche 4,1 milljarði og því áttu þessi tvö bílamerki 63% af hagnaði Volkswagen Group. Volkswagen-merkið skilaði hins vegar 3,2 milljörðum evra í hagnað og skapaði því minni hagnað en bæði hin miklu minni bílamerki Audi og Porsche. Sem fyrr er stærðin ekki allt! Sala Volkswagen Group minnkaði í Ameríkuálfunum tveimur um 2% í fyrra, ekki síst vegna þess að fyrirtækið dró sig út úr taprekstri á ákveðnum svæðum í Mexíkó og vandamálum í Brasilíu og Argentínu. Salan í Bandaríkjunum jókst hins vegar um 2%.

**SALA VOLKSWAGEN GROUP Í KÍNA ER 39% AF ALLRI FRAMLEIÐSLU SAMSTÆÐUNNAR OG MARKAÐSHLUTDEILDIN ÞAR 18,5 PRÓSENT.**

### Kína með 39% af sölu VW Group

Salan í Kína jókst um 0,5% og þar seldi Volkswagen Group 4,5 milljónir bíla í fyrra og er landið stærsta markaðssvæði samstæðunnar. Salan í Kína er 39% af allri framleiðslu VW Group. Þar sem samdráttur var almennt í bílasölu í Kína í fyrra jók VW Group við markaðshlutdeild sína í landinu og var hún 18,5% í fyrra. Í áætlunum Volkswagen Group fyrir árið í ár er gert ráð fyrir 5% hagnaði af sölu og hann á svo að hækka í 6,5-7,5% á næsta ári. Ein afleiðing þeirrar viðleitni Volkswagen Group að ná fram meiri hagnaði af sölu er fækkun starfsfólks og því má búast við uppsögnum eða samningum um starfslok hjá fyrirtækinu í ár og á næstu árum. Forsvarsmenn Volkswagen Group segja að það rími ágætlega við nýjar áherslur á smíði rafmagnsbíla sem krefjast um 30% færra starfsfólks í samsetningu þar sem þeir eru einfaldari smíði en bílar með brunavélar.




bauhaus.is

# BAUHAUS®

BLACK+DECKER RYOBI BOSCH DEWALT STANLEY FATMAX makita metabo Fein

# Heill heimur af rafmagnsverkfærum



BOSCH 8.995,-

**Stingsög**

PST 650. 500 W. Slög 500 -3100snún./mín. Skurðardýpt í tré 65 mm, í málm 3 mm. Með ergonomísku handfangi. Kemur í tösku.



BOSCH 8.495,-

**Hjámiðjurokkur**

125 mm slípisóla. 6.000-24.000 snún./mín. Með míkrófilter. Rafhlaða og hleðslutæki fylgja ekki.



BOSCH 28.995,-

**Borhamar**

PBH 2500 SRE. 600 W. Hám. borþvermál í steypu 22 mm. Samþætt meitilvirkni. Inniheldur fylgihlutasett og millistykkja borhylki fyrir venjulegan bor og bita. Taska fylgir með.

**Búta-/geirungssög**

PCM 8 S. Með togaðgerð. 1200 W. 4800 snún./mín. Þv. hjólsagarblaðs 216 mm.



BOSCH 39.995,-

## RYOBI VERKFÆRI Á 20% AFSLÆTTI 14.-17.MARS



RYOBI

RYOBI ONE+

**One+ fjölverkfæri**

RMT300 Ryobi fjölverkfæri sem kemur í kassa.



Kjarakaup

16.796,-

~~20.995,-~~

RYOBI ONE+

**Rafhlaða**

Fáðu auka kraft fyrir Ryobi One+ verkfærin þín. 2 stk. 18V 5,0 Ah rafhlöður.



18.796,-

~~23.495,-~~

RYOBI ONE+



15.036,-

~~18.795,-~~

**Hjólsög**

R18CS-0. 18V. Hámarksskurðardýpt 45°: 36 mm; 56°: 28 mm; 90°: 52 mm. Rafhlaða og hleðslutæki fylgja ekki. Þyngd 2,8 kg.

RYOBI ONE+



17.916,-

~~22.395,-~~

**Slípirokkur**

R18AG. Hægt að stilla handfangið á 3 vegu. 115 x 22,2 mm skurðarskífa Þv. skurðarskífu 115 mm. Innanmál slípiskífu 22 mm. 7500 snún./mín. Þyngd 2,2 kg.

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



Stórstjörnur sýningarinnar, Elmar Gilbertsson og Herdís Anna Jónasdóttir. Frábær söngkona smellpassaði í hlutverkið og rödd hans var dásamlega fögur. MYND/ÍSLENSKA ÓPERAN

Stærsti árlegi vettvangur allra sem starfa í strandbúnaði

Strandbúnaður

Grand Hótel Reykjavík
21.-22. mars

Skráning fer fram á www.strandbunadur.is

Fimmtudagurinn 21. mars

Afhending gagna 09:00

*Heiti málstofa:*

- Meginstraumar í strandbúnaði: Tækifæri til vaxtar
- Vinnsla, flutningur og markaðssetning eldisfisks
- Áskoranir og tækifæri í skeldýrarækt á Ísland
- Tækniþróun – Landeldi
- Tækniþróun – Hafeldi

Föstudagurinn 22. mars

*Heiti málstofa og námskeiðs:*

- Umhverfis- og öryggismál í sjókvíaeldi
- Þróun í fiskeldi
- Framfarir í laxeldi
- Þörungarækt á Íslandi – Tækifæri í framtíðinni eða iðnaður dagsins í dag?
- Salmon Farming in the North Atlantic
- Algae Culture Extension Short-course

Arion banki
FISKELDIS - KLASINN
VAKI
TEMPRA

www.strandbunadur.is

# Full af töfrandi söng og ómótstæðilegum litum

**TÓNLIST**

★★★★½

**Giuseppe Verdi: La Traviata. Uppfærsla Íslensku óperunnar. Hljómsveitarstjórn:** Bjarni Frímann Bjarnason. **Leikstjórn:** Oriol Tomas. **Leikmynd:** Simon Guilbault. **Búningar:** Sebastien Dionne. **Lýsing:** Erwann Bernard. **Myndband:** Felix Fradet-Faguy. **Danshöfundur:** Lucie Vigneault. **Aðalhlutverk:** Herdís Anna Jónasdóttir, Elmar Gilbertsson og Hrólfur Sæmundsson. Kór og hljómsveit íslensku óperunnar.

**Eldborg í Hörpu**
laugardaginn 9. mars.

Nemendur í tónmennt í skóla í Bandaríkjunum voru einu sinni fengnir til að fara á óperuna La Traviata eftir Verdi og gera um hana stutt verkefni. Einn nemandinn misskildi óperuna hrapalega, því hann hélt að hún væri grínópera. Honum fannst það hljóta að vera, því aðalpersónan, Víóletta, væri með berkla, en tækist samt að syngja fullum hálsi fram í andlátið. Það er sannleikskorn í þessu, eins og hjá Ceciliu Bartoli, sem heyra má á Spotify syngja hluta úr La Traviata. Söngurinn er svo fullur af lífi og ferskleika að það skýtur skökku við. Berklar leggjast yfirleitt á lungun og það væri kraftaverk ef hægt væri að syngja með slíkan sjúkdóm á lokastigi. En í tilfelli Herdísar Önnu Jónasdóttur í aðalhlutverki í uppfærslu Íslensku óperunnar sem frumsýnd var um helgina, trúir maður þessu. Hún virtist brothætt og viðkvæm. Söngurinn var vissulega tær, fallegur og gæddur viðeigandi þrótti, en túlkunin var samt sem áður eilítið kuldaleg. Blæbrigðin voru útfærð af hófsemi og ákveðinni fjarlægð. Fyrir bragðið smellpassaði frábær söngkonan í hlutverk deyjandi konu sem er búin að fá nóg af lífsstíl sínum sem gleðikona og þráir ákjósanlegri tilvist en veit að leikurinn er tapaður. Útkoman var beinlínis átakanleg.

Á móti henni lék Elmar Gilbertsson. Öfugt við Herdísi var söngur hans ástríðuþrunginn og litríkur. Leikur hans sem hinn blóðheiti en auðtrúa elskhugi, Alfredo, var sannfærandi. Röddin var dásamlega fögur, fullkomlega mótuð og unaðsleg. Það bókstaflega sópaði að Elmari í hlutverkinu.

Talsvert síðri var Hrólfur Sæmundsson sem faðir Alfredos. Hann spilar minni en samt mikilvæga rullu í sögunni, því hann eyðileggur samband sonar síns og Víólettu, en sér eftir öllu saman þegar það er orðið of seint. Hrólfur hefur átt betri daga. Söngur hans á frumsýningunni var bældur og leikurinn stífur. Kannski háði sviðsskrekkur eða annar krankleiki honum; hann getur gert betur en þetta, eins og hann hefur margoft sannað. Vonandi á hann eftir að hrökkva í gang á næstu sýningum.

Aðrir söngvarar stóðu sig prýðilega. Hrafnhildur Árnadóttir er að mati undirritaðs rísandi stjarna, hún var stórfengleg á Vínartónleikunum síðustu og stóð sig með miklum ágætum nú. Sigríður Ósk Kristjánsdóttir var einnig með allt á hreinu, og sömu sögu er að segja um Snorra Wium, Odd Arnþór Jónsson og fleiri.

Kór Íslensku óperunnar naut sín undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Söngur hans var þéttur og flottur, hljómmikill og hreinn; hann hefur aldrei verið betri. Hann var í hlutverki partígesta og það vantaði ekki stuðið. Hljómsveitin var líka afburðagóð, samspilið nákvæmt og kröftugt undir öruggri stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar. Bjarni er auðvitað ekki bara hljómsveitarstjóri, heldur ber ábyrgð á því að allir, bæði hljóðfæraleikarar og söngvarar, séu samtaka og tónlistin í heild búi yfir réttu stemningunni. Það er til marks um fagmennsku og hæfileika hans að flæðið í tónlistarflutningnum var í senn grípandi og glæsilegt; maður gleymdi stund og stað.

Leikstjórn Oriol Tomas var lifandi; hvergi var dauður punktur (nema í tilviki Hrólfs). Atburðarásin var óheft, spennan ávallt áþreifanleg og sífellt eitthvað athyglisvert sem bar fyrir augu. Búningar voru fagrir og listilegir, eggjandi dansar voru punkturinn yfir i-ið. Sviðsetningin var sérkapítuli út af fyrir sig, kóreógrafían flott og rann ágætlega saman við leikmyndina. Hún var skemmtilega abstrakt, vængir og risastórar pallíettur sem á var varpað síbreytilegum litum og myndskeiðum. Lýsingin skapaði líka hverja litasinfóníuna á fætur annarri. Útkoman var töfraheimur – akkúrat eins og ópera á að vera.

La Traviata er enn ein glæsiuppfærsla Íslensku óperunnar síðan Steinunn Birna Ragnarsdóttir tók við stöðu óperustjóra fyrir nokkrum árum. Hún hefur svo sannarlega staðið sig með sóma.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Snilldarleg tónlist Verdis nýtur sín oftast til fulls í magnaðri uppfærslu íslensku óperunnar.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 14. MARS 2019

**Hvað?** Íslensk dægurlög frá síðustu öld í nýjum útsetningum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Tónlist úr ýmsum áttum og meðal annars lög sem samin voru fyrir danslagakeppni SKT 1953. Þar af verða tvö lög eftir Eggert Thorberg Kjartansson frumflutt, Sælusamba og Kvöldkyrrð. Hljómsveitina skipa: Særún Harðardóttir, söngur, Kristín Sigurðardóttir, söngur, Lilja Eggertsdóttir, söngur, Gunnar Gunnarsson, píanó, Erik Qvick, trommur, Þorgrímur Jónsson, kontrabassi. Lilja Eggertsdóttir raddsetti.

**Hvað?** Bókmenntakvöld með Álfrúnu Gunnlaugsdóttur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Fimmtudaginn 14. mars verður haldin í Hannesarholti dagskrá til heiðurs höfundarverki Álfrúnar Gunnlaugsdóttur í umsjón Soffíu Auðar Birgisdóttur bókmenntafræðings og Hermanns Stefánssonar rithöfundar. Sú fyrrnefnda mun leiða gesti í gegnum höfundarverk Álfrúnar Gunnlaugsdóttur en Álfrún gaf út sitt fyrsta skáldverk, smásagnasafnið Af manna völdum, árið 1984 og síðan hefur hún sent frá sér sjö skáldsögur, sú síðasta, Fórnarleikar, kom út 2016.



Road House kom út árið 1989.

**Hvað?** Íslenska fluguveiðisýningin 2019
**Hvenær?** 15.00-22.30
**Hvar?** Háskólabíó
Íslenska fluguveiðisýningin verður haldin í annað sinn í dag, fimmtudaginn 14. mars, í Háskólabíói. Íslenska fluguveiðisýningin er sjálfseignarstofnun og er öllum hagnaði af sýningunni varið í þágu meginmarkmiðs sýningarinnar sem er að standa vörð um íslenska náttúru og dýralíf með áherslu á vernd og uppbyggingu villtra ferskvatnsstofna, þá einkum lax, urriða og bleikju.


Kristín, Særún og Lilja syngja íslensk dægurlög frá síðustu öld í Fríkirkjunni í Reykjavík. MYND/SÆUNN EGGERTSDÓTTIR

**Hvað?** Kafbátamúsík 20 ára
**Hvenær?** 20.00-23.00
**Hvar?** Iðnó
Aukatónleikar í tilefni af 20 ára afmæli stórvirkisins Kafbátamúsík eftir Ensími. Kafbátamúsík hefur lifað góðu lífi en verið ófáanleg í geisladiskaformi (CD) í mörg ár. Það er því gleðiefni að nú sé hún fáanleg á vínyl á öllum helstu sölustöðum sem selja vínylplötur.

**Hvað?** Prump í Paradís: Road House
**Hvenær?** 20.00-23.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Hér er um að ræða mánaðarlegar kvikmyndasýningar í umsjá Hugleiks Dagssonar. Hugleikur mun sýna bestu/verstu kvikmyndir sögunnar. Myndir sem eru svo slæmar að þær eru eiginlega frábærar. Myndin er um dyravörðinn Dalton sem er ráðinn á bar til að takast á við óvenju rætinn óþjóðalýð.

**Hvað?** Undrarýmið – útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00-19.00
**Hvar?** Gröndalshús, Fischersundi
Við fögnum útgáfu ljóðabókarinnar Undrarýmið eftir Sigurlín Bjarneyju í Gröndalshúsi. Léttar veitingar, upplestur og tónlist. Allir velkomnir.


## Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir — Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun 17.03 kl. 13:00 U | Sun 07.04 kl. 13:00 U | Sun 05.05 kl. 13:00 U | Sun 26.05 kl. 13:00 Au |
| Sun 17.03 kl. 16:00 U | Sun 07.04 kl. 16:00 U | Sun 05.05 kl. 16:00 U | Sun 02.06 kl. 13:00 Au |
| Sun 24.03 kl. 13:00 U | Sun 14.04 kl. 13:00 U | Sun. 12.05 kl 13:00 U | Lau 8.6 kl. 13:00 Au |
| Sun 24.03 kl. 16:00 U | Sun 14.04 kl. 16:00 U | Sun. 12.05 kl. 16:00 U | |
| Sun 31.03 kl. 13:00 U | Sun 28.04 kl 13:00 U | Sun. 19.05 kl. 13:00 Ö | |
| Sun 31.03 kl. 16:00 U | Sun 28.04 kl. 16:00 U | Sun. 19.05 kl. 16:00 Ö | |

### Einræðisherrann — Stóra sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau.23.03 kl 19:30 U | Fös. 05.04 kl 19:30 U | Lau 04.05 kl. 19:30 |
| Fös. 29.03 kl 19:30 U | Lau 13.04 kl. 19:30 | |

### Jónsmessunæturdraumur — Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös. 15.03 kl 19:30 U | Fös. 22.03 kl. 19:30 U | Lau. 06.04 kl. 19:30 Ö | Fös 03.05 kl. 19:30 |
| Lau. 16.03 kl. 19:30 U | Lau. 30.03 kl 19:30 U | Fös. 12.04 kl 19:30 Ö | |

### Þitt eigið leikrit — Kúlan

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun. 17.03 kl. 15:00 U | Lau 23.03 Kl. 17:00 U | Lau. 30.03 kl 15:00 U | Lau 06.04 kl. 15:00 U |
| Sun. 17.03 kl. 17:00 U | Sun. 24.03 kl 15:00 U | Sun 31.03 kl. 15:00 U | Sun 07.04 kl. 15:00 Ö |
| Lau 23.03 kl 15:00 U | Sun. 24.03 kl 17:00 U | Sun.31.03 kl 17:00 Ö | |

### Súper — Kassinn

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau. 16.03 kl. 19:30 U | Mið 27.03 kl. 19:30 U | Fim.04.04 kl. 19:30 U | Fös. 12.04 kl. 19:30 Ö |
| Mið. 20.03 kl. 19:30 U | Fim. 28.03 kl. 19:30 U | Lau 06.04 kl. 19:30 Au | |
| Fim. 21.03 kl. 19:30 U | Lau. 30.03 kl. 19:30 U | Mið 10.04 kl. 19:30 Au | |
| Fös. 22.03 kl. 19:30 U | Mið. 03.04 kl. 19:30 U | Fim 11.04 kl. 19:30 Ö | |

### Mið-Ísland — Leikhúskjallarinn

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim 14.03 kl. 21:00 Ö | Fös 15.03 Kl. 22:00 U | Fös 22.03 kl. 19:30 | Lau 23.03 kl. 19:30 |
| Fös 15.03 kl. 19:30 U | Fim 21.03 kl. 21:00 | Fös 22.03 Kl. 22:00 Ö | Lau 23.03 Kl. 22:00 |

### Improv — Leikhúskjallarinn

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mið. 13.03 kl. 20:00 | Mið 20.03 kl. 20:00 | Mið 27.03 kl. 20:00 | Mið 03.04 kl. 20:00 |

### Bara góðar — Leikhúskjallarinn

| |
|---|
| Sun.17.03 kl. 20:00 |

### Dimmalimm — Brúðuloftið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 14.03 Kl. 14.00 | Lau 23.03 Kl. 14.00 | Lau 30.03 Kl. 14.00 |

## Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is

### Matthildur — Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim 14.03 Kl 19:00 UF | Lau 23.03 Kl 19:00 U | Sun 07.04 Kl 19:00 U | Fim 25.04 Kl 19:00 Ö |
| Fös 15.03 Kl 19:00 U | Sun 24.03 Kl 19:00 U | Mið 10.04 Kl 19:00 U | Fös 26.04 Kl 19:00 U |
| Lau 16.03 Kl 19:00 U | Mið 27.03 Kl 19:00 U | Fös 12.04 Kl 19:00 U | Sun 28.04 Kl 19:00 U |
| Sun 17.03 Kl 19:00 U | Fim 28.03 Kl 19:00 U | Lau 13.04 Kl 13:00 U | Þri 30.04 Kl 19:00 U |
| Mið 20.03 Kl 19:00 U | Sun 31.03 Kl 19:00 U | Sun 14.04 Kl 19:00 U | Fim 02.05 Kl 19:00 Ö |
| Fim 21.03 Kl 19:00 U | Mið 03.04 Kl 19:00 U | Þri 16.04 Kl 19:00 U | Mið 08.05 Kl 19:00 Ö |
| Fös 22.03 Kl 19:00 U | Fös 05.04 Kl 19:00 U | Mið 24.04 Kl 19:00 U | Fim 09.05 Kl 19:00 Ö |

### Elly — Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 30.03 Kl. 20:00 U | Lau 27.04 Kl. 20:00 Ö | Fös 17.05 Kl. 20:00 Ö | Lau 08.06 Kl. 20:00 |
| Lau 06.04 Kl. 20:00 U | Sun 05.05 Kl. 20:00 Ö | Fös 24.05 Kl. 20:00 | Lau 15.06 Kl. 20:00 ÖL |
| Lau 13.04 Kl. 20:00 Ö | Sun 12.05 Kl. 20:00 | Fös 31.05 Kl. 20:00 | |

### Ríkharður III — Stóra sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 29.03 Kl. 20:00 U | Fim 04.04 Kl. 20:00 Ö | Fim 11.04 Kl. 20:00 | ÖL |

### Fólk, staðir og hlutir — Litla sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim 14.03 Kl. 20:00 U | Fös 15.03 Kl. 20:00 Ö | Lau 16.03 Kl. 20:00 Ö | Sun 17.03 Kl. 20:00 UL |

### Kvenfólk — Nýja sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Fös 15.03 Kl. 20:00 U | Lau 23.03 Kl. 20:00 Ö | Sun 30.03 Kl. 20:00 Ö |

### Kæra Jelena — Litla sviðið

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fös 12.04 Kl. 20:00 U | Þrið 24.04 Kl. 20:00 U | Sun 28.04 Kl. 20:00 U | Sun 05.05 Kl. 20:00 U |
| Sun 14.04 Kl. 20:00 U | Mið 25.04 Kl. 20:00 U | Fim 02.05 Kl. 20:00 U | Mið 08.05 Kl. 20:00 Ö |
| Þri 16.04 Kl. 20:00 U | Fim 26.04 Kl. 20:00 U | Fös 03.05 Kl. 20:00 U | |

### Club Romantica — Nýja sviðið

| | |
|---|---|
| Lau 16.03 Kl. 20:00 Ö | Fös 22.03 Kl. 20:00 Ö |

### Bæng! — Nýja sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Fös 26.04 Kl. 20:00 U | Mið 08.05 Kl. 20:00 U | Fim 23.05 Kl. 20:00 Ö |
| Sun 26.04 Kl. 20:00 U | Fim 09.05 Kl. 20:00 U | Sun 23.05 Kl. 20:00 U |
| Fös 03.05 Kl. 20:00 U | Fim 16.05 Kl. 20:00 U | Fim 30.05 Kl. 20:00 Ö |

### Kvöldvaka með Jóni Gnarr — Litla sviðið

| |
|---|
| Lau 13.04 Kl. 20:00 U |

### Allt sem er frábært — Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 04.05 Kl. 20:00 Ö | Fim 09.05 Kl. 20:00 | Lau 11.05 Kl. 20:00 |



GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Shoplifters//Búðarþjófar (ENG SUB) | 17:40 | Prump í Paradís m/Hugleiki Dagssyni | |
| Brakland (DANISH W/ENG SUB) | 17:50 | Road House (ENGLISH-NO SUB) | 20:00 |
| Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) | 18:00 | GESTIR: Improvhópurinn Svanurinn | |
| Capernaum (ENG SUB) | 19:50 | Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 22:00 |
| Arctic (ICE SUB) | 20:00 | Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) | 22:20 |



## Í sjónvarpinu í kvöld



**Nörd í Reykjavík** kl. 20

Dóri DNA fer á stúfana og kemst að því hvers vegna nördar eiga eftir að erfa heiminn. Í fyrsta þætti af fimm hittir Dóri LARP-ara og LARP-ar með þeim í Öskjuhlíð.




**Eitt stykki hönnun, takk** kl. 20.30

Íslenskir heimildarþættir um hönnun á Íslandi. Kolbrún Vaka Helgadóttir fjallar um líf og starf hönnuða og hátíðina HönnunarMars sem tekur yfir höfuðborgarsvæðið í mars ár hvert.



**Hvar og hvenær sem er**

Þú finnur uppáhaldsþættina þína í spilara RÚV, á RÚV.is eða í glænýju appi fyrir snjalltæki.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00** Útsvar 2012-2013
**14.05** Úr Gullkistu RÚV: 360 gráður
**14.35** Kexvexsmiðjan
**15.00** **Taka tvö** Ásgrímur Sverrisson ræðir við íslenska kvikmyndaleikstjóra og sýnir brot úr myndum þeirra. Stjórn upptöku: Jón Egill Bergþórsson. e.
**15.55** Popppunktur 2010
**17.00** Landinn 2010-2011
**17.30** Hið ljúfa líf
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Strandverðirnir
**18.13** Fótboltastrákurinn Jamie
**18.41** Bestu vinir
**18.45** Bílskúrsbras
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.05** **Ferðastiklur** Lára Ómarsdóttir ferðast um landið, hittir alls konar fólk, skoðar náttúrugersemar og segir sögur af landi og þjóð. Með henni í för er faðir hennar, Ómar Ragnarsson, sem þekkir landið betur en margur annar. Dagskrárgerð: Lára Ómarsdóttir. Stjórn upptöku: Þór Freysson. Framleiðandi: Sagafilm fyrir RÚV.
**20.50** **Lamandi ótti – Caroline** Danskur þáttur þar sem rætt er við ungt fólk sem þjáist af fælni og fjallað um hvaða áhrif fælnin hefur á daglegt líf þeirra.
**21.10** **Gæfusmiður** Önnur þáttaröð þessara bresku þátta um rannsóknarlögreglumanninn og spilafíkilinn Harry Clayton og armbandið hans sem veitir honum yfirnáttúrulega gæfu. Þegar Harry hittir hina dularfullu Isabellu, sem á sams konar armband, kemur hún öllu því sem hann hélt að hann vissi um armbandið í uppnám. Aðalhlutverk: James Nesbitt, Thekla Reuten og Sienna Guillory. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** **Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna í von um að koma í veg fyrir frekari ódæðisverk. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** **Löwander-fjölskyldan** Sænsk þáttaröð um ástir og örlög Löwander-fjölskyldunnar, sem rekur vinsælan veitingastað í Stokkhólmi undir lok seinni heimsstyrjaldar. Leikstjóri: Harald Hamrell. Leikarar: Suzanne Reuter, Mattias Nordkvist, Adam Lundgren, Hedda Stiernstedt, Charlie Gustafsson, Rasmus Troedsson, Anna Bjelkerud og Josefin Neldén. e.
**00.05** Kastljós
**00.20** Menningin
**00.30** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Golfing World 2019
**09.20** The Players Championship
**14.50** Champions Tour Highlights 2019
**15.45** Golfing World 2019
**16.35** Inside the PGA Tour 2019
**17.00** The Players Championship
**23.00** Inside the PGA Tour 2019

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.45** Younger
**14.10** The Voice US
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Kids Are Alright
**20.10** Með Loga
**21.10** A Million Little Things
**21.55** The Resident
**22.40** How to Get Away with Murder
**23.25** The Tonight Show
**00.10** The Late Late Show
**00.55** NCIS
**01.40** NCIS: New Orleans
**02.25** Venjulegt fólk
**03.00** The Truth About the Harry Quebert Affair
**03.45** Ray Donovan
**04.40** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Á tónsviðinu
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins
**21.20** Segðu mér
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Passíusálmar
**22.15** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.05** Stubbur stjóri
**13.40** Lost in Translation
**15.20** Home Again
**17.00** Stubbur stjóri
**18.35** Lost in Translation
**20.20** Home Again
**22.00** The Wizard of Lies
**00.15** James White
**01.45** The Exception
**03.30** The Wizard of Lies

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Friends
**07.45** Gilmore Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Anger Management
**10.00** Wrecked
**10.25** Landhelgisgæslan
**10.50** Ísskápastríð
**11.25** Satt eða logið
**12.10** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Wolves
**14.45** Foodfight!
**16.15** Two and a Half Men
**16.35** Stelpurnar
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** The Big Bang Theory
**19.45** Splitting Up Together
**20.10** NCIS
**20.55** Whiskey Cavalier
**21.40** The Blacklist
**22.25** Magnum P.I
**23.10** Real Time With Bill Maher
**00.10** Shameless
**01.05** Silent Witness
**02.00** Silent Witness
**02.55** Thirteen
**03.50** Rebecka Martinsson
**04.35** Rebecka Martinsson
**05.20** Rebecka Martinsson

## STÖÐ 3

**19.10** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**21.15** The Mindy Project
**21.40** Arrow
**22.25** Game Of Thrones
**23.25** The Simpsons
**23.50** Bob's Burgers
**00.15** American Dad
**00.40** Modern Family
**01.05** Two and a Half Men
**01.30** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**08.00** Barcelona - Lyon
**09.40** Bayern Munchen - Liverpool
**11.20** Roma - Empoli
**13.00** Ítölsku mörkin 2018/2019
**13.30** ÍR - KR
**15.10** Domino's körfuboltakvöld 2018/2019
**16.50** Snæfell - KR
**18.30** Premier League World 2018/2019
**19.00** Tindastóll - Keflavík
**21.10** Búrið
**22.15** UFC Unleashed 2019
**23.05** Grindavík - ÍR

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.05** Snæfell - KR
**09.45** Newcastle - Everton
**11.25** Arsenal - Man. United
**13.05** Premier League Review 18/19
**14.00** Barcelona - Lyon
**15.40** Bayern Munchen - Liverpool
**17.20** Meistaradeildarmörkin
**17.50** Dynamo Kiev - Chelsea
**19.55** Arsenal - Rennes
**22.00** Krasnodar - Valencia
**23.40** Slavia Prag - Sevilla

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


BYGGÐ Á SKÁLDSÖGU
FREDRIK BACKMAN SEM SKRIFAÐI MAÐUR SEM HEITIR OVE
ÞAÐ ER ALDREI
OF SEINT AÐ BYRJA AÐ LIFA
PERNILLA AUGUST
BRITT-MARIE VAR HÉR
MYND EFTIR TUVA NOVOTNY
Frumsýnd á morgun
LAUGARÁS BÍÓ
HÁSKÓLABÍÓ
BORGARBÍÓ



Anna Kristín og Karlotta Laufey í Rokk & Rómantík finna fyrir sívaxandi almennum áhuga á goth-tískunni. „Margir sem koma hingað eru mjög forvitnir, bæði um þessa tísku og bara um búðina sem er náttúrlega öðruvísi en allar aðrar búðirnar hérna,“ segir Karlotta sem er alltaf tilbúin til þess að deila þekkingu sinni á hinu gotneska. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Goth og BDSM eru ekki tískustraumar frá helvíti

Svart, leður, hálsólar, latex og gaddabelti eru í brennidepli í kjölfar vinsælda Hatara. Munúðarfullt og djarft er þetta vissulega, svo mjög að mörgum þykir nóg um. Þegar betur er að gáð er ósköp lítið að óttast og eins og Karlotta Laufey í goth-búðinni Rokk & Rómantík bendir á þá er tíska bara tíska.



Hið gotneska hverfist ekki aðeins um myrkur, drunga og svart leður og gegnsær og vandaður neta- og blúndunærklæðnaður vekur ekki síður erótísk hugrenningatengsl hjá mörgum.



Harka og mýkt, blúndur og leður, fara vel saman í gothinu. Beislið, eða „harnessið“ eins og það er oftast kallað, hefur á síðustu árum orðið að algengum tískufylgihlut en liðsmenn Hatara eru þekktir fyrir að skarta slíku.




Er andi í glasinu? Þetta andaglasborð er frá Killstar sem er vinsælt goth-vörumerki og hryggjarstykkið í vöruúrvalinu í Rokk & Rómantík. Hermt er að borð af þessu tagi henti vel til þess að særa fram anda en það virkar einnig sem saklaus heimilisprýði. Til dæmis sem bakki undir kerti.

Rokk & Rómantík á Laugavegi sérhæfir sig í fatnaði og fylgihlutum sem kennd eru við gotnesku, eða „goth“, og er þannig óhjákvæmilega hálfgerð sérverslun með BDSM-dót.

„Goth hefur náttúrlega alltaf verið tengt við BDSM en þetta þarf ekkert allt endilega að vera kynferðislegt enda snýst þetta um meira. Lífsstíl, og tíska er bara tíska,“ segir Karlotta Laufey í Rokk & Rómantík.

Karlotta hlær þegar hún er spurð um sataníska tengingar og hugmyndir um tískustrauma lóðbeint frá helvíti. „Fólk á það til að vera svolítið hrætt við búðina og þorir varla að koma,“ segir Karlotta en flestir róist þegar á hólminn er komið og finni eitthvað sem höfði til þeirra.

thorarinn@frettabladid.is



Hatari hefur magnað eftirspurnina eftir hálsólum eða „chokers“ hressilega en þetta hefur verið vinsæll fylgihlutur síðan á níunda áratugnum og tengist sumpart pönkmenningu en einnig BDSM-leikjum þar sem ólin táknar vald drottnarans yfir hinum undirgefna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 30 ÁRA AFMÆLI

## FISKIKÓNGSINS



# EITT VERÐ

**ALLUR FISKUR
ÚR FISKBORÐI OG
ALLIR FISKRÉTTIR**

# 1.590 kr.kg

**TILBOÐIÐ GILDIR
ALLA VIKUNA**

**OPIÐ LAUGARDAG 10 -15**

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 Höfðabakka 1 Sími 555 2800

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR
VIÐTÖKUR Á
HALLVEIGARSTÍG

SUPER 1
MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

OPNUM
16.MARS
Í FAXAFENI 14

SUPER 1
MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

HRAÐAST
VAXANDI
MATVÖRU
VERSLUNARKEÐJA
Á ÍSLANDI

OPIÐ ALLA DAGA TIL 22:00





Þeir skiptast oft á skotum þannig að ætla mætti að litlir kærleikar væru með þeim en deilurnar rista ekki mjög djúpt.

# Tröllið Brynjar og grenjuskjóðan Björn

Þingmaðurinn **Björn Leví Gunnarsson** sýnir stundum góð tilþrif í Facebook-hópnum Bylt fylki þar sem hann hefur meðal annars sýnt væringar sínar og **Brynjars Níelssonar** í spéspegli.

Facebook-hópurinn Bylt fylki telur rúmlega 3.500 manns sem sameina tvö áhugamál sín, kvikmyndir og íslenska tungu, með tillögum að þýðingum á kvikmyndatitlum. Slagorð hópsins segir allt sem segja þarf: „Þýðum allt sem kjafti kemur.“

Þingmaðurinn Björn Leví Gunnarsson sýnir þar oft tilþrif og hefur meðal annars tengt bíógrínið væringum sínum og Brynjars Níelssonar. Væringar þeirra hafa ítrekað ratað í fréttir þegar skotin ganga á milli úr ræðustól Alþingis og ekki síður á Facebook þar sem Brynjar hefur meðal annars amast við spurningagleði Björns og látið skóleysi hans fara í taugarnar á sér.

Björn Leví hefur meðal annars nýtt sér þetta pólitíska orðaskak í bíógríni í Bylta fylkinu með tillögum að nýjum íslenskum titlum á kvikmyndirnar Grinch og Cry Baby. Grinch, eða Trölla sem stal jólunum, þekkja allir og Björn hitti í mark í hópnum þegar hann gaf bíómyndinni um þann fúla gaur einfaldlega nafnið „Brynjar“. Hann baktryggði sig síðan strax í kjölfarið með því að leggja til titilinn „Björn Leví“ á John Waters-myndina Cry Baby, Grenjuskjóðuna, með Johnny Depp.

Björn Leví segir í samtali við Fréttablaðið að tvennum sögum fari af því hversu sniðugur hann þyki en hann þykir nánast óumdeilt hafa hitt í mark með Trölla og Grenjuskjóðunni.

„Ég hef reynt að taka þann pól í hæðina að finna einhvern titil sem lýsir myndunum frekar en að þýða beint,“ segir Björn Leví og nefnir nýlegt dæmi þar sem hann gaf myndinni As Good As It Gets með Jack Nicholson titilinn Hatari en hún fjallar um graman karlfausk sem hatast við allt og alla, sannkallaðan hatara.

Hvað þá Brynjar varðar segir hann nokkuð gott á milli þeirra Trölla Níelssonar. „Brynjar er fínasti gaur sem hefur sínar ákveðnu skoðanir og ég efaðist nú um að hann yrði óhress með þennan titil enda er hann í Félagi fúllyndra Sjálfstæðismanna,“ segir Björn Leví.

„En hann er prinsippmaður og talar alveg fyrir óvinsælum skoðunum sem hann er bæði sammála en stundum helst til þess að verja vondan málstað sem er alveg virðingarvert enda alveg umræða sem má taka,“ segir grenjuskjóðan Björn Leví og minnir á að í lokin varð Trölli góður þannig að enn er von.

thorarinn@frettabladid.is




Bíónördinn Björn Leví hefur grínast með væringar sínar og Brynjars Níelssonar með bíógríni í hinu Bylta fylki þar sem hann speglar Brynjar sem Trölla en sjálfan sig sem tárvotan Johnny Depp.

Beinar þýðingar eru oftast dæmdar til þess að mistakast og Björn Leví fellur ekki í slíkar gildrur eins og þessi brandari hans sýnir og sannar.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



sunred heat systems

**Tilboðsverð**

## Geislahitari

Hangandi, 1500W. Ryðfrítt stál, halogen hitun, 42,5cm.

**17.846**

50615010

Almennt verð: 25.495

**30% afsláttur** af öllum geislahiturum



**Tilboðsverð**

## Geislahitari

Á fæti, nokkrar hitastillingar. Ál/stál/plast, Quartz hitun, 120-210cm.

**10.776**

50615030

Almennt verð: 15.395

NAPOLEON

Napoleon hefur framleitt gasgrill í 40 ár í Ontario, Kanada. Í gegnum árin hafa grillin þeirra hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna auk þess sem fyrirtækið hefur verið leiðandi í því að bæta grilluplifunina! Margar af helstu tækninýjungum í bransanum hafa komið frá Napoleon!

* SIZZLE ZONE™ INNRAUÐUR BRENNARI sem nær gríðarlegum hita, allt að 980° á 30 sek. Þessi tækni eykur möguleika við grillun og gerir steikina safaríkari. Hægt er að stilla hitastig á innrauða brennaranum og því bæði hægt að snöggsteikja eða hægelda.



TRAVELQ PRO

kílóvött 4,1 brennarar 2

## Ferðagasgrill

NAPOLEON - TRAVELQ Pro 285X, heildargrillflötur er 54x37cm, grillgrindur úr pottjárni.

**76.995**

506600020



ROGUE

kílóvött 8,2 brennarar 2

## Gasgrill

NAPOLEON - ROGUE R365, grillgrind 51x46cm úr pottjárni.

**95.995**

506600035



ROGUE

kílóvött 10,8 brennarar 2+ INFRARED SIZZLE ZONE *

## Gasgrill

NAPOLEON - ROGUE R365, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 51x45 cm, grillgrindur úr ryðfríu stáli.

**104.995**

506600037



ROGUE

kílóvött 10,6 brennarar 3

## Gasgrill

NAPOLEON - ROGUE R425, grillgrind 60x45cm úr pottjárni.

**116.995**

506600036

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.



# HJÓLIN ERU KOMIN!

**Vertu klár fyrir sumarið**



KENT A century of cycling

Fjölskyldufyrirtækið Kent hefur framleitt reiðhjól í New Jersey í Bandaríkjunum frá 1958. Reyndar rak afi núverandi forstjóra hjólabúð frá 1909 og er því mikil hjólaþekking í þessu gamalgróna fyrirtæki. Öryggi hjólreiðamanna hefur verið þeirra helsta takmark í gegnum árin.

# MARKAÐS-DAGAR

*Komdu og gramsaðu!*

Mikið úrval af vörum frá 50 kr.
**Fjöldi annarra tilboða á Markaðsdögum.**
Við bætum við nýjum vörum daglega.

**AUKA 30% afsláttur***

*reiknast á kassa

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þorbjargar Gunnlaugsdóttur




## Borðandi að feigðarósi

Getur verið að stærsta ógn íslensku æskunnar sé ferskt kjöt?“ hugsaði ég þegar ég hlustaði á fréttir við eldamennskuna. Þurfum við ekki, sem þjóð, með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að æskan bragði á kjöti erlendis frá? Svo hún falli ekki til svefns næstu hundrað árin og vakni með persónuleikasturlun meginlandsbúans. Ég fylltist ótta við fréttaflutninginn og gaut augunum varlega til barnanna sem sátu við heimalærdóm grunlaus um ógnina. Blessunarlega var ég með íslenskt kjöt á pönnunni. Ég fór að nótera punkta um frystiskyldu á fersku kjöti. Fyrir börnin. Það er talað um 30 daga en ég myndi aldrei leika mér að eldinum. Ársfrysting að lágmarki á þessum bænum.

Á Kanaríeyjum gerðu Íslendingar líka hlé á sólbaðinu til að senda stjórnvöldum áskorun um að fresta áformum um innflutning. Tafarlaust. Herkallið frá hinum íslensku (og sennilega fastandi) hermönnum á Kanaríeyjum er skýr áminning um að neyta kjötvöru aðeins innan landamæra viðkomandi ríkis. Aldrei yfir.

En þar sem ég heyrði fréttir af fyrirhuguðum veiðum á hvölum sem verða flensaðir undir berum himni staldraði ég við. Nei, auðvitað þarf engan innflutning á fersku kjöti þegar við horfum fram á tonnin öll af fersku hvalkjöti á borðum landsmanna. Það verður nóg til fyrir alla.

En er stríðið gegn ferska kjötinu samt alveg bráðnauðsynlegt? Eru hermennirnir á Kanarí kannski eins og eldra fólkið sem kaus Brexit fyrir unga fólkið? Situr svo í sólinni með útlenska hráskinku en vill annað fyrir æskuna. Þess eru nefnilega dæmi að menn hafi borðað kjöt án þess að það hafi verið fryst í 30 daga og komist heilir til baka.











Sóma Veislubakkar

★ FERSKAR HUGMYNDIR ★

— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

**GAMLI GÓÐI**



20 bitar fyrir 5 manns

Hangikjöt, eggjasalat.

Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.

Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**



20 bitar fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauksósa, salatmix.

Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.

Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**



20 bitar fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.

Kjúklingur, egg, lauksósa.

Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**



24 bitar fyrir 5 manns

Tikka masala kjúklingur og íssalat.

Reykt skinka.

Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**



20 bitar fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.

Fetaostur, rauðlaukur, spínat.

Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**



30 bitar fyrir 5 manns

Reykt skinka, egg, íssalat.

Tikka masala kjúklingur, íssalat.

Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**VEGANBAKKI**



22 bitar fyrir 5 manns

Kornbrauð, vegan ostur, gúrkur, rauð paprika, salatblanda.

Gróf tortilla, hummus, mangósósa, gúrka, spínat, granatepli.

**ÁVAXTABAKKI**



40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns

Mangó, ananas, melónur, vínber og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**



50 bitar fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.

Kókostoppar með súkkulaði.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is**

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

